

**SKOÐUN** Kennari sem veikist í tímabundinni ráðningu fyrirgerir veikindaréttinum, skrifar Guðlaug Sjöfn. 28



**MENNING** Ný heimasíða Páls Óskars inniheldur meðal annars áður óútgefið efni. 54



**SPORT** Þjálfari kvennalandsliðsins er ekki ánægður með líkamlegt ástand lykilleikmanna. 48


Græddu á gulli
Kringlunni 3. hæð.
Opið frá kl. 11:00 til 18:00
www.kaupumgull.is - Uppl.: Sverrir s. 661-7000



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
14. mars 2013
62. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



**Kona leiðir í fyrsta sinn**
Aleqa Hammond, leiðtogi Sósíaldemókrataflokksins á Grænlandi, er ótvíræður sigurvegari kosninga til grænlensku landstjórnarinnar. Hammond verður nýr formaður landstjórnarinnar, fyrst kvenna. 8

**Kemur neytendum illa** Eindagar lána Íbúðalánasjóðs færðir nær gjalddaga. Vont fyrir neytendur, segir formaður Neytendasamtakanna. 6

**Eitt sinn líf** Tímamótauppgötvun NASA leiðir í ljós að eitt sinn gæti hafa verið lífvænlegt á Mars. 10

**Almenningur á verði** Fjöldi ábendinga um verðhækkanir berst frá neytendum inn á nýjan vef ASÍ. 16



24

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | | NA | 12 |
| Akureyri | -2° | | NA | 5 |
| Egilsstaðir | -2° | | A | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | | A | 5 |
| Reykjavík | 2° | | NA | 3 |

**KÓLNAR** Í dag verða norðaustan 10-15 m/s NV-til, en annars hægari. Víða él einkum V-til. Kólnandi veður. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Geðhjálp | Fólk




# Grunnskóladrengir á ólöglegum sterum

Einkaþjálfari segir dæmi um að drengir í elstu bekkjum grunnskóla tali fjálglega um steranotkun sína. Yfirtollvörður segir þróunina í sterasmygli ógnvænlega.

**HEILBRIGÐISMÁL** Dæmi eru um að drengir í elstu bekkjum grunnskóla byggi upp vöðvamassa með hjálp stera. Ásmundur Kristinn Símonarson, einkaþjálfari í World Class, segist hafa þjálfað hóp drengja úr tíunda bekk sem hafi talað opinskátt um steraneyslu sína.

Ásmundur segir fjölda þeirra sem neyti ólöglegra steralyfja hafa rokið upp. „Við höfum miklar áhyggjur af því að unglingar byrji snemma að reykja og drekka og höfum verið með öfluga forvarnafræðslu gegn því en síðan er horft framhjá öllu svona.“

Hann kallar eftir aukinni umræðu um skaðsemi steraneyslu og segir mikilvægt að herða eftirlit með sölu þeirra. „Lyfjanotkun fer stöðugt vaxandi og spurningin er hvort við ætlum bara að samþykkja það eða fara að grípa í taumana.“

Tollgæslan hefur frá áramótum lagt hald á tvöfalt meira magn stera en allt árið í fyrra. Kári Gunnlaugsson, yfirtollvörður í Leifsstöð, segir ógnvænlegt hve ört innflutningurinn aukist.

Valgerður Rúnarsdóttir, læknir á Vogi, segist ekki efast um að til séu grunnskóladrengir sem noti stera. Inn á Vog hafi komið ungmenni niður í sautján ára aldur sem hafi misnotað slík lyf.

„Ef ungir menn sem halda að þeir geti allt fá þá hugmynd að sterar geri ekki annað en að hjálpa þeim að vera fallegir, og að þeir séu hættulausir af því að þeir fái svo góðar leiðbeiningar frá sölumönnunum, þá auðvitað prófa þetta margir.“

> **Lyfjanotkun fer stöðugt vaxandi og spurningin er hvort við ætlum bara að samþykkja það eða fara að grípa í taumana.**
>
> *Ásgrímur Kristinn Símonarson einkaþjálfari í World Class*

- hó / sjá síðu 4

Íslenska ullin heillar:

## Með í haustlínu Eley Kishimoto

**MENNING** Hönnunartvíeykið Eley Kishimoto hefur endurhannað Selsham hönnunarfyrirtækisins Víkur Prjónsdóttur og verður hann hluti af haustlínu hins fræga tískuhúss.



GUÐFINNA MJÖLL MAGNÚSDÓTTIR

„Þau hjá Hönnunarsafninu í London höfðu samband við okkur fyrir um ári og vildu gera eitthvað með okkur. Þau þekktu Eley Kishimoto og þá kom upp sú hugmynd að fá þau til að endurhanna Selshaminn okkar, líkt og Henrik Vibskov hafði gert árið 2008,“ segir Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir, sem rekur Vík Prjónsdóttur ásamt Brynhildi Pálsdóttur og Þuríði Rós Sigurþórsdóttur, um samstarfið. Hamurinn verður frumsýndur í Þjóðleikhúsinu í dag. - sm / sjá síðu 54



**FRANS PÁFI I** Argentínumaðurinn Jorge Mario Bergoglio var kjörinn nýr páfi í gær. Þúsundir manna voru á Péturstorginu. Eftir bið daglangt varð mannfjöldinn vitni að því þegar hvítur reykur liðaðist úr reykháfi Sixtínsku kapellunnar síðdegis og þegar nýr páfi steig fram í fyrsta skipti. NORDICPHOTOS/AFP

Páfi tók sér nafnið Frans I:

## Fyrsti frá landi utan Evrópu

**VATIKANIÐ** „Þetta var ólýsanleg stund,“ segir Hjálmar Blöndal, lögfræðingur og nemi í Róm, sem var staddur á Péturstorginu í gær þegar Jose Mario Bergoglio, 76 ára kardínáli frá Argentínu og nýr páfi, steig fram í fyrsta skipti.

Gríðarlegur fjöldi fólks var samankominn á torginu og götum þar í kring, að sögn Hjálmars og eftirvæntingin gríðarleg. Hann segir að valið hafi komið fólki á óvart. „En áhrifaríkast var þegar fjöldinn sameinaðist í hljóðri bæn fyrir fráfarandi páfa. Það heyrðist bókstaflega ekkert, þrátt fyrir mannfjöldann, og þetta er augnablik sem ég mun aldrei gleyma,“ segir Hjálmar. Bergoglio tók sér nafnið Frans I og er fyrsti páfinn sem á rætur að rekja til lands utan Evrópu. Bergoglio hefur þjónað sem erkibiskup í Buenos Aires frá því árið 1998 og sem kardínáli frá árinu 2001. - shá






Ögurvík greiddi 22 milljónir umfram hagnað í veiðigjald fyrir árið 2010:

## Hætta útgerð ef ekkert breytist

**SJÁVARÚTVEGUR** Hjörtur Gíslason, stjórnarformaður Ögurvíkur, segir einsýnt að verði ekki gerðar breytingar á álagningu veiðigjalda muni fyrirtæki hans ekki hafa rekstrargrundvöll til framtíðar. Álagning veiðigjalda fyrir árið 2010 tók allan hagnað fyrirtækisins það ár og 22 milljónum betur.

„Skatturinn mun knésetja okkur. Ef þetta módel verður keyrt svona áfram er ljóst að mörg félög heltast úr lestinni,“ segir Hjörtur í viðtali við Fréttablaðið í dag.

Georg Gísli Andersen, framkvæmdastjóri Valafells í Ólafsvík, vék að þessu atriði á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins á dögunum. Hann tíundaði fleiri dæmi um það sem Hjörtur lýsir og benti enn fremur á að þegar lögin um veiðigjöld yrðu komin að fullu til framkvæmda myndi gjaldið hækka verulega, jafnvel um helming. Til marks um óvissuna sem væri til staðar gæti enginn reiknað hækkunina út enn sem komið væri, sagði Georg Gísli. Hann segir afleiðingar svo mikillar gjaldtöku og óvissu leiða til uppsagna og minni fjárfestinga.



HJÖRTUR GÍSLASON

- shá / sjá síðu 12


HOLLAND & BARRETT
Heilsubúð í Smáralind
MIKIÐ ÚRVAL • FRÁBÆR GÆÐI • BETRI VERÐ
KONUKVÖLD 15% afsláttur af Dr.Organic húðvörum
Sími 534-1414 • www.hollandandbarrett.is • Holland and Barrett Ísland





## SPURNING DAGSINS



Pétur, heldurðu að það sé hægt að laga fljótið?

**„Við yrðum þá að vera fljót.“**
Lífríkið í Lagarfljóti er á vonarvöl vegna áhrifa af Kárahnjúkavirkjun. Pétur Elísson er formaður landeigenda við Lagarfljót.

Gamli Valsvöllurinn ætlaður undir fótboltahöll en gæti rúmað fleiri byggingar:

# Vilja heimild fyrir 192 námsmannaíbúðir

**SKIPULAGSMÁL** Valsmenn hf. skoða nú hvort byggja megi 192 námsmannaíbúðir á gamla keppnisvelli Vals og nágrenni á Hlíðarenda.

Forvarsmenn Valsmanna hf. segjast í bréfi til skipulagsráðs hafa verið í nánu sambandi við forráðamenn Háskólans í Reykjavík um uppbyggingu námsmannaíbúða í nágrenni skólans.

„Rektor og hans fólk sýndu því mikinn áhuga og fram kom til dæmis brýn þörf þeirra fyrir íbúðir í námunda við háskólasvæðið, ekki síst fyrir þá fjölmörgu skiptinema sem sækja HR,“ segir í bréfi sem undirritað er af Brynjari Harðarsyni, framkvæmdastjóra Valsmanna hf., og Herði Gunnarssyni, formanni Knattspyrnufélagsins Vals.

Valsmenn hf. eiga margar lóðir á svæðinu en það er hins vegar knattspyrnufélagið sem á umrædda lóð. Þó að háskólamenn séu áhugasamir segir Hörður lóðina fyrst og fremst ætlaða undir yfirbyggðan grasvöll en menn hafi reyndar íbúðir í huga einnig.

Knattspyrnudeildin á því byggingarréttinn og honum fylgja miklir hagsmunir. „En fyrst og fremst göngum við erinda íþróttahagsmuna á svæðinu, það er knatthúsið og þörf þess sem ræður öllu öðru. „Nú erum við bara að finna út úr því hversu stórt þetta hús á að vera og þar með hversu mikill afgangur verður fyrir aðra starfsemi á lóðinni,“ segir Hörður Gunnarsson, formaður Vals. - gar



**HLÍÐARENDI** Valsmenn vilja yfirbyggðan gervigrasvöll og námsmannaíbúðir á gamla keppnisvellinum.



**ÞARF AÐ BORGA** Guðni Gorozpe hylur hér andlit sitt við aðalmeðferð málsins í héraðsdómi.

Börðu grískan ferðamann:

## Gert að greiða dánarbúi bætur fyrir líkamsárás

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur gert þremur mönnum að greiða dánarbúi grísks ferðamanns 400 þúsund krónur í miskabætur fyrir áverka sem hann hlaut af líkamsárás í maí 2010.

Mennirnir þrír réðust á hann í Bankastræti og gengu hrottalega í skrokk á honum. Einn þeirra hlaut í febrúar í fyrra hálfs árs fangelsisdóm fyrir árásina, annar eins árs dóm og sá þriðji, Guðni Guillermo Gorozpe, rauf reynslulausn og hlaut þriggja ára dóm.

Gríski ferðamaðurinn svipti sig lífi áður en málið var tekið til dóms. Farið var fram á rúmlega 1,2 milljónir í bætur en dómurinn telur hins vegar ósannað að árásin hafi valdið honum óvenjulega mikilli andlegri áþján. - sh

## SKIPULAGSMÁL

### Speglaveggur óafgreiddur

Byggingarfulltrúi frestaði í vikunni fullnaðarafgreiðslu byggingarleyfis vegna byggingar glerveggs á húsi Menntaskólans í Reykjavík við Þingholtsstræti. Nágrönnum þótti brotið á friðhelgi einkalífs síns vegna speglunar í veggnum sem þegar hefur verið byggður. Afgreiðslunni var frestað vegna athugasemda eldvarnareftirlits.

Ríkisstjórnin með 26,5%:

## Framsókn enn að auka fylgið

**SKOÐANAKÖNNUN Framsóknarflokkurinn bætir enn við sig fylgi, samkvæmt nýjustu skoðanakönnun MMR á fylgi stjórnmálaflokkanna. Framsókn mælist nú með 25,9% en stóð í 23,8% í síðustu mælingu. Sjálfstæðisflokkurinn tapar enn fylgi og mælist með 27,2% nú en 28,5% í síðustu könnun.**

**Samfylkingin mælist með 12,4% fylgi, Vinstri græn með 9,6% og Björt framtíð með 15,2% fylgi. Önnur framboð mælast öll vel innan við fimm prósent. Ríkisstjórn nýtur því stuðnings 26,5% kjósenda, samkvæmt könnuninni.**

**Samtals gáfu 79,9% aðspurðra upp afstöðu sína, óákveðnir voru 7,7%, sama hlutfall sagðist skila auðu en 3,1% vildi ekki gefa upp afstöðu sína.** - shá

Telur hafa verið að sér vegið:

## Gunnar krefst miskabóta

**FJÖLMIÐLAR** Gunnar Þorsteinsson, sem áður var kenndur við Krossinn, hefur krafist miskabóta frá vefmiðlinum Pressunni og talskonum kvenna sem sökuðu hann um kynferðisofbeldi árið 2010. Þetta kom fram á Vísi í gær.



**GUNNAR ÞORSTEINSSON**

Hann krefst þess jafnframt að hann verði beðinn afsökunar vegna ummæla sem talskonurnar létu falla um hann í viðtali við Pressuna.

Gunnar lét af starfi forstöðumanns Krossins fljótlega eftir að málið komst í hámæli. Lögregla rannsakaði ásakanirnar en lét málið síðan niður falla. - sh

# Vilja að réttarhöldum í Tyrklandi verði flýtt

Vonast er til að Davíð Örn Bjarnason verði látinn laus úr tyrknesku fangelsi gegn tryggingu á næstunni. Íslenskur sendiráðsstarfsmaður er kominn til Tyrklands til að vinna í máli hans. Hann fær líklega að heimsækja Davíð í fangelsið í dag.

**UTANRÍKISMÁL** Íslenskur starfsmaður sendiráðs Íslands í Danmörku er nú kominn til Antalya í Tyrklandi þar sem Davíð Örn Bjarnason, 28 ára Íslendingur, hefur setið í gæsluvarðhaldi frá því á föstudag grunaður um tilraun til smygls á fornmunum.

Aðstoðarmaður ræðismanns Íslands í Ankara í Tyrklandi fékk að hitta Davíð í fangelsinu. Þá hefur lögmaður á hans vegum reynt að þrýsta á um að réttarhöldum í máli hans verði flýtt. Vonir standa til þess að Davíð verði látinn laus gegn tryggingu eftir að málið verður dómtekið.

Dómurinn ákvað á föstudag að halda Davíð í varðhaldi þar sem miklar líkur voru taldar á því að hann hafi af yfirlögðu ráði ætlað að smygla steini sem fannst í farangri hans úr landi.

Davíð var á leið frá Tyrklandi á föstudag ásamt Þóru Björgu Birgisdóttur sambýliskonu sinni þegar tollverðir fundu steininn, sem nú hefur verið staðfest að er fornmunur sem ólöglegt er að flytja úr landi. Davíð og Þóra segja að steinninn hafi verið keyptur í góðri trú sem minjagripur á ferðamannamarkaði.

Í þýddri lögregluskýrslu sem Fréttablaðið hefur fengið í hendur kemur fram að Davíð neiti því ekki að hafa verið með steininn í farangri sínum, en honum hafi ekki komið til hugar að ólöglegt væri að flytja hann úr landi.

„Ef ég hefði vitað að þetta væri ólöglegt hefði ég aldrei keypt steininn,“ er haft eftir Davíð í skýrslunni. Þar kemur fram að hann hafi greitt 30 evrur fyrir steininn, sem er um 20 sentímetra hár marmarasteinn með einhvers konar útskurði.

Samkvæmt skýrslunni er Davíð ekki grunaður um aðra glæpi en tilraun til að smygla fornminjum. Við því liggur ýmist 8 til 24 milljón króna sekt eða þriggja til tíu ára fangelsisvist samkvæmt tyrkneskum lögum.

Sendiráðunautur við sendiráð Íslands í Danmörku flaug til Tyrklands í gærmorgun til að hitta Davíð. Pétur Ásgeirsson, sviðsstjóri hjá utanríkisráðuneytinu, segir að starfsmaðurinn muni að öllum líkindum heimsækja Davíð í fangelsið í dag. Til stóð að hann hitti lögmann sem unnið hefur fyrir Davíð í Antalya í gærkvöldi. Þá mun hann einnig eiga fund með fulltrúa saksóknara sem fer með málið til að fá upplýsingar um stöðu þess. brjann@frettabladid.is



**Á GÓÐRI STUNDU** Ferðalagið í Tyrklandi hafði afdrifaríkar afleiðingar fyrir Davíð Örn og fjölskyldu hans. Hér er hann við rómverskar rústir í Tyrklandi ásamt Þóru Björgu Birgisdóttur, sambýliskonu sinni.

### Fær ekki að hringja í kærustuna

Davíð Örn Bjarnason deilir klefa með tveimur þýskum föngum sem hafa hjálpað honum og gefið honum föt. Þetta kemur fram í svari Selim Sariibrahimoglu, ræðismanns Íslands í Ankara, við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Þar segir jafnframt að Davíð sé almennt heilsuhraustur en kvarti undan magaverkjum vegna matarins í fangelsinu. Hann óski þess heitt að fá að hringja í kærustu sína og þrjú börn, en til þess þurfi að útvega skjöl sem sanni að þau séu fjölskylda.

> **Ef ég hefði vitað að þetta væri ólöglegt hefði ég aldrei keypt steininn.**
> *Davíð Örn Bjarnason við skýrslutöku hjá lögreglu*

Vorboðinn kemur venjulega seinna í mars, en aðrir farfuglar hafa einnig sést:

# Heiðlóan komin með fyrra fallinu

**NÁTTÚRA** „Þetta er alltaf gleðiefni. Við skulum bara vona að vorið sé að koma,“ segir Guðmundur A. Guðmundsson hjá Náttúrufræðistofnun Íslands um þær fréttir að fyrsta lóa ársins hafi sést við Útskála í Garði í fyrrakvöld.

„Þetta er með fyrra fallinu, það er nú oft um miðjan mars sem þær láta sjá sig,“ segir Guðmundur. Hann segir þó ekkert óhugsandi að lóan sem sást í Garði hafi haft hér vetursetu. Alltaf sé eitthvað um að lóur sjáist hér á landi yfir háveturinn þótt það rati ekki endilega í fréttir.

Samkvæmt Félagi áhugamanna um fugla á Hornafirði voru fyrstu farfuglar ársins tveir sílamávar, sem sáust á Bakkatjörn á Seltjarnarnesi þann 22. febrúar. Degi síðar bárust félaginu tilkynningar um annan sílamáf í Sandgerði og um skúm á Breiðamerkursandi.

Í lok febrúar höfðu svo borist fregnir af fleiri álftum en höfðu verið í vetur auk þess sem duggendur, grágæsir og maríuerlur höfðu sést. - þeb



**FYRSTA LÓAN** Sást við Útskála í Garði í fyrrakvöld.

### Lóukomur undanfarin ár

| | |
|---|---|
| 2012 | 20. mars |
| 2011 | 24. febrúar |
| 2010 | 25. mars |
| 2009 | 9. mars |
| 2008 | 26. mars |
| 2007 | 27. mars |
| 2006 | 24. mars |
| 2005 | 20. mars |





Nýtt kortatímabil
KRINGLUKAST
FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
NÝJAR VÖRUR
20-50%
AFSLÁTTUR
Kringlan
AF ÖLLU HJARTA
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

## GENGIÐ
13.03.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,25 | 126,85 |
| Sterlingspund | 189,02 | 189,94 |
| Evra | 164,27 | 165,19 |
| Dönsk króna | 22,026 | 22,154 |
| Norsk króna | 22,054 | 22,184 |
| Sænsk króna | 19,809 | 19,925 |
| Japanskt jen | 1,3172 | 1,325 |
| SDR | 189,65 | 190,79 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
224,5365

Siv Friðleifsdóttir heimilaði Kárahnjúkavirkjun sem umhverfisráðherra:

# Framkvæmdin var mjög jákvæð

**UMHVERFISMÁL** „Ég tel að þetta hafi verið rétt niðurstaða,“ segir Siv Friðleifsdóttir um þá ákvörðun sína sem umhverfisráðherra árið 2001 að ógilda synjun Skipulagsstofnunar sem lagðist gegn Kárahnjúkavirkjun.

„Í heildina má segja að framkvæmdin hafi verið mjög jákvæð, að mínu mati. Það urðu auðvitað einhver neikvæð umhverfisáhrif, eins og er af öllum framkvæmdum. Svo er hægt að deila um hvað þau eru mikil. Svo hafa orðið gríðarlega jákvæð félagsleg áhrif á Austurlandi,“ segir Siv. Um 750 verðmæt störf hafi orðið til í álveri á Reyðarfirði og í kringum þá starfsemi.



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**

„Þessi framkvæmd var rétt metið á sínum tíma. Ég tel að ef hún hefði komið inn á borð í dag hefði niðurstaðan orðið sú sama,“ segir Siv.

Hún rifjar upp að ákveðið hafi verið að ógilda synjun Skipulagsstofnunar en setja 20 skilyrði til að minnka umhverfisáhrif á ýmsum sviðum. Eitt af þeim skilyrðum hafi lotið að mótvægisaðgerðum við Lagarfljótsvirkjun vegna aukins rennslis og aurs í Lagarfljót.

„Það vissu allir að það yrðu neikvæð áhrif á rennslið, að það myndi aukast, en við töldum þau ekki það mikil að þau kollvörpuðu okkar niðurstöðu,“ segir Siv. - bj

Hjónabönd samkynhneigðra:

# Þingið á Nýja-Sjálandi leyfir

**NÝJA-SJÁLAND, AP** Þjóðþingið á Nýja-Sjálandi samþykkti í gær með yfirgnæfandi meirihluta að samkynhneigðir fái að ganga í hjónabönd.

Þriðja umræða er að vísu eftir en hún er nánast formsatriði því oftast er það önnur umræðan sem skiptir mestu máli um afstöðu þingmanna þar í landi. Mörg kirkjufélög á Nýja-Sjálandi eru andvíg þessu frumvarpi en skoðanakannanir sýna að um tveir þriðju almennings styðja það. - gb



**KVENNALISTAKONUR VERSLA** Kvennalistinn kom sex konum á þing árið 1987 en hann bauð fram í öllum kosningum fram til ársins 1995. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eina kvennaframboðið:

# Kvennalistinn 30 ára í gær

**STJÓRNMÁL** Þrjátíu ár voru liðin í gær, 13. mars, frá stofnun Samtaka um kvennalista. Þann dag árið 1983 bauð listinn fyrst fram í þremur kjördæmum við Alþingiskosningar og komust þrjár konur á þing. Þetta er fyrsti og eini stjórnmálaflokkurinn hér á landi sem hefur alfarið verið skipaður konum.

Kvennalistinn hlaut 5,5 prósent atkvæða árið 1983, rúm 10 prósent árið 1987 og tæp fimm prósent síðasta árið sem hann bauð fram, árið 1995.

Yfirlýst stefna flokksins var meðal annars kvenfrelsi, jafnrétti, að berjast gegn ofbeldi, verja réttindi samkynhneigðra og fleira. - sv

## ÁRÉTTING

Fyrir mistök birtist mynd sem tekin var í verslun Pylsumeistarans með frétt um hættuna sem stafar af of mikilli neyslu unninna kjötvara. Eigandi verslunarinnar segir engin viðbætt efni önnur en krydd í pylsum verslunarinnar.

# Vaxandi steraneysla fólks sem fer á Vog

Læknir á Vogi segir steranotkun oft vera samhliða annarri fíkniefnaneyslu. Sífellt fleiri sjúklingar á Vogi noti stera. Neyslan sé tengd útlitsdýrkun. Yfirtollvörður segir sterainnflutning vaxandi. Hann óttist að það endurspegli aukna steraneyslu.

**HEILBRIGÐISMÁL** Tollgæslan lagði á fyrstu tveimur mánuðum ársins hald á rúmlega tvöfalt meira magn stera en allt síðasta ár. Kári Gunnlaugsson, yfirtollvörður í Leifsstöð, segist óttast að aukningin endurspegli meiri notkun efnanna í samfélaginu.

„Við teljum að þetta sé vaxandi vandamál og við sjáum ýmsar vísbendingar sem benda til þess. Okkur hefur fundist vera stígandi í þessu frá seinni hluta síðasta árs,“ segir Kári.

Sterarnir berast að sögn Kára til landsins eftir hefðbundnum smyglleiðum. Efnin séu ýmist send með pósti eða vörusendingum. Einnig sé þekkt að þau séu falin í ferðatöskum eða fólk hafi þau innan klæða.

„Það getur verið að efnin séu flutt í vörugámum og skipum líka en við höfum þá ekki verið að ná þeim. Okkur grunar að það sé ekki verið að fara neinar óhefðbundnar leiðir. Þetta kemur bara eins og annað smygl til landsins,“ segir Kári.

Til þess að bregðast við þessari aukningu segir Kári tollayfirvöld sífellt leita leiða til að stemma stigu við innflutningi efna. „Við erum stöðugt að skoða okkar vinnubrögð og við leggjum mikla áherslu núna á að ná þessari tegund efna,“ segir hann.

Valgerður Rúnarsdóttir, læknir á Vogi, segir sífellt fleiri á Vogi hafa misnotað stera. Steranotkun sé yfirleitt tengd neyslu örvandi fíkniefna. „Þessir ungu menn sem nota örvandi efni eru líka á sterum og því koma þeir ekki hingað eingöngu út af þeim. Fólk þarf ekki að leggjast inn á sjúkrahús og fara í afeitrun út af sterunum,“ segir hún.





**STERAR** Tollgæslan lagði á fyrstu tveimur mánuðum ársins hald á rúmlega tvöfalt meira magn stera en allt síðasta ár.

Að sögn Valgerðar misnotar fólk ekki stera því þeir séu líkamlega ávanabindandi. Oft sé neyslan partur af útlitsdýrkun. Sjálfstraust aukist til muna.

„Sterar eru allt öðruvísi efni en ávanabindandi fíkniefni. Það er engin fíkn sem fylgir sterum, heldur notar fólk þetta til þess að verða stærra og tilfinningin er sú að því finnst það verða öflugra og fá meira sjálfstraust. En aðalástæðan fyrir því að fólk notar þetta er til þess að stækka og þá er það bara að hugsa um útlitið. Þetta er bara útlitsdýrkun. Fólk vill fá vöðva og það á sem stystum tíma,“ segir Valgerður Rúnarsdóttir. hanna@frettabladid.is



**„Sterar eru allt öðruvísi en ávanabindandi fíkniefni. Það er engin fíkn sem fylgir sterum, heldur notar fólk þetta til að verða stærra og tilfinningin er sú að því finnst það verða öflugra og fá meira sjálfstraust.**

*Valgerður Rúnarsdóttir læknir á Vogi*

Lögreglustjóri á fundi:

# Rætt um rannsóknarheimildir

**FUNDUR** Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, flytur erindi um rannsóknarheimildir lögreglu á hádegisfundi Varðbergs klukkan tólf í dag.



**STEFÁN EIRÍKSSON**

Meðal þess sem verður til umræðu, að því er segir í tilkynningu frá Varðbergi, er frumvarp Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra um símhleranir, sem legið hefur á þingi í allan vetur án þess að hljóta afgreiðslu. Þá verður einnig rætt um vinnu við frumvarp um forvirkar rannsóknarheimildir og fleira. - sh

Framlög til þróunarmála:

# Alþingi fær fé til eftirlitsstarfs

**ALÞINGI** Alþingi mun sjálft fá milljónir af framlögum Íslands til þróunarsamvinnu til að nota til eftirlits á þessu sviði, samkvæmt niðurstöðu utanríkismálanefndar.

Alþingi mun samkvæmt því fá 0,2 prósent af heildarframlögum Íslands til þróunarsamvinnu. Á næsta ári fara nærri fimm milljarðar króna í þróunarsamvinnu og af því fær Alþingi sjálft 9,9 milljónir.

Verja á fénu til eftirlits með verkefnum á sviði þróunarsamvinnu og til úttekta og rýni óháðra aðila á ákveðnum þáttum íslenskrar þróunarsamvinnu. - bj





## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi





**LÉTTIR TIL** Víða snjókoma eða slydda með köflum á landinu í einkum vestantil. Dregur úr úrkomu á morgun og léttir smám saman til. Yfirleitt hæg norðlæg átt og bjartviðri um helgina.





**Á morgun**
5-10 m/s, hvassara við SA-ströndina.





**Laugardagur**
3-8 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 15° | Billund | 0° | Gautaborg | 0° | London | 5° | Orlando | 18° | San Francisco | 19° |
| Basel | 2° | Frankfurt | 3° | Kaupmannahöfn | 0° | Mallorca | 16° | Ósló | -4° | Stokkhólmur | -5° |
| Berlín | 0° | Friedrichshafen | 3° | Las Palmas | 21° | New York | 3° | París | 5° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


ALLT FÍNT
FYRIR PÁSKA
Rafhlöðuborvél
Black&Decker
Verð áður: 13.995 kr
9.995 kr.
29%
AFSLÁTTUR!
33%
AFSLÁTTUR!
Juðari
Black&Decker
Verð áður: 8.679 kr
5.775 kr.
BLACK& DECKER
30 DAGA
SKILARÉTTUR
5 ÁRA
ÁBYRGÐ
Electrolux þvottavél
6 kg. 1000 snúninga
92.900 kr.
Harðparket Hnota
1.190 kr./m²
LÆGSTA LÁGA VERÐ
30 DAGA
SKILARÉTTUR
5 ÁRA
ÁBYRGÐ
HAND BÓK HÚSA SMIÐJUNNAR
Allt frá grunni að góðu heimili
MÁLNINGAR AVISUN FYLGIR
SKOÐAÐU HANDBÓKINA Á HUSA.IS. KÍKTU Á ÚRVALIÐ OG FÁÐU HUGMYNDIR!
10
LÍTRAR!
INNI MÁLNING
Viðarparket Eik Rustic
3.890 kr./m²
Innimálning
4.995 kr.
Blástursofn Electrolux
75.900 kr.
20%
AFSLÁTTUR!
Eldhústæki
Emmevi
Verð áður: 18.195 kr
14.590 kr.
20%
AFSLÁTTUR!
Handlaugartæki
Emmevi
Verð áður: 15.195 kr
11.990 kr.
LÆGSTA LÁGA VERÐ
Þórunn Högnadóttir
Þórunn Högnadóttir stílisti og ritstjóri Nude Magazine
verður í versluninni Skútuvogi laugardaginn 16. mars. Komdu á milli kl. 12 og 16 og fáðu ráðleggingar um litaval á málningu, hvernig á að gera upp gömul húsgögn og fleira.
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956
DYNAMO REYKJAVIK

Þingmenn höfðu áhyggjur af trúverðuleika stjórnmálanna:

# Sáttatónn en þungar hnútur

**ALÞINGI** Þingmenn voru sammála um það í eldhúsdagsumræðum gærkvöldsins að gríðarlega mikil tækifæri væru til þess að skapa hagsæld og gott samfélag á næsta kjörtímabili. Þeir voru þó fráleitt sammála um hvaða leið væri rétt að því markmiði.

Ræðumenn stjórnarflokkanna eyddu nokkru púðri í að lýsa því hve góður árangur hefði náðst, hve erfiðu búi stjórnin hefði tekið við og hve vel hefði tekist að spila úr þeirri slæmu stöðu.

Ræðumönnum Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks varð hins vegar tíðrætt um glötuð tækifæri ríkisstjórnarinnar og að stjórnarflokkarnir þyrftu að fara frá til að hægt væri að breyta um kúrs.

Heilt yfir má segja að mun meiri sáttatónn hafi hljómað í þingsal í gær en í umræðu um vantraust á ríkisstjórnina á mánudag. Þar réð heiftin ríkjum, í gær voru þingmenn víðsýnni.

Fulltrúar smærri flokkanna, Hreyfingarinnar og Bjartrar framtíðar, lögðu áherslu á að breyta yrði stjórnmálaumræðunni. Undir það tóku margir.

Þrátt fyrir sáttatóninn fengu þungar hnútur að fljúga í umræðunum. Og ekki gáfu allir mikið fyrir þá afsökun að stjórnin hefði tekið við slæmu búi. „Hér varð hrun, er mantran sem fólkið í landinu hefur fengið að heyra frá ríkisstjórninni,“ sagði Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. - kóp



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**

„Stjórnmálin eru að læra að nýta þjóðaratkvæðagreiðslur. Við virtum viljann í Icesave-málinu og við munum líka virða hann í stjórnarskrármálinu.“



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**

„Á meðan lausnir stjórnmálamanna til vinstri og hægri snúast um að reyna af öllum mætti að troða raunveruleikanum inn í fyrir fram ákveðna kassa sósíalismans og frjálshyggjunnar blæðir heimilunum út.“



**BJARNI BENEDIKTSSON**

„Það er kominn tími til að hér taki við ríkisstjórn sem segir hátt og snjallt – við stöndum með atvinnulífinu og viljum allt gera til að það blómstri.“



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

„Ég vil að við nýtum auðlindir, sem við eigum hiklaust að kalla sameignir okkar í stjórnarskrá, á skynsamlegan hátt. Arðrænum ekki náttúruna þannig að afleiðingar stóriðjuframkvæmda birtist í dauðum stórfljótum.“

# Neytendur ósáttir við eindagabreytingu ÍLS

Eindagar af lánum Íbúðalánasjóðs verða nú þremur dögum eftir gjalddaga. Færir sjóðnum 80 milljóna tekjuaukningu. Hertari innheimta að kröfu ríkisstjórnar. Stjórn Neytendasamtakanna fundar um málið vegna kvartana lántakenda.

**ALÞINGI** Frá og með næstu mánaðamótum verður eindagi á lánum Íbúðalánasjóðs (ÍLS) 4. hvers mánaðar, en ekki 15. eins og verið hefur. Eindaginn er því þremur dögum eftir gjalddaga.

Breytingin skilar ÍLS 80 milljónum króna í auknar tekjur. Sjóðurinn segir hins vegar að vaxtatap hvers lánþega verði aldrei meira en 150 krónur á ári. Þar er átt við tapaðar vaxtatekjur sem annars fengjust af því að hafa upphæðina lengur inni á reikningum greiðenda.



**JÓHANNES GUNNARSSON**

Kvartanir yfir málinu hafa borist inn á borð Neytendasamtakanna og stjórn þeirra mun fjalla um málið 20. þessa mánaðar.

„Auðvitað getur þetta haft erfiðleika í för með sér fyrir einhverja. Við teljum að þetta sé gert með mjög stuttum fyrirvara og hann hefði átt að vera lengri,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna.

Breytingin hefur þegar orðið og mun vera í gildi við afborganir um næstu mánaðamót.

„Engar kvaðir eru í lögum, reglugerðum eða á skuldabréfum sjóðsins, um það hversu mörgum dögum eftir gjalddaga eindaginn er,“ segir í tilkynningu frá ÍLS.

„Langt eindagatímabil var upphaflega til þess ætlað að veita mönnum svigrúm til þess að komast í banka til að greiða af húsnæðislánum sínum. Í dag greiða flestir rafrænt, ýmist með skuldfærslum eða í heimabanka, og því lítil rök fyrir löngu eindagatímabili.“

Þá segir að stytting eindagatímabilsins sé liður í hagræðingaraðgerðum sjóðsins en stjórnvöld hafi gert kröfu um hagræðingu í rekstri hans. kolbeinn@frettabladid.is



**FÓLK** Íbúðalánasjóður segir að vaxtatap lántakenda við eindagabreytinguna verði aldrei meira en 150 krónur á ári. Neytendur eru uggandi og hafa rætt við Neytendasamtökin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vilja færa gjalddaga aftar

Neytendasamtökin hafa sent ÍLS erindi og farið fram á þeir sem þess óski geti fengið gjalddaga færða aftar í mánuðinn. Hafi eindagi verið 15. hvers mánaðar færist gjalddaginn aftur að þeirri dagsetningu.

„Ég legg áherslu að það verði þá komið til móts við þá sem geta einhverra hluta vegna ekki greitt strax. Í staðinn fyrir 14 daga mun á gjalddaga og eindaga verður hann þrír dagar. Við viljum að það verði komið til móts við þá sem eru í erfiðleikum og gjalddaginn færður aftar.“

Íbúðalánasjóður hefur ekki svarað erindinu.

Náttúruminjasafn Íslands hefur fengið inni í Perlunni næstu fimmtán árin:

# Sýning náttúruminja árið 2014

**MENNING** Grunnsýning Náttúruminjasafns Íslands verður opnuð í Perlunni haustið 2014. Það var staðfest með undirritun leigusamnings á aðstöðu í Perlunni í gær. Leigusamningurinn er til fimmtán ára og ársleigan er áttatíu milljónir króna.

Efnt verður til samkeppni um hönnun grunnsýningarinnar í húsinu á næstunni. Eins er ráðning nýs forstöðumanns við safnið fram undan, sem mun leiða mótun sýningarinnar og starfsemi safnsins næstu árin.

Uppbygging grunnsýningar Náttúruminjasafnsins er liður í fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar og er gert ráð fyrir að 500 milljónum króna verði varið til hönnunar og uppsetningar á sýningunni og mótun aðstöðu fyrir safnið í Perlunni.

Í tilkynningu segir að sýningunni sé ætlað að auka vitund landsmanna um náttúru Íslands, vera mikilvæg fyrir náttúrufræðikennslu á öllum skólastigum og veita aðgang að því mikla fræðsluefni sem er í öðrum vísindastofnunum, náttúruminjasöfnum, náttúrustofum og þjóðgörðum landsins. Þá er ótalið mikilvægi slíkrar sýningar í ferðaþjónustu. - shá



**SAFN FÆR HÚSNÆÐI** Margrét Hallgrímsdóttir, safnstjóri NÍ, Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Katrín Júlíusdóttir fjármálaráðherra auk þeirra Jóns Gnarr borgarstjóra og Dags B. Eggertssonar, formanns borgarráðs, við undirritun í gær.

A+++ Orkuflokkur
1–8 kg
Kolalaus mótor
Hraðkerfi 15'



SIEMENS - Þvottavél
WM 14S464DN
Vindur upp í 1400 sn./mín.
Mjög hljóðlát.
Tækifærisverð:
163.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 199.900 kr.)
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
Hugsum um heilsuna og borðum fisk :-)
LAXAFLÖK 1790 KR/KG
ÞORSKHNAKKAR 1790 KR/KG
HEITUR MATUR Í HÁDEGINU
Opið laugardaga kl. 11–14
Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

2 ÁRA
AFMÆLISVIKA
VIÐ ENDURTÖKUM VINSÆLUSTU TILBOÐIN
PIXEL – LJÓSMYNDABÓK
3.900 kr.
GILDIR 48 TÍMA
Verð ~~7.450 kr.~~ | Afsláttur 48% | Afsláttur í kr. 3.550
Fáðu uppáhaldsmyndirnar þínar saman í eina bók. 20 bls. bók í A4-broti með hvítri eða svartri harðspjaldakápu.



HÓPKAUP
í krafti fjöldans
1 af hverjum 100 fær endurgreitt eitt Hópkaupsbréf!




# BIOTHERM BOMBA

Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRALIND, HOLTAGÖRÐUM
SPÖNGINNI, GARÐABÆ, SELFOSSI OG AKUREYRI

**14.-20. MARS**

## 20% kynningarafsláttur af öllum Blue Therepy dropum og kremum á kynningunni.

Glæsilegir kaupaukar þegar þú kaupir Biotherm vörur fyrir 7.500 kr. eða meira.

- **Aquasource rakakrem 15 ml**
- **Aquasource næturkrem 15 ml**
- **Andlitshreinsir 15 ml**
- **Andlitsvatn 30 ml**
- **Biocils augnfarðahreinsir 30 ml**




**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

Tekjur ríkisins af gjöldum og sköttum tengdum mengun eru rétt tæpum milljarði lægri en árið 2007:

# Stigvaxandi tekjur af mengunarsköttum frá hruni

**ALÞINGI** Tekjur ríkisins af sköttum og gjöldum tengdum mengun hafa aukist um sem nemur 15 prósentum frá hruni, uppreiknað miðað við verðlag síðasta árs. Að baki aukningunni eru tekjur af gjöldum á eldsneyti, vörugjöld af bensíni og olíuvörum og kolefnisgjald.

Tekjur af gjöldum á eldsneyti námu árið 2008 tæpum 19 milljörðum króna (á verðlagi ársins 2012) en voru í fyrra tæpir 22 milljarðar. Aukningin er 15,7 prósent. Þetta má lesa úr skriflegu svari fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, þingmanns Framsóknarflokks. Uppreiknaðar tölur sýna líka að 2007 voru tekjur ríkisins af þessum tekjuliðum rétt tæpum milljarði meiri en 2012.

Á tímabilinu bættist líka við nýr tekjustofn þegar kolefnisgjald var tekið upp árið 2010.

Katrín Júlíusdóttir, fjármála- og efnahagsráðherra, segir í svari sínu að ríkissjóður hafi á undanförnum árum ekki haft miklar tekjur sem rekja megi til mengunar. Stjórnvöld hafi ekki beitt hagrænum hvötum nema í takmörkuðum mæli til þess að draga úr álagi á umhverfið. Þess í stað hafi verið meiri áhersla á leið „boða og banna“ þar sem sett séu skilyrði fyrir efnainnihaldi með reglum. „Flest gjöld sem lögð eru á mengandi efni eru lögð á til að mæta þeim kostnaði sem förgun þeirra hefur í för með sér.“ Undantekning frá tekjuöflun á grundvelli mengunar sé síðan gjöld á jarðefnaeldsneyti.

- óká

**KOLEFNISGJALD FYRST LAGT Á ÁRIÐ 2010**

Uppreiknað miðað við verðlag ársins 2012.

2010
**2.094**
milljónir króna

2012
**3.061**
milljón króna

Hlutfallsleg aukning:
**46,2%**

**TEKJUR RÍKISINS AF MENGUNARSKÖTTUM**

Uppreiknaðar miðað við verðlag ársins 2012.




**Heimild:** Svar fjármála- og efnahagsráðherra á Alþingi 8. mars 2013.







**Innköllun**

VEGNA RAFRÆNNAR SKRÁNINGAR HLUTABRÉFA Í VÁTRYGGINGAFÉLAGI ÍSLANDS HF.

Fimmtudaginn 21. mars 2013 verða hlutabréf í Vátryggingafélagi Íslands hf. tekin til rafrænnar skráningar hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. í samræmi við ákvörðun stjórnar Vátryggingafélags Íslands hf. þess efnis. Þar af leiðandi verður ekki tekið við tilkynningum um eigendaskipti á hlutabréfum félagsins þann 21. mars 2013. Frá þeim tíma ógildast hin áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Hlutabréf í Vátryggingafélagi Íslands hf. verða tekin til rafrænnar skráningar, en þau eru gefin út á nafn hluthafa, auðkennd raðnúmerum 1-2 og útgáfudags getið á hvoru bréfi.

Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra hlutabréfa, sem telja nokkurn vafa leika á því að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hlutaskrá Vátryggingafélags Íslands hf., að staðreyna skráninguna með fyrirspurn til skrifstofu félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík. Komi í ljós við slíka könnun að eigendaskipti hafi ekki verið skráð ber eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu fyrir 21. mars nk.

Enn fremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi, að koma þeim á framfæri fyrir skráningardag við fullgilda reikningsstofnun, þ.e. banka, verðbréfafyrirtæki eða sparisjóð sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf.

Athygli hluthafa er vakin á að hin áþreifanlegu hlutabréf félagsins verða ógild sjálfkrafa og því er ekki þörf á að skila þeim til félagsins. Jafnframt er vakin athygli á að ferli rafrænnar skráningar hefur engin áhrif á möguleika hluthafa til að eiga viðskipti með hluti sína í félaginu að undanskildum framangreindum takmörkunum á tilkynningum um eigendaskipti þann 21. mars 2013.

Að lokinni rafrænni skráningu þurfa hluthafar að fela reikningsstofnun umsjón með hlutum sínum í félaginu til að geta framselt hluti sína, svo sem vegna sölu eða skipta. Reikningsstofnun stofnar í þessu skyni VS-reikning í nafni viðkomandi hluthafa.

Eigendum hluta í félaginu er kynnt framangreint bréfleiðis.

**Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf.**



**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Verið er að kanna tildrög slyssins. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Klemmdist í Straumsvík:

## Brotnaði á rist og sköflungi

**SLYS** Tæplega sextugur starfsmaður álversins í Straumsvík meiddist illa í vinnuslysi þar aðfaranótt miðvikudags.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu klemmdi hann báða fætur í búnaði í álverinu með þeim afleiðingum að ökklinn brotnaði á öðrum fætinum og ristin á hinum. Samstarfsmenn komu honum þegar í stað til aðstoðar og í kjölfarið var hann fluttur með sjúkrabíl á spítala.

Ólafur Teitur Guðnason, upplýsingafulltrúi Rio Tinto Alcan á Íslandi, segir að hjá fyrirtækinu sé nú verið að kanna tildrög slyssins.

- sh



**ALEQA HAMMOND** Leiðtogi Siumut-flokksins á kjörstað á þriðjudag. NORDICPHOTOS/AFP

## Jafnaðarmenn aftur til valda

Grænlenski jafnaðarmannaflokkurinn Siumut vann stórsigur í kosningum á þriðjudag. Aleqa Hammond verður nýr formaður landstjórnarinnar, fyrst kvenna.

**GRÆNLAND** Aleqa Hammond, leiðtogi sósíaldemókrataflokksins Siumut, er ótvíræður sigurvegari kosninga til grænlensku landstjórnarinnar, sem haldnar voru á þriðjudag.

„Ég er ánægð með að Siumut er kominn aftur,“ segir hún, en flokkurinn var í forystu landstjórnarinnar í þrjá áratugi, allt frá því að Grænlendingar fengu heimastjórn árið 1979 og þangað til vinstriflokkurinn Inuit Ataqatigiit vann sigur fyrir fjórum árum.

Hammond er jafnframt fyrsta konan sem verður formaður grænlensku landstjórnarinnar.

Siumut hlaut 14 sæti í landstjórninni, þannig að flokknum nægir að fá til liðs við sig einn tveggja manna flokk til að vera með 16 manna meirihluta, en í landstjórninni situr 31 fulltrúi grænlensku þjóðarinnar.

Ríkisstjórn Danmerkur hefur fagnað úrslitunum og vonast eftir betra samstarfi við grænlensku landstjórnina, einkum varðandi auðlindalöggjöfina sem grænlenska þingið samþykkti á síðasta ári.

Auðlindalögin opna á erlendar fjárfestingar í vinnslu auðlinda úr jörðu á Grænlandi og hafa verið kölluð Kínverjalögin vegna þess að Kínverjar hafa sýnt mikinn áhuga á slíkum fjárfestingum.

Til að lögin fái fullt gildi þarf danska þingið hins vegar að gera breytingar á útlendingalöggjöfinni, en hefur verið að bíða með það þangað til eftir kosningarnar á Grænlandi, sem nú eru afstaðnar.

Danskir stjórnmálamenn hafa margir verið ósáttir við grænlensku auðlindalögin en hafa engu að síður ekki viljað neita þeim um breytingar á dönsku útlendingalöggjöfinni.

Siumut-flokkurinn hefur hins vegar sagst vera ósáttur við ýmislegt í lögunum og boðar að þeim verði breytt, þannig að með sigri flokksins er þrýstingi létt af danska þinginu um stund.

„Ég vænti þess að nú hefjist viðræður um þá þætti sem Siumut hefur gagnrýnt,“ er haft eftir Flemming Møller Mortensen, talsmanni danska Sósíaldemókrataflokksins, á fréttasíðu danska dagblaðsins Politiken.

gudsteinn@frettabladid.is

### Úrslit kosninganna á Grænlandi

**Siumut (Áfram)** Sósíaldemókratar
**14** þingmenn

**Inuit Ataqatigiit (Samfélag inúíta)** Vinstriflokkur, sjálfstæðissinnar
**11** þingmenn

**Atassut (Samkennd)** Frjálshyggjuflokkur, sambandssinnar
**2** þingmenn

**Lýðræðissinnar** Frjálslyndur flokkur, sambandssinnar
**2** þingmenn

**Inúítaflokkurinn** Klofningsflokkur frá Inuit Ataqatigiit. Stofnaður í janúar 2013
**2** þingmenn

# DEBENHAMS

## Vorsprengja

# 25% AFSL.

af öllum vörum

nema 20% AFSL.

af snyrtivörum

Gildir út sunnudag

**OPIÐ TIL 23:00 Í KVÖLD**

# OFURTILBOÐ

## 40% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

Aðeins í dag fimmtudag*



Allar dömur Boot Cut gallabuxur
Dæmi: Red Herring gallabuxur
Verð: 6.990 - 40% = 4.194




Haldari
Verð: 7.990 - 40% = 4.794



Allt skart frá Vicenza
Dæmi:
Verð: 4.990 - 40% = 2.994




Úrval af leikföngum
Dæmi:
Verð: 990 - 40% = 594



Allir skór frá Red Herring og Principles
Dæmi: Red Herring skór
Verð: 14.990 - 40% = 8.994



Allar herra peysur
Dæmi: Red Herring peysa
Verð: 9.990 - 40% = 5.994

*Meðan birgðir endast

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

**NÝTT VISA TÍMABIL**

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

## HEIMURINN




### Aukinn viðbúnaður

**1** **HOLLAND** Hollensk stjórnvöld hafa lýst því yfir að meiri hætta sé nú á hryðjuverkum. Stjórnvöld hafa áhyggjur af því að hollenskir ríkisborgarar hafa haldið til Sýrlands að berjast þar gegn stjórnarhernum. Hætta þykir á að einhverjir þeirra snúi aftur og verði þá orðnir forhertari, róttækari og með áfallastreitu, sem geri þá hættulegri en ella.

### Grýttur til bana

**2** **PAKISTAN** Íbúar í Pakistan bundu hermann við bifreið og grýttu hann til bana í gær. Honum var gefið að sök að hafa átt í ástarsambandi við konu frá svæðinu. Þetta gerðist í Parachinar, sem er höfuðstaður Kurram-héraðs, einu af ættbálkahéruðunum í norðvesturhluta landsins sem eru að hluta sjálfstjórnarhéruð. Fyrir þremur mánuðum var hann fluttur annað, eftir að upp komst um samband hans við konuna. Hann sneri þó aftur fyrir nokkrum dögum til að hitta konuna.




### Dauður fiskur í þúsunda tali

**3** **BRASILÍA** Gríðarlegt magn af fiski drapst nýlega í vatni nálægt borginni Rio de Janeiro í Brasilíu. Orsakir fiskdauðans eru raktar til svipaðra aðstæðna og í Kolgrafafirði nýlega, þar sem síld drapst vegna súrefnisskorts.

Tímamótauppgötvun NASA eftir jarðborun könnunarjeppans Curiosity:

# Eitt sinn var lífvænlegt á Mars

**VÍSINDI** Eitt sinn gæti hafi verið lífvænlegt á Mars, miðað við niðurstöður tilraunaborana könnunarjeppans Curiosity. Þetta er í fyrsta sinn sem sönnunargögn hafa fundist um að örverur gætu hafa þrifist á plánetunni rauðu.

„Grundvallarmarkmið þessa leiðangurs var að svara því hvort einhvern tíma gæti hafa verið lífvænlegt á Mars, og miðað við það sem við vitum núna er svarið já.“

Þetta sagði Michael Meyer, sem fer fyrir vísindamannateyminu að baki Curiosity-leiðangrinum. Greiningartæki inni í jeppanum hafa grandskoðað jarðvegssýni sem var tekið úr setlagi í botni gamals stöðuvatns í Gale-gígnum og er niðurstaðan sú að þar sé meðal annars að finna nitur, brennistein, vetni, súrefni, fosfór og kolefni, sem eru meðal þeirra efna sem eru grundvöllur þess að líf geti þrifist.

Bendir nú flest til þess að á þessum stað hafi runnið nokkuð ferskt vatn og að jarðvegurinn hafi verið nálægt því hlutlaus að sýrustigi. Því er allt útlit fyrir að á einhverjum tíma hafi örverur getað þrifist á Mars þótt þar hafi enn sem komið er engin merki fundist um líf. **- þj**



**GRÁTT UNDIR YFIRBORÐINU** Af borsýnum Marsjeppans Curiosity má ráða að eitt sinn hafi verið lífvænlegt á plánetunni rauðu. MYND/NASA

Forseti Argentínu tekur ekkert mark á atkvæðagreiðslu á Falklandseyjum:

# Segir kosningarnar skrípaleik

**ARGENTÍNA** Christina Fernandez, forseti Argentínu, segir þjóðaratkvæðagreiðsluna á Falklandseyjum vera skrípaleik, sem sviðsettur var í þágu Breta.

Íbúar á Falklandseyjum efndu til kosninga á sunnudag og mánudag um það hvort þeir vilji tilheyra áfram Bretlandi eða fara undir yfirráð Argentínu, eins og argentínsk stjórnvöld krefjast.

Einungis þrír kjósenda merktu við argentínsk yfirráð, en 99,8 prósent vilja tilheyra Bretlandi áfram. Þessi niðurstaða kom reyndar engum á óvart, enda eru íbúarnir flestir af breskum ættum og leggja sig fram um að vera helst breskari en íbúar Bretlands.

Fernandez segir kosninguna sambærilega við það að hústökufólk haldi fund til að „ákveða hvort það ætli að búa áfram í húsinu eða ekki.“

Alicia Castro, sendiherra Argentínu í Bretlandi, tekur í sama streng: „Þessi atkvæðagreiðsla var skipulögð af Bretum og fyrir Breta í þeim eina tilgangi að láta þá segja að svæðið eigi að vera áfram breskt.“ **- gb**



**BRESKI FÁNINN ÁBERANDI** Þjóðhátíðarstemning ríkti á Falklandseyjum þegar kosningin var haldin. NORDICPHOTOS/AFP





KOMDU Í KAFFI OG REYNSLUAKSTUR

Renault átti metár í sölu á síðasta ári og var níunda söluhæsta tegundin á Íslandi til einstaklinga. Nýr Renault Clio mun vafalítið fylgja þessum aukna áhuga eftir því hér er á ferðinni bíll sem er fáanlegur með sparneytnum dísil- og bensínvélum auk þess sem hin vinsæla sparneytna „Dual Clutch“ sjálfskipting verður fáanleg í Clio í vor.

EYÐSLA FRÁ 3,4 L/100* KM DÍSIL VERÐ FRÁ 2.390.000

FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

RENAULT eco2

RENAULT

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**skattur.is**

# Fljótlegt að skila framtali

## Skilafrestur er til **21. mars**




### Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til **21. mars.**

Unnt er að sækja um lengri frest á skattur.is og getur hann lengstur orðið til 3. apríl. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

### Upplýsingar á framtali

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum.

### Veflyklar

Veflyklar hafa verið sendir til nýrra framteljenda. Hafi veflykill glatast má sækja um nýjan á skattur.is. og fá hann sendan í vefbanka eða í pósti.

Einnig er hægt að opna framtalið og skila með rafrænum skilríkjum.

### Símaþjónusta í 442-1414

Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30 til 15:30.

Dagana 21. mars, 2. og 3. apríl verður þjónustan í boði til kl. 19:00.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

FRÁBÆRT ÚRVAL

Gerðu frábær kaup!

Allt að 80% lánamöguleikar

Frábært úrval af nýlegum, lítið eknum bílum á frábæru verði!



Tökum notaðan uppí notaðan! Erum í samningsstuði!

FORD MONDEO TREND WAGON
Nýskr. 07/10, ekinn 39 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr.151678

VERÐ kr. 3.690 þús.





Gott úrval af 4x4 bílum

SUBARU LEGACY WAGON S
Nýskr. 01/12, ekinn 24 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.480 þús.
Rnr.200914.

NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 05/12, ekinn 22 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.790 þús.
Rnr.201016.





Kia CEED EX
Nýskr. 12/12, ekinn 2 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.690 þús.
Rnr.280524.

HYUNDAI IX35
Nýskr. 04/12, ekinn 13 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.980 þús.
Rnr.120114.





Gerðu frábær kaup hjá Bílalandi BL

CHEVROLET CRUZE LTZ
Nýskr. 03/10, ekinn 119 þús. km.
dísil, beinskiptur.
Verð kr. 2.390 þús.
Rnr.120139.

HYUNDAI i30
Nýskr. 09/12, ekinn 8 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.250 þús.
Rnr.120152.

bílaland

Klettháls 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

# Mun knésetja okkur

**Útgerðarfyrirtækið Ögurvík greiddi allan hagnað sinn fyrir árið 2010 í veiðigjöld og 22 milljónum betur. Miðað við óbreyttar leikreglur verður fyrirtækið ekki rekið áfram, segir stjórnarformaður. Öðru skipi félagsins hefur verið lagt og verður selt.**

Hjörtur Gíslason, stjórnarformaður Ögurvíkur, telur einsýnt að menn verði að leggjast að nýju yfir hvernig veiðigjöld séu reiknuð á einstök fyrirtæki. Álagning veiðigjalda á fyrirtæki hans telur hann nægileg rök fyrir því að vitlaust sé gefið, en fyrir rekstrarárið 2010 greiddi Ögurvík 22 milljónir umfram hagnað í veiðigjöld.

„Það eru miklar breytingar hjá okkur. Margt kemur til; stökkbreyttar skuldir eftir hrunið, samdráttur í aflaheimildum, lækkandi afurðaverð og ekki síst gríðarleg aukning í skattbyrði með álagningu veiðigjalda. Því urðum við að ráðast í þessar sársaukafullu breytingar,“ segir Hjörtur.



**HJÖRTUR GÍSLASON** Bendir á að Ögurvík sé engin undantekning, öll fyrirtækin verði veikari eða leggi upp laupana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Miklar breytingar

Hér vísar Hjörtur til þess að í nóvember var öllum sjómönnum fyrirtækisins, sjötíu talsins, sagt upp og tilkynnt að annar togari fyrirtækisins, Freri, yrði seldur. Uppsagnirnar tóku gildi um mánaðamótin. Allur kvóti fyrirtækisins var fluttur á Vigra og 50 sjómenn endurráðnir.

„Við höfum alltaf haft þá sýn að aflaheimildir yrðu auknar að nýju og hægt væri að reka tvö skip. Maður er orðinn úrkula vonar um að þetta rætist og framtíðarsýnin er ekki sú að þeir sem tóku á sig skerðinguna fái hana aftur. Því settumst við niður og gerðum nýja rekstraráætlun,“ segir Hjörtur.

Rekstarreikningur Ögurvíkur fyrir árið 2010 segir sína sögu. „Við förum rúmlega tuttugu milljónir umfram hagnað þegar allt er reiknað. Það er einfaldlega ekki framtíð fyrir okkar fyrirtæki á meðan þetta er reiknað svona. Skatturinn mun knésetja okkur og ef þetta módel verður keyrt svona áfram þá er ljóst að mörg félög heltast úr lestinni. Þau lenda einhvers staðar, og það er ólíklegt annað en það verði hjá stóru útgerðunum sem ætla og geta rekið nútíma sjávarútveg eins og hefur verið gert á Íslandi. Það verður sennilega meiri samþjöppun á toppnum; stóru útgerðirnar verða stærri.“

### Talað en ekki hlustað

Hjörtur segir lögin mjög flókin og illmögulegt að búa til eitt heildstætt dæmi sem geri grein fyrir áhrifum þeirra á útgerðarfyrirtækin. Ein helsta gagnrýnin á hækkun veiðigjalda á íslensk útgerðarfyrirtæki er að þau komi misjafnlega við einstök félög. Ögurvík er skýrt dæmi um þetta, segir Hjörtur. „Eftir því sem við vitum verður 75% hækkun á þessu gjaldi til viðbótar á milli ára. Ef ekkert verður gert við að endurskoða þetta sé ég ekki framtíð fyrir félag eins og Ögurvík. Kannski væri staðan önnur ef hlustað hefði verið á fleiri um áhrif laganna. Fjölmargir komu með einföld og góð rök um að of langt væri gengið en menn voru bara ekki að hlusta á það sem var sagt.“

### Fjölskyldufyrirtæki

Ögurvík er fjölskyldufyrirtæki, stofnað 1971 þegar útgerðir síldarbátanna Ögra og Vigra runnu saman og ráðist var í að smíða ísfisktogara. Nokkrum árum síðar var annað skip keypt, Ingólfur Arnarson, og honum breytt í frystitogarann Frera. Árið 1992 var frystitogarinn Vigri smíðaður fyrir félagið.

Hjörtur bendir á að niðurstaðan hefði getað orðið önnur ef einfaldir hlutir hefðu verið teknir með í reikninginn. Þorskígildisstuðlar [hlutfall verðmætis einstakra tegunda] nefnir Hjörtur sérstaklega. „Allir vissu að þeir voru kolbjagaðir. Karfi er verðmætari tegund en þorskur samkvæmt þeim. Rökin eru svo að framlegð útgerðarinnar sé 80 milljarðar og skattlagningin ekki nema tíu eða tólf milljarðar. Hjá Ögurvík er fjall og dalur á milli þess að þetta eigi við; að þessi hlutföll fáist staðist,“ segir Hjörtur.

### Þegar reiknað er

Enginn mótmælir því að framlegð í sjávarútvegi hefur sjaldan verið betri. Vandinn, að sögn Hjartar, er þó einfaldlega sá að fyrirtækin séu vel á annað hundrað og ekki nema átján þeirra búi til langsamlega stærstan hluta þeirra verðmæta sem um ræðir. „Hluti af vandanum er að ekki er tekið tillit til þessa þegar reiknað er. Ekki er heldur litið til þess að hagnaðurinn kemur að stórum hluta af nýtingu uppsjávartegunda sem fá fyrirtæki gera út á. Þessi fyrirtæki fá alltaf góð ár en það er jafn öruggt að slæm ár koma í framhaldinu. Það sýnir sagan og allt jafnast þetta út á endanum í slíkri útgerð, því það er alþekkt að sum ár liggur flotinn verkefnalaus í landi mánuðum saman. Þetta á hins vegar ekki við hjá öðrum fyrirtækjum og verra málið að þessi tímabundnu uppgrip séu nýtt sem rök fyrir skattheimtu á fyrirtæki eins og Ögurvík sem á engan kvóta í uppsjávartegundum og útgerðarform sem kemur okkur ekkert við,“ segir Hjörtur.

> **Margföldun veiðigjaldsins er óneitanlega kornið sem fyllti mælinn og við þurftum að snúa frá þeirri hugmyndafræði að reka tvö skip og skapa sem flestum sjómönnum störf.**

### Þjóðarsport

Fæstir vilja hlusta á þau rök að útgerðin sé ekki aflögufær. Aðspurður segist Hjörtur hafa skilning á því að fólkið í landinu vilji meira frá útgerðinni. „Sumir útgerðarmenn yppta líka öxlum yfir þessu. En það er vegna þess að formúlan varðandi afslátt af sérstöku veiðigjaldi vegna skulda er þeim í hag. En það er einmitt mergurinn málsins. Einn er sáttur af því að hann nýtur tímabundinna fríðinda. Er ekki meinið einmitt að finna þarna? En fyrir fólki er útgerðarmaður sennilega bara útgerðarmaður, og í gegnum áratugina hefur verið þjóðarsport að hatast við útgerðarmenn. Eftir stendur að öll sjávarútvegsfyrirtækin verða veikari og fjölmörg munu leggja upp laupana vegna þeirra reglna sem nú hafa tekið gildi. Það eru fyrirtæki sem hafa verið byggð upp á löngum tíma af fólki sem vildi sækja sjóinn, en er allt í einu komið í þá aðstöðu að hrökklast frá.“

## Áhrif hækkunar veiðigjalds á nokkur sjávarútvegsfélög



MIÐBORGIN OKKAR BÝÐUR ÞÉR HEIM

HönnunarMars
DesignMarch
Reykjavík
14.–17.03.2013

# Helgi hönnunar

Nº4
2013

MIÐBORGIN OKKAR

**Fashion Night Out**
Árlegt tískuteiti í miðborginni í kvöld til kl. 21:00

**18:00** Setning **HönnunarMars** í Listasafni Reykjavíkur.

**20:00** **Tískusýning ATMO** framanvið húsin að Laugavegi 85–95. Nýjustu línur okkar fremstu hönnuða á sérbyggðu sviði með klæðskerasniðinni takttónlist undir. Laugavegi lokað frá Snorrabraut að Barónsstíg kl. 17:00–21:00.

**18:00 – 21:00** Nokkrar helstu verslanir og þjónustuaðilar miðborgarinnar bjóða viðskiptavinum í bæinn. Sérviðburðir og kostaboð hjá fjölmörgum rekstraraðilum.

**Fjöldi verslana opinn til kl. 21:00**

38 Þrep
Aftur
ATMO
Birna
Dogma
Eva
Freebird
Gloria
GK
Herrafatverzlun Kormáks & Skjaldar
Hrím Hönnunarhús
Hringa
IÐA
Kirsuberjatréð
Kraum (opið til kl. 20)
KRON KRON (opið til 23)
Nostalgia
Púkó & Smart
Spútnik
Sævar Karl

Árleg tískusýning **Reykjavik Fashion Festival** fer fram í Hörpu á laugardag. Miðasala hafin á harpa.is og midi.is.

Verum, njótum og verslum þar sem hönnunarhjartað slær!
**Miðborgin okkar.**




Brandenburg – Teikng: Sól Hrafnsdóttir

# iPad 4

# iPad mini

Haltu á hinum stafræna heimi í einu undratæki sem smellpassar í lófann.



Verð frá: **89.990.-**



Verð frá: **59.990.-**



iPod shuffle
Verð: **9.990.-**



iPod nano
Verð: **29.990.-**



iPod touch (4. kynslóð)
Verð frá: **42.990.-**



iPod touch (5. kynslóð)
Verð frá: **59.990.-**



iPhone 5 16GB
Verð: **129.990.-**



Apple TV
Verð: **22.990.-**



Skullcandy heyrnatól
Verð frá: **3.990.-**



Frends heyrnatól
Verð frá: **24.990.-**



Harman Kardon hátalari
Verð: **35.990.-**



Vibro hátalari
Verð: **17.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Tilboð gilda til 1. apríl eða meðan birgðir endast.

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

epli.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16
Sími 512 1300

# MacBook Pro




Fermingartilboð: **219.990.-***

**Verð áður:** 229.990.- Vörunr. Z0MT



Lækkað verð

## iPhone 4

Verð: **79.990.-**

Verð áður. 84.990.-

## iPhone 4S

Verð: **99.990.-**

Verð áður. 109.990.-

Vefverslun
www.epli.is
sendum frítt um land allt




## IKEA STOFNAR HÓTELKEÐJU

IKEA hyggst stofna nýja hótelkeðju í Evrópu ásamt bandarísku hótelsamsteypunni Marriott. Kaupa á fasteignir sem hægt verður að breyta í lággjaldahótel fyrir ungt fólk undir nafninu Moxy Hotel. Gert er ráð fyrir að fyrsta hótelið verði opnað í Mílanó í byrjun næsta árs. Ætlunin er að stofna 150 hótel í tíu Evrópulöndum næstu tíu árin.

Samkvæmt frétt á vef Sydsvenska Dagbladet hefur ekki fengist staðfest hvort hótelherbergin verði búin húsgögnum frá IKEA.



## ÚTHLUTA ÁTTI KVÓTA VEGNA EGGJA

Umboðsmaður telur að atvinnuvegaráðuneytinu hafi borið að úthluta innflutningskvóta fyrir egg.

Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Samtökum verslunar og þjónustu, SVÞ, þar sem fjallað er um álit umboðsmanns.

SVÞ höfðu kvartað undan því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, nú atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, virti ekki skyldu sína til að auglýsa tollkvóta vegna lambakjöts og matareggja. Um er að ræða skuldbindingar samkvæmt samningi um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Bentu samtökin á að lögum samkvæmt væri íslenska ríkinu skylt að leyfa umræddan innflutning.

SVÞ segja álit umboðsmanns enn einn áfellisdóminn varðandi framkvæmd og stjórnsýslu stjórnvalda vegna tollkvóta á landbúnaðarvörum.

## DÝRASTA VÉLIN KOSTAR 350.000

Neytendasamtökin fundu 105 mismunandi þvottavélar í fjórtán verslunum þegar þau gerðu markaðskönnun á þvottavélum í lok janúar síðastliðins.

Mikill verðmunur reyndist vera á vélunum en sú ódýrasta kostaði 59.900 krónur en sú dýrasta 349.900 krónur. Það gerir tæplega þrjú hundruð þúsund króna mun á dýrustu og ódýrustu vélinni.




### Bláa blaðatunnan

**Reykjavíkurborg.** Bláa blaðatunnan lækkaði í verði hjá mér. Var 7.400 árið 2012 en er 6.500 árið 2013.

### Litlir plastpokar

**Hagkaup.** Litlir plastpokar, íslenska gerðin, var að lækka úr 159 kr. niður í 139 kr.




### Púðurfarði

Bareminerals púðurfarði hjá snyrtistofunni guinot mc. Keypti þetta púður fyrir **6.900 kr.** í desember 2012. Í dag, 8. mars, kostaði það **9.700 kr.**




### Bankahólf

Síðastliðið ár kostaði það **3.000 kr.** að leigja geymsluhólf hjá Arion banka, núna var ég að fá rukkun fyrir sama hólf og hljóðar sá reikningur upp á **7.000 krónur.**



### Verkjalyf

370% VERÐMUNUR




Sótti Parkódín í Lyf og heilsu, Firði í Hafnarfirði, borgaði fyrir 30 töflur 2.644 krónur. Sama pakkning af sama lyfi kostar í Apótekinu í Setbergi 977 krónur.

### Mötuneyti

**Bananar og ís í mötuneyti LSH:** Banani 1 stk. í mötuneyti LSH, 120 kr.





**Í Bónus** 0,495 kg á 132 kr. (3 stk.)

Kjörís súkkulaðitoppur í mötuneyti LSH, 1 stk. 450 kr. Í Hagkaup 3 stk. í kassa 598 kr. (ca 200 kr. stk.)

### Salatbakkar

**Bónus-salat.** Fann þessa líka fínu bónussalatbakka í matarávaxtagrindinni hjá þeim. 50 kr. pakkinn – 100 kr. venjulegt verð er 498 kr. bakkinn. Mæli með því að fólk skoði í þessa körfu, finn oft gersemar þar.



### Egils Kristall sítrónu

**Bónus.** Egils Kristall sítrónu, 12.02.2013: **198 krónur.** 12.03.2003: **228 krónur.**




AF VEFNUM VERTU Á VERÐI

# Neytendur eru á verði og benda á góð kjör og slæm

ASÍ hefur efnt til átaks á netinu þar sem fólk er hvatt til að veita fyrirtækjum aðhald í verðlagsmálum. Fjöldi ábendinga hefur borist um verðhækkanir en fólk lætur líka vita hvar hægt er að gera góð kaup.

Hækkuð leiga á bankahólfum, hækkað verð á matvælum, hundamat, barnaskóm og smurolíu eru meðal fjölmargra ábendinga frá neytendum um verðhækkanir á vef ASÍ í tengslum við átakið Vertu á verði sem hófst þann 26. febrúar síðastliðinn. Ábendingar um verðlækkanir eru miklu færri, en til dæmis er bent á gott verð á rúnnstykkjum í bakaríi og afslátt á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslun.

Markmiðið með átakinu Vertu á verði er að veita verslunar- og þjónustuaðilum aðhald, hvetja þá til að sýna ábyrgð og stöðva verðhækkanir. Markmiðið er einnig að brýna fyrir almenningi að vera á verði og fylgjast vel með þróun verðlags.

Henný Hinz, hagfræðingur hjá ASÍ, segir fulltrúa nokkurra verslana hafa haft samband og gefið skýringar vegna ábendinga neytenda. „Einhverjir hafa talið að hlutirnir séu öðruvísi en neytendur upplifa þá og sumir eru ósáttir við vettvanginn. Það að fyrirtæki séu pínulítið ósátt segir okkur að þetta hefur áhrif.“

Búið er að koma upp athugasemdakerfi á vefnum, að því er Henný greinir frá. „Nú geta bæði neytendur komið með sínar athugasemdir og kaupmenn gefið



**MATARINNKAUP** Neytendur fylgjast vel með þróun verðlags. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

skýringar vegna ábendinganna ef þeir vilja.“

Haraldur Guðni Eiðsson, forstöðumaður samskiptasviðs Arion banka, segir í viðtali við Fréttablaðið að það sé rétt að ársleiga á bankahólfi hafi hækkað á undanförnum árum. „Ástæðan er einfaldlega sú að ársleigan hafði haldist nær óbreytt um nokkurt skeið




og var svo komið að tekjur vegna leigunnar dekkuðu ekki kostnað vegna þjónustunnar. Því hefur reynst nauðsynlegt að hækka leiguna. Ég held nú að þrátt fyrir þessa hækkun sé verðið sanngjarnt, sjö til tíu þúsund krónur fyrir ársleigu, eftir stærð hólfsins. Viðskiptavinir sem eru í vildarþjónustu bankans greiða aðeins fjögur til sjö þúsund krónur.“

Í einni af ábendingunum á vefnum kveðst neytandi hafa keypt ýsu í raspi í Krónunni en í ljós hafi komið að ýsan hafi verið karfi í dulargervi. Ólafur Júlíusson, innkaupastjóri ferskvöru hjá Kaupás, segir þetta ekki rétt. „Í raspi er litarefni sem litar yfirborðið á ýsunni og gerir það rauðleitt. Þar af leiðandi getur viðskiptavinurinn ruglast vegna litarins en bragðið og útlitið á karfa er allt annað en á ýsu.“

ibs@frettabladid.is

Lokadagur kosninganna er 15.mars

Hægt verður að kjósa til kl. 12.00 á hádegi 15. mars nk.

Láttu þig málið varða og hafðu áhrif.

Nánari upplýsingar finnur þú á **www.vr.is**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR

# Stuðlað að öruggari snyrtivörum

**Ný reglugerð um snyrtivörur, sem byggir á reglugerð Evrópusambandsins, tekur gildi 11. júlí næstkomandi. Hertar kröfur verða gerðar til framleiðenda og innflytjenda. Í frétt á vef Umhverfisstofnunar segir að breytingarnar muni að mestu leyti snerta framleiðendur snyrtivara og innflytjendur óskráðra snyrtivara frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem munu þurfa að taka saman ítarlegri gögn um vörur sínar.**

**Með breytingunum er ætlunin að stuðla að öruggari snyrtivörum á markaði, auka rekjanleika snyrtivara og einfalda stjórnsýslu.**






**Þú finnur frábærar fermingargjafir hjá okkur! Komdu við og gerðu góð kaup.**




SENNHEISER HD 203
FRÁBÆR KAUP!
VERÐ ÁÐUR 7.980,- NÚ 5.980,-



SENNHEISER HD 439
LOKUÐ TÓL - GÓÐUR BASSI
VERÐ 15.900,-



SENNHEISER HD 518
HÁGÆÐA HEYRNARTÓL
VERÐ 25.900,-



SENNHEISER HD MOMENTUM
ÞAR SEM HÖNNUN OG HÁGÆÐA HLJÓMBURÐUR FER SAMAN
VERÐ 54.900,-



SENNHEISER PC-320
FULLKOMIN LEIKJATÓL.
VERÐ 11.995,-



SENNHEISER ADIDAS MX-685 SPORT
FRÁBÆR Í SPORTIÐ
VERÐ 7.900,-



SENNHEISER HD-419
ÞÆGILEG OG GÓÐUR HLJÓMUR
VERÐ 9.900,-




SENNHEISER HD-229
LÍTIL OG LÉTT
VERÐ ÁÐUR 9.900,- NÚ 6.900,-

DYNAMO REYKJAVÍK

*Eden Rose* 250C




HUSQVARNA EDEN ROSE 250
VERÐ ÁÐUR 69.900,- NÚ 59.900,-



HUSQVARNA HS-E10
VERÐ 35.900,-




kíktu inn á **www.pfaff.is**

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF



**MIÐLARI** Dagurinn í gær var sá næstveltumesti á skuldabréfamarkaði frá bankahruni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Frumvarp skók markaði:

## Krafa á skuldabréf stórjókst

Ávöxtunarkrafa allra markflokka ríkisskuldabréfa hækkaði í gær um allt að eitt prósentustig. Er svo mikil kröfubreyting sjaldgæf á þessum markaði en dagvelta á markaðnum hefur aðeins einu sinni verið hærri frá bankahruni.

Í morgunkorni greiningar Íslandsbanka í gær segir að hækkunina megi rekja til mats sumra á markaði á áhrifum frumvarps um breytingar á lögum um gjaldeyrismál sem tekið var til umræðu á þingi í gær. Telja sumir frumvarpið gera aflandskrónueigendum óheimilt að fjárfesta í skuldabréfum. Aðrir telja það hins vegar oftúlkun. - mþl

**VIÐSKIPTI**

### Hagar tvöfaldast

Hlutabréfaverð Haga hefur síðustu daga sveiflast í kringum 27 krónur á hlut en því verði náðu bréfin í fyrsta sinn í síðustu viku. Þýðir það að verð Haga hefur tvöfaldast frá því að félagið var skráð á markað á verðinu 13,5 fyrir einungis fimmtán mánuðum.

# Starfsfólk fær 4,3 milljarða

Starfsmenn Landsbankans hafa tryggt sér að minnsta kosti 1,9 prósenta hlut í bankanum sem er 4,3 milljarða virði. Umbunina má rekja til árangurs við hámörkun á virði ákveðinna eigna. Einsdæmi meðal ríkisfyrirtækja.

**VIÐSKIPTI** Starfsmenn Landsbankans munu eignast 1,9 prósenta hlut í bankanum miðað við stöðu svokallaðs skilyrts skuldabréfs í bókum hans. Miðað við innra virði hlutafjár Landsbankans er virði hlutarins 4,3 milljarðar króna. Það hefur farið stigvaxandi með auknum hagnaði bankans, en hann nam 25,5 milljörðum króna á síðasta ári.

Komist erlendir sérfræðingar að því að skuldabréfið sé meira virði mun hlutur starfsmannanna hækka upp í tvö prósent og verða 4,5 milljarða króna virði. Þetta má lesa út úr nýbirtum ársreikningi Landsbankans.

Skilyrta skuldabréfið mun verða gefið út í lok marsmánaðar og þá mun skýrast hversu stóran hluta starfsmenn fá að eignast. Eftir útgáfu skuldabréfsins verður Landsbankinn nánast að öllu leyti í eigu íslenska ríkisins, utan þess hlutar sem mun renna til starfsmanna. Hann verður þá eina fyrirtæki landsins í opinberri eigu sem umbunar starfsfólki sínu fyrir árangur í starfi með því að gefa því hlutafé.

Í desember 2009 var tilkynnt um uppgjör milli nýja og gamla Landsbankans. Í því fólst meðal annars að íslenska ríkið eignaðist 81,33 prósenta hlut í bankanum en þrotabúið hélt eftir afganginum. Sú breyting gat orðið á þeirri tilhögun að ef svokallað skilyrt skuldabréf yrði metið á 92 milljarða króna í lok árs 2012 myndi þrotabúið skila hlut sínum gegn útgáfu skuldabréfsins.

Sá hlutur átti þó ekki að renna að öllu leyti til ríkisins heldur var samið um að starfsmenn Landsbankans myndu fá tvö prósent af heildarhlutafé hans ef takmarkinu yrði náð og átti sá hlutur að mynda stofn væntanlegs kaupaukakerfis innan bankans.

Ekki liggur fyrir hversu mikið hver starfsmaður fær í sinn hlut þar sem bankinn hefur ekki kynnt útfærslu kaupaukakerfisins.

Hluturinn átti að vera umbun fyrir árangur starfsmanna við hámörkun á alls átján eignum sem mynda stofn skuldabréfsins. Ljóst er að sú innheimta hefur gengið vel því virði skuldabréfsins var bókfært á 26,5 milljarða króna í árslok 2010. Hefði það verið niðurstaðan hefði hlutur starfsmannanna verið 0,6 prósent.

Samkvæmt ársreikningi Landsbankans er virði bréfsins í lok síðasta árs 87,5 milljarðar króna. Þrotabúið metur það hins vegar á 92 milljarða króna og endanleg fjárhæð þess veltur á mati erlendra sérfræðinga á áðurnefndum eignum.

Eins og staðan er í dag munu starfsmennirnir því fá 1,9 til 2,0 prósenta hlut í bankanum. Skuldabréfið verður gefið út í síðasta lagi 31. mars. Það verður í evrum, ber fljótandi vexti og með lokagjalddaga í október 2018, tíu árum eftir fall gamla Landsbankans. Greiða verður ársfjórðungslegar greiðslur af því frá og með næsta ári.

thordur@frettabladid.is



**STEINÞÓR PÁLSSON** Umbun starfsfólks Landsbankans má rekja til uppgjörsins milli nýja og gamla Landsbankans frá 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**4,3 milljarðar** er virði hlutar starfsmanna í skilyrtu skuldabréfi

**47 MILLJÓNIR**

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, er með mun lægri laun en kollegar hans hjá Íslandsbanka og Arion banka. Í fyrra námu heildarlaun hans 14,2 milljónum króna auk þess sem 2,4 milljónir króna voru greiddar í lífeyrissjóð fyrir hann. Til viðbótar hefur stjórn Landsbankans lagt til hliðar 47 milljónir króna sem nota á til að leiðrétta laun Steinþórs komist kjararáð að þeirri niðurstöðu að endurskoða eigi þau fyrir árin 2011 og 2012. Stjórnin telur að ákvörðun launa Steinþórs af kjararáði kunni að vera í andstöðu við bæði samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og stjórnarskrá Íslands. Hún hefur sent Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) erindi vegna þessa. Kjararáð hefur enn sem komið er ekki tekið ákvörðun um laun Steinþórs.





**Einn sparneytnasti bíll í heimi!**

Kia Rio 1,1 dísil, sex gíra, eyðir frá **3,6 lítrum á hundraðið** í blönduðum akstri. Magn $CO_2$ í útblæstri er mjög lítið eða aðeins 94 g/km og fær hann því **frítt í stæði í Reykjavík** í 90 mínútur í senn. Einnig fáanlegur sjálfskiptur með bensínvél.

**Eigum bíla til afgreiðslu strax! Komdu og reynsluaktu.**

Verð frá **2.660.777 kr.** Rio 1,1 dísil

Aðeins **22.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

*M.v. 50% útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti og grænan bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,7% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,72%.

ergo

Þú finnur „Kia Motors Ísland" á Facebook

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

# MIKLU MEIRA EN BARA MÚRVÖRUR...

MÚR BÚÐAR VERÐ




Ný hönnun

NAPOLI hitastýrt sturtusett

**29.900**




DekaCryl 7 Innimálning 10 lítrar

**5.890**




Deka Spartl LH. 3lítrar

**1.990**



Swift snagi, burstað stál, mikið úrval

**1.590**

Ryco LDL-MD236A lampi m.grind 2x36w T8 122x30x7,5cm með perum

**6.990**





Hleðsluljós LM6006

**3.390**



Rafmagnshita-blásari 2Kw 1 fasa

**6.990**

HDD1106 580W stingsög DIY

**2.790**





CERAVID SETT WC- kassi, hnappur og hæglokandi seta. Þýsk gæðavara.

**38.990**



Áltrappa 4 þrep, 137 cm

**4.990**

Sterkbyggðar áltröppur Margar stærðir



Hillueining 183x40x100cm með spónarplötuhillum

**5.490**



Rafhlöðuborvél / skrúfvél HDD 3213 12V DIY

**5.840**



Stálvaskur Bol-834 80x48x18cm þykkt 0,8mm

**11.990**



PVC mottur 50x80 cm **1.490**

66x120 cm kr **2.790**

100x150 cm kr **4.990**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf, það breytist ekki!*

**Konu kvöld 19.30-23.00**

# Konukvöld

Konukvöld Létt Bylgjunnar í Smáralind er meiriháttar skemmtun fyrir konur á öllum aldri. Dúndur stemning, vörukynningar og frábær tilboð í verslunum og á veitingastöðum. Flott tískusýning frá verslunum Smáralindar og skemmtiatriði í heimsklassa á stóru sviði á göngugötunni.

Konur – þetta er kvöldið okkar!

## Dagskrá 20.00–22.30

### Fimmtudagur 14. mars

- Stebbi og Eyfi spila og syngja
- Tískusýning
- Söngkonurnar Þórunn Erna og Guðrún Árný
- Zumbakennsla með stuðboltunum Jóa og Theu
- Eyþór Ingi Evróvisjónfari
- Hártískusýning Modus við inngang hárstofunnar á 2. hæð
- Hera Björk
- Vinningar í happdrætti tilkynntir





Gestgjafar kvöldsins eru Zumbahjónin Jói og Thea

**Aðalvinningur**

Ferðavinningur frá **Úrval-Útsýn**
Árskort frá **Hreyfingu Heilsulind**
2 x 20.000 kr. gjafakort frá **Smáralind**

Glæsilegir aukavinningar

**Glæsilegt happdrætti**



## Samstarfsaðilar

Létt Bylgjan 967 · Ný & Betri · Úrval-Útsýn · Hreyfing Heilsulind · Blue Lagoon Iceland

## Skemmtilegar kynningar í göngugötunni

Make Up Store
Oroblu
Ölgerðin
Loréal
Stöð2
Sigga Lund
Epli.is
Mekka Wines & Spirits
Skin Doctors
Sigríður Klingenberg og föruneyti
Mjólkursamsalan



# TILBOÐ

**20%** **afsláttur**
af öllum vörum
JÚNÍK

**20%** **afsláttur**
af öllum vörum
**30% afsláttur**
af líkamslínu og ilmvötnum
MAKE UP STORE

**15%** **afsláttur**
af Dr. Organic húðvörum
HOLLAND & BARRETT
we're good for you

**20%** **afsláttur**
af öllum vörum
Signatures Of Nature
Organic Beauty

**8** **blandaðir bitar**
og hvítvínsglas á
**1.990 kr.**
SUSHIGRYFJAN

**Öll salöt á 1.500 kr.**
**Tempura makirúlla**
með rækjum og spicy mæjó
**1.500 kr.**
CAFÉADESSO

**20%** **afsláttur**
af öllum úrum
meba | rhodium

**20%** **afsláttur**
af snyrtivörum
**25%** **afsláttur**
af öllum öðrum vörum
DEBENHAMS

**20%** **afsláttur**
af öllum vörum, nema ekta leðri
oasis

**20%** **afsláttur**
af öllum vörum
KARAKTER
KONUR

**20%** **afsláttur**
af öllum kjólum
KAREN MILLEN

**20%** **afsláttur**
af öllum peysum
evans.

**20%** **afsláttur**
af öllum vörum
Drangey

**20%** **afsláttur**
af öllum yfirhöfnum
TOPSHOP

**20%** **afsláttur**
af öllum glösum
**25% afsláttur**
af Travalo ferða-ilmvatnsúðaranum
Lif&List
SMÁRALIND

**20%** **afsláttur**
af öllum vörum
HYGEA

**20–40%**
**afsláttur**
af völdum úlpum
CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

**30%** **afsláttur**
af möskurum
**20% afsláttur**
af dömuskyrtum og Valencia brjóstahöldurum
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Smáralind

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

ENNEMM / SÍA / NM50658

# KONUKVÖLDS

**15% afsláttur**
af öllum skóm
BOSSANOVA

**20% afsláttur**
af öllum klútum
SIX

**25% afsláttur**
af öllum kvenbuxum
LEVI'S

**25% afsláttur**
af öllu í dömudeild
UNITED COLORS OF BENETTON.

**20% afsláttur**
af öllu nema pakkatilboðum
THE BODY SHOP

**20% afsláttur**
af öllum drykkjum á kaffibar
TE & KAFFI

Klúbbsamloka og Víking á **2.190 kr.**
Hvítvínsglas hússins á **600 kr.**
energia
RESTAURANT - KAFFI - BAR

**20% afsláttur**
af öllum Leonardo vörum
DÚKA

**20% afsláttur**
af öllum vörum
gallerí sautján

**20% afsláttur**
af dömuíþróttaskóm og Casall dömufatnaði og aukahlutum
ÚTILÍF

**20% afsláttur**
af öllum 67 skóm
gs skór
Kringlan - Smáralind

**20% afsláttur**
af öllum City Shoes skóm
focus

**20% afsláttur**
þegar keyptar eru þrjár flíkur eða meira
POLARN O. PYRET

Fellum niður VSK af öllum vörum
PLUSMINUS OPTIC

**15% afsláttur**
af öllum vörum
Móðir Kona Meyja

Fjöldi frábærra **afmælistilboða**
Vero moda er 20 ára
VERO MODA

**10% afsláttur**
af öllum vörum
VILA CLOTHES

**10% afsláttur**
af öllum vörum
name it

**15% afsláttur**
af öllum dömuvörum
SELECTED FEMME

**25% afsláttur**
af öllum vörum
smáralind

**20% afsláttur**
af öllum skóm
Kaupfélagið

**20% afsláttur**
af öllum skóm
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN

**20% afsláttur**
af öllum skóm
ecco

**10–20% afsláttur**
af öllum vörum
DÝRABÆR

**20% afsláttur**
af öllum hárvörum nema Moroccan Oil
MODUS Hárstofa SMÁRALIND

**20% afsláttur**
af öllum skartgripum
CARAT
Haukur gullsmiður

**Macbook Air 11"** á **169.990 kr.**
**iPod Nano** á **24.990 kr.**
og fjöldi annarra tilboða
epli.is

**20% afsláttur**
af öllum vörum
snúðar & snældur

**15–20% afsláttur**
af völdum vörum
66° NORÐUR

# TILBOÐ



**20%** afsláttur
af öllum vörum
CORNER

**25%** afsláttur
af öllum vörum
KITCHEN LIBRARY

**50%** afsláttur
af allri herravöru
**25% afsláttur**
af öllu öðru
ORGINAL

**15%** afsláttur
af öllum vörum
DOROTHY PERKINS

**30%** afsláttur
af öllum vörum
BOYS

**20%**
**vildarklúbbsafsláttur**
af öllum tímaritum,
erlendum tískubókum
og völdum ferðatöskum.
Eymundsson

**20%** afsláttur
af öllum vörum
Bata
Skóverslun Smáralind

Þú kaupir **3** hluti
og færð **4** hlutinn
**frítt**
MegaStore

**20%** afsláttur
af af völdum vörum
**35% afsláttur**
af gerberum og
kóngaliljum
BJARKARBLÓM

**25%** afsláttur
af öllum vörum
Ice in a bucket

**30%** afsláttur
af Danish Design úrum
JÓN & ÓSKAR
Laugavegur / Smáralind / Kringlan

**25%** afsláttur
af aukahlutum.
**10.000 kr.** afsláttur
af völdum símum
Síminn

**20%** afsláttur
af öllum vörum
Leonard

**Nautakjöts-feta-salat**
og kristall á 1.099 kr.
serrano FRESH MEX

**20–40%**
**afsláttur**
af völdum vörum
LYFJA
- Lifið heil

**Glæsileg tilboð**

Smáralind

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

ENNEMM / SÍA / NM50658

Sex þúsund öryrkjar vegna geðraskana:

# Að missa vitið en eiga afturkvæmt

Í dag fylgir Fréttablaðinu blað Geðhjálpar en samtökin voru stofnuð fyrir meira en þrjátíu árum. Þau hafa miklu breytt fyrir sína skjólstæðinga, fjölskyldur þeirra og samfélagið í heild.

Síðustu ár hefur okkur tekist að horfast í augu við verstu hliðar fordóma okkar gagnvart geðsjúkum. Á sama tíma virðist vandinn hafa stóraukist ef marka má tölur um fjölda öryrkja vegna geðraskana.



Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is

Á Íslandi eru öryrkjar með yfir 75 prósent örorku um fimmtán þúsund manns. Þetta er fólk sem getur ekki unnið fyrir sér og er að hluta eða öllu leyti á framfæri Tryggingastofnunar ríkisins. Fjörutíu prósent, eða sex þúsund manns af þessum fimmtán þúsund, eru öryrkjar vegna geðraskana. Fyrir tuttugu árum voru öryrkjar í heild ekki nema sex þúsund og rétt um tuttugu prósent, eða tólf hundruð manns, voru öryrkjar vegna geðraskana.

Hvers vegna öryrkjum fjölgaði á þessum tveimur áratugum og hlutfall öryrkja vegna geðraskana tvöfaldaðist hefur lítið verið rætt. Þó verður að taka fram að þessi þróun einskorðast ekki við Ísland. Hún er í samræmi við það sem er að gerast í nágrannalöndunum. Opinbera skýringin er oft sú að vakning hafi orðið hvað geðræna sjúkdóma varðar.

Svo eru það fordómarnir. Þegar einhver meðal okkar veikist af geðrænum sjúkdómi er leiðin til baka löng. Margir geðsjúkir sem ná bata og vilja aftur gerast fullgildir meðlimir í samfélaginu finna fyrir fordómum. Þeim eru oft allar dyr lokaðar og slíkar sögur lesum við oft í blöðunum og heyrum frá vinum og kunningjum. Fólk sem misst hefur vitið og fundið það aftur er oft litið hornauga á vinnumarkaði. En það ætti auðvitað að felast heilmikið virði í þeirri reynslu sem það hefur gengið í gegnum.

Það virðist líka vera meiriháttar mál að fara af örorkubótum. Matið sjálft er vitlaust hugsað og fólk flokkað niður eftir því sem það getur ekki. Miklu nær væri að örorkumat héti starfsgetumat og við reyndum að nálgast einstaklinginn út frá því sem hann getur í stað þess að einblína á það sem hann getur ekki.

Tölfræðileikir um hvar þessi þróun mun enda skilar okkur litlu en allt stefnir í að öryrkjum vegna geðraskana muni fjölga mikið næstu misserin. Við erum mjög gjörn á að viðurkenna nýja og nýja sjúkdóma og flokka og setja fólk á lyf við þeim.

Við gleymum oft að það sem getur haft úrslitaáhrif á fólk sem heyr baráttu við geðsjúkdóma er gott nærsamfélag. Oft skiptir það meira máli en geðdeildir og lyf að eiga góða nágranna, vinnufélaga og fjölskyldu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

**Aðalfundur Skógræktarfélags Kópavogs**

**Aðalfundur Skógræktarfélags Kópavogs verður haldinn í kvöld miðvikudaginn 21. mars kl 20 í Gullsmára 13.**

**Dagskrá:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins
2. Smári Smárason arkitekt flytur erindi um skipulag á skógræktarsvæðum umhverfis Guðmundarlund.
3. Önnur mál

***Stjórn Skógræktarfélags Kópavogs***

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Baráttan hafin

Nú, þegar nær dregur kosningum, er það að koma berlega í ljós sem átti svo sem alltaf að vera ljóst, að stjórnarandstaðan er ekki ein heild. Flokkarnir keppast nú við að marka sérstöðu sína, enda fá þeir ekki sameiginleg atkvæði. Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurði í gær Eygló Harðardóttur, þingmann Framsóknarflokksins, út í kosningastefnu flokks hennar. Vill hún banna verðtryggingu? Þekkir hún kenningar um að tekjulægra fólk þurfi að dreifa byrði af lánum, til dæmis með verðtryggingu? Ráðleggur hún fólki að taka aðeins óverðtryggð lán, sem í dag eru með 7,5 prósenta nafnvöxtum sem gætu hækkað, og hvað þýðir að leiðrétta stökkbreytt lán? Þá velti Pétur upp rauneðli eigna og skulda. „Ef bensínið á tanknum mínum hækkar yfir nótt, er ég þá ríkari?“



### Lestu stefnuna

Eygló reyndist eðlilega erfitt að svara þessum spurningum á þeim tveimur mínútum sem hún hafði til umráða. Sagði að best væri fyrir Pétur, og raunar aðra þingmenn Sjálfstæðisflokksins, að lesa tillögur hennar sjálfrar um málin. Kosningabaráttan er svo sannarlega hafin.

### Pólitískur þrýstingur?

Ríkisútvarpið sýndi í gærkvöldi gamlar fréttaupptökur frá því árið 2001. Þá réttlætti Siv Friðleifsdóttir þá ákvörðun sína að snúa úrskurði Skipulagsstofnunar við og heimila Kárahnjúkavirkjun. Þá var sýnd klippa af Davíð Oddssyni, sem sagði þetta það eina rétta í stöðunni. „Hvað með pólitískan þrýsting?“ spurði fréttamaðurinn og fékk afsvar. Umræddan fréttamann mátti sjá á skjánum síðar um kvöldið, en þar var á ferð Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, núverandi formaður Framsóknarflokksins.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Frelsinu fylgir ábyrgð

FJÁRMÁL



Kristinn H. Gunnarsson

fv. alþingismaður

Umræðan í aðdraganda komandi alþingiskosninga snýst um þessar mundir að mestu um fortíðina. Það er varla minnst á það hvernig eigi að greiða niður gífurlegar skuldir hins opinbera, koma á efnahagslegum stöðugleika og ná fram vaxandi kaupmætti. Krafist er að ríkið lækki skuldir þeirra sem keyptu skömmu fyrir hrun. Rökin eru þau að skuldirnar hafi stökkbreyst og að ósanngjarnt sé að þær verði greiddar að fullu. Nóg framboð er af stjórnmálaflokkum sem lofa skuldurum gulli og grænum skógum og skeyta lítið um þá sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Þessi þróun í þjóðfélaginu er mjög varasöm og minnir á upplausnarástandið á 13. öldinni, í aðdraganda þess að þjóðin lét frá sér sjálfstæðið vegna innri sundrungar.

Rökin fyrir kröfunni eru röng. Skuldirnar hafa ekki stökkbreyst. Minnkandi verðgildi krónunnar gerir það að verkum að fleiri krónur þarf til þess að endurspegla sömu verðmæti. Það er kaupmátturinn sem féll, þess vegna eiga margir í erfiðleikum með að standa undir skuldbindingum sínum. Lækkun skulda með lagasetningu þýðir einfaldlega að þær eru færðar til og aðrir einstaklingar borga. Þeir sem munu bera skuldatilfærsluna urðu fyrir sömu kjaraskerðingunni og skuldararnir. Hvers vegna eiga þeir að axla meiri byrðar en orðið er og hver eru rökin fyrir því að valdir skuldarar eigi að vera undanþegnir kjaraskerðingunni? Byrðarnar munu einkum lenda á gamla fólkinu, örorkulífeyrisþegum og heilbrigðiskerfinu. Þegar er meira en nóg í þeim efnum að gert og ekki á það bætandi.

> **➜ Skuldirnar hafa ekki stökkbreyst. Minnkandi verðgildi krónunnar gerir það að verkum að fleiri krónur þarf til þess að endurspegla sömu verðmæti.**

Einstaklingar og lánastofnanir búa við frelsi til þess að semja um fjárskuldbindingar. Því frelsi fylgir hins vegar ábyrgð. Það er verkefni þessara aðila að semja um viðbrögð þegar forsendur breytast verulega, eins og minnkandi kaupmáttur er dæmi um. Hvers vegna eru stjórnmálaflokkar að færa ábyrgðina frá viðskiptabönkunum yfir á ríkissjóð á því að takast á við afleiðingar lánveitinga sinna? Íslandsbanki skreytir sig með því að endurgreiða hluta af vöxtum viðskiptavina sinna. Bankinn hefur grætt 81 milljarð króna frá hruni. Það gengur ekki að breyta leikreglunum eftir á og afnema ábyrgðina. Það þarf að líta til framtíðar áður en það verður gert.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hugleiðingar um spægipylsur

Í DAG
**Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir**
borgarfulltrúi



Besti flokkurinn kom, sá og sigraði í borgarstjórnarkosningunum fyrir þremur árum. Andrúmsloftið gagnvart stjórnmálamönnum var neikvætt og traust til þeirra í lágmarki. Kjörtímabilið á undan endurspeglaði erfiða tíma og opinberun á slæmum ákvörðunum. Besti flokkurinn naut góðs af þessu í kosningunum auk þess sem háð og brandarar um loforð sem yrðu aldrei uppfyllt tóku málefni úr samhengi. Í dag er Besti flokkurinn í samstarfi við Samfylkinguna sem hlaut einungis 19% fylgi. Þrátt fyrir það fer Samfylkingin fyrir málaflokkum sem ráðstafa 75% af skatttekjum borgarinnar og Dagur B. Eggertsson er formaður borgarráðs. Í ákvarðanatöku er Besti meira upp á punt.

Samstarfsflokkur Samfylkingarinnar í landsmálunum hefur ekki verið sama strengjabrúðan. Forsætisráðherra smalar köttum og þingmál hafa verið í uppnámi allt kjörtímabilið. Það gengur ekkert með stærsta mál Samfylkingarinnar, Evrópusambandið, og flokksmenn gagnrýna samstarfssamning ríkisstjórnarflokkanna harkalega. Ríkisstjórnin er afar óvinsæl og fylgi við Samfylkingu mælist hið minnsta í 13 ár. Samfylkingin skynjaði fyrir nokkuð löngu síðan að hún gæti þurft nýja leið út úr sínum vandræðum.

**Spægipylsa í nýjum búningi**

Í markaðsfræðum er fyrirbærið útvíkkun á vöru eða vörulínu vel þekkt (e. line extension). Þá er ný vara sett á markað sem byggir á eldri vöru. Viðbótin getur falist í nýjum lit, breyttu magni eða nýrri framsetningu. Ágætt dæmi er þegar kjötframleiðandinn Oscar Mayer lenti í vandræðum með sölu á spægipylsum á níunda áratug síðustu aldar sem þóttu óhollar og gamaldags. Ákveðið var að búa til nýja vörulínu með því að setja gömlu pylsurnar í nýjan búning. Öllu gumsinu var pakkað í umbúðir sem voru kallaðar „Lunchables“, ýmsu óhollu raðað með í pakkann og hann markaðssettur. Nýja varan seldist grimmt þó að innihaldið væri enn verra en upprunalega spægipylsan.

Samfylkingin hefur eflaust ákveðið svipaða leið. Á einhverju stigi varð til hugmyndin um að stofna nýjan flokk sem gæti hirt óánægjufylgið en væri um leið tilvalinn samstarfsflokkur eftir næstu kosningar. Besta flokks hugmyndin, þar sem popparar og vinalegt fólk laust við pólitíska árekstra, var stórgott módel. Tryggja þyrfti lítið framboð sem væri skemmtilegt og jákvætt og fengi atkvæði út á neikvæða umræðu um stjórnmálamenn sem enn virtist gegnsýra samfélagið. Málefnalega þyrfti útibú Samfylkingarinnar hins vegar að vera keimlíkt móðurfélaginu.

**Minna vesen**

Líklega hefur runnið upp fyrir herstjórnarfræðingunum að auðveldasta leiðin til að útbúa litla útibúið væri að fá Besta flokkinn með í ráðabruggið. Þegar nánar er að gáð eru þeir nefnilega sami flokkurinn, Bjarti og Besti, en ekki systraflokkar eins og markaðssetningin hefur gengið út á. Bæði öflin eru sett fram til höfuðs hinum „leiðinlegu stjórnmálamönnum“ og boða „minna vesen“, „það besta úr öllum stefnum“ og „fjölbreytni og sátt“. Stefnumál beggja eru fullkomlega óljós, mesta vinnan hefur farið í ímyndarvinnu og framboðslistar þeirra eru valdir af þröngum hópi fólks þar sem vesenið við lýðræðislega framkvæmd er lágmarkað.

Að auki er þetta allt sama fólkið. Borgarstjóri, aðstoðarmaður hans, framkvæmdastjóri og allir borgarfulltrúar Besta flokksins fyrir utan einn hafa raðað sér á lista Bjartrar framtíðar. Ekki skal túlkað hér hvaða skilaboð þetta sendir borgarbúum um áhuga þeirra á málum borgarinnar en ljóst er að klíka Besta flokksins er nú með hugann við landsmálin. Þeim er kannski vorkunn þegar haft er í huga að Samfylkingin situr í bílstjórasætinu í borginni.

**Stærra útibú**

Björt framtíð er þannig sköpuð sem systurflokkur Samfylkingarinnar. Hressilegri, laus við ábyrgð á miklum skattahækkunum og árangursleysi í framkvæmdum og ekki brennimerkt óvinsælum ákvörðunum. Nýja afurðin virkar öðruvísi ef kjósendur sjá ekki í gegnum nýju umbúðirnar. Á landsfundi Samfylkingarinnar sagði Jóhanna Sigurðardóttir að „með öflugum jafnaðarmannaflokki eins og Samfylkingunni gætu þessir smærri flokkar lagt ríkulega af mörkum“. Ekki óraði þáverandi formann Samfylkingarinnar fyrir að fylgi Bjartrar framtíðar yrði meira en fylgi Samfylkingarinnar eins og skoðanakannanir hafa sýnt fram á. Að stóra Samfylking yrði minni en litla Samfylking var líklega ófyrirséður vinkill.

> Borgarstjóri, aðstoðarmaður hans, framkvæmdastjóri og allir borgarfulltrúar Besta flokksins fyrir utan einn hafa raðað sér á lista Bjartrar framtíðar.

Ólíkt spægipylsuframleiðandanum sem var nokk sama hvor seldist betur, gamla pylsan eða sú nýja, er ólíklegra að forysta Samfylkingarinnar kætist verði það niðurstaðan að litla Samfylkingin verði stærri en frumgerðin. Þó má vera að þeim standi alveg á sama. Þau vita jú, sé mið tekið af borginni, að þau ráða ferðinni ef til samstarfs kemur.

GEFUM HEILANUM GAUM

# Vægir heilaáverkar ungs fólks

HEILBRIGÐISMÁL
**Jónas G. Halldórsson**
sálfræðingur, sérfræðingur í klínískri taugasálfræði
sálfræðiþjónusta LSH - Grensási



Flestir heilaáverkar verða af völdum höfuðhöggs, sem kemur hreyfingu á heilann og veldur álagi á heilavef, taugafrumur og taugasíma. Þegar höggið er vægt virðist heilinn yfirleitt ná sér að fullu á nokkrum dögum eða vikum, en þegar höggið er þyngra kann það að leiða til álags á taugasíma sem veldur skaða og langvinnum einkennum, sem hafa áhrif á hugræna þætti, atferli, aðlögun og líðan.

Vægasta form heilaáverka er heilahristingur, sem einkennist af einkennum svo sem ógleði, uppköstum, svima, ruglástandi, svefnhöfgi eða skertri meðvitund. Heilaáverkar eru algengir. Gera má ráð fyrir að í hópi ungs fólks á aldrinum 15-35 ára hafi helmingurinn hlotið heilahristing eða annan heilaáverka. Í flestum tilvikum eru heilaáverkar vægir og einstaklingurinn virðist ná sér að fullu á nokkrum dögum, vikum eða mánuðum eftir atburðinn.

Stundum valda „vægir“ heilaáverkar þrálátum afleiðingum til lengri tíma. Þungt höfuðhögg er líklegra til að valda langtímaafleiðingum en léttara högg. Einstaklingur sem hefur hlotið heilahristing eða heilaáverka oftar en einu sinn er líklegri til að vera með langtímaafleiðingar en sá sem hefur hlotið áverka einu sinni. Endurtekin höfuðhögg, jafnvel þótt þau valdi ekki einkennum heilahristings, geta leitt til þrálátra einkenna. Þegar heilinn er að ná sér eftir höfuðhögg og heilahristing er hann sérstaklega viðkvæmur fyrir öðru höfuðhöggi.

> **→ Endurtekin höfuðhögg, jafnvel þótt þau valdi ekki einkennum heilahristings, geta leitt til þrálátra einkenna.**

Ungt fólk er ekki síður viðkvæmt fyrir afleiðingum heilaáverka en þeir sem eldri eru. Heilaáverkar eru ógn við hugræna heilsu. Fyrirbyggjandi aðgerðir eru mikilvægar til að draga úr líkum þess að ungt fólk hljóti heilahristing og heilaáverka. Hjálmar og annar öryggisbúnaður hafa sannað gildi sitt. Endurtekin höfuðhögg hafa ávallt hættu í för með sér, jafnvel þótt þau séu væg. Eftir heilahristing þarf að gæta þess að andlegt og líkamlegt álag sé ekki of mikið, þar til einkenni gera ekki lengur vart við sig, og draga þarf úr líkum á endurteknum heilahristingi.

## AF NETINU

### Veiðigjaldið fer í „Hús íslenskra fræða“

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra tók í gær fyrstu skóflustungu að Húsi íslenskra fræða, sem rísa mun á lóð gamla Melavallarins við Þjóðarbókhlöðuna. Húsið verður vettvangur fyrir Árnastofnun, handritin og Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Starfsemi á sviði íslenskra fræða eflist til muna og loks verður handritunum sýndur sómi með boðlegri sýningaraðstöðu fyrir erlenda sem innlenda gesti.

Þetta er því mikið fagnaðarefni. Fjárfesting í menntun, rannsóknum og ferðaþjónustu. Ríkið greiðir um 70% kostnaðar og Happdrætti HÍ restina.

Ekki er víst að margir viti af því en hlutur ríkisins er greiddur af hinu nýja veiðigjaldi, sem ríkisstjórnin setti á í fyrra.

http://blog.pressan.is

*Stefán Ólafsson*



# Geðheilbrigði til framtíðar

HEILBRIGÐISMÁL





Eva Bjarnadóttir
framkvæmdastjóri Geðhjálpar

Garðar Sölvi Helgason
geðklofasjúklingur

**➜ Um margra ára skeið hefur geðheilbrigðisþjónusta verið fjársvelt, skortur hefur verið á nýliðun meðal sérfræðinga á þessu sviði og engin heildstæð stefnumótun átt sér stað.**

Ýmis málefni sem tengjast geðheilbrigði hafa vakið verðskuldaða athygli að undanförnu. Það er því vert að líta yfir sviðið og skoða aðbúnað málaflokksins.

Í því ljósi minnum við á mikilvægi þess að fólk með geðsjúkdóma taki virkan þátt í opinberri umræðu um heilbrigðisþjónustuna, kjör sín og hagsmuni. Annar höfunda þessarar greinar greindist með geðklofa 16 ára gamall og á þeim 43 árum sem liðin eru hefur hann tvisvar sinnum lagst inn á geðdeild. Með eigin aðferðum og með aðstoð geðlyfja hefur hann náð góðum bata, tekið virkan þátt í hagsmunabaráttu síns hóps og notið lífsins.

### Aðgengileg heilbrigðisþjónusta

Til þess að okkur geti almennt gengið vel að takast á við geðsjúkdóma þarf heilbrigðiskerfið að vera aðgengilegt og styðjandi, og ekki síður að hafa það að markmiði að allir nái bata með hjálp endurhæfingar, réttrar lyfjagjafar og góðrar eftirfylgni. Þá er afar mikilvægt í þessu samhengi að viðeigandi meðferð geti hafist sem fyrst.

Um margra ára skeið hefur geðheilbrigðisþjónusta verið fjársvelt, skortur hefur verið á nýliðun meðal sérfræðinga á þessu sviði og engin heildstæð stefnumótun átt sér stað. Á síðustu árum höfum við svo fundið fyrir því hvernig niðurskurður í heilbrigðisþjónustu hefur aukið álagið alls staðar á landinu. Þeir sem leita til ráðgjafa Geðhjálpar í Reykjavík hafa gjarnan beðið lengi með að leita sér aðstoðar og þörfin á aðstoð orðin mikil. Fyrir marga þeirra eru því fjögurra til fimm mánaða biðlistar Landspítalans allt of langir.

### Niðurskurður ekki rót vandans

Þótt niðurskurðurinn hafi aukið álagið á kerfinu er hann þó ekki rót vandans. Geðhjálp hefur bent á að nýrri hugsun um réttindi fólks með geðsjúkdóma verði að fylgja ný vinnubrögð. Á síðustu árum hafa slíkar hugmyndir rutt sér braut innan geðheilbrigðisþjónustunnar og mikilvæg skref hafa verið stigin, meðal annars með tilkomu réttindagæslumanna fatlaðra og með nýrri Geðheilsustöð Breiðholts.

Aftur á móti hefur þessari jákvæðu þróun ekki verið fylgt eftir með áætlun um hvernig hinir fjölmörgu aðilar á geðsviði eigi að vinna saman eða hvernig tryggja eigi jafnan aðgang allra að sambærilegri þjónustu. Með öðrum orðum, rót vandans er í raun skortur á heildstæðri stefnumótun í geðheilbrigðismálum en ekki bara fjárskortur eða hugmyndaleysi. Bæði í niðurskurði og í uppbyggingu verða markmiðin að vera skýr. Þá verður leiðin að þeim markmiðum að liggja fyrir og jafnframt áætlun um hvernig ólík stig þjónustunnar eigi að vinna saman.

### Áskorun

Enginn skortur er á góðum hugmyndum á geðheilbrigðissviði, og daglega leggja fjölmargir sitt af mörkum við að veita bestu mögulegu þjónustu. Við skorum því á stjórnvöld að virkja þennan mannauð og móta geðheilbrigðisstefnu til framtíðar. Við skorum á frambjóðendur til næstu kosninga að setja geðheilbrigðismál á dagskrá stjórnmálanna. Síðast en ekki síst skorum við á fólk með geðsjúkdóma, aðstandendur þess og alla þá sem hafa áhuga á málaflokknum að láta í sér heyra, taka þátt í hagsmunabaráttu og þrýsta á um breytingar.




# Kína knýr að dyrum Íslands

NORÐURSLÓÐIR





Einar Benediktsson
fyrrum sendiherra Íslands í Bandaríkjunum og hjá NATO og Evrópusambandinu

Thomas R. Pickering
fyrrum aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna og sendiherra í Rússlandi og hjá Sameinuðu þjóðunum

**➜ Kínverskar fyrirætlanir um „ferðamannaparadís“ í víðáttumikilli einangrun norðurhluta Íslands má vel líta á sem aðstöðu fyrir verkamenn við byggingu eða þjónustu við hafnir vegna vöruflutninga eða umsvifa á norðurskautinu.**

Einangrun Íslands var rofin í seinni heimsstyrjöldinni og kalda stríðinu. Vegna ráðandi legu landsins í Norður-Atlantshafi var landið í lykilstöðu fyrir varnir Atlantshafsbandalagsins og Bandaríkjanna. Við upplausn Sovétsamveldisins virtist svo að eyríkið skipti ekki máli og í október 2006 lauk veru bandarísks flughers í Keflavík. En nú er breyting enn á ný á ferðinni vegna bráðnunar á íshellu norðurskautsins með nýjum leiðum til sjóflutninga og nýtingamöguleikum á gífurlegum náttúruauðlindum.

Samkvæmt mati U.S. Geological Survey frá 2008 eru 19% allrar ónýttrar olíu, 30% af því er snertir jarðgas og 20% af fljótandi gasi undir hafsbotni Norðurskautsins. Ísland er ákjósanleg staðsetning fyrir hafrannsóknir á svæðinu og bækistöð vegna jarðborana, vinnslu og flutninga. Minnkun og væntanlegt hvarf íshellunnar leiðir til byltingarkenndrar breytingar í sjóflutningum frá Asíu til Evrópuhafna; norðausturleiðin minnkar flutningskostnað um 40% miðað við siglingu um Súesskurðinn.

### Í lykilstöðu

Enn á ný er Ísland í sinni strategísku lykilstöðu og meðal þeirra sem sýna þessu vaxandi áhuga er Kína. Nú er tími til kominn að Bandaríkin styrki tengslin við Ísland.

Með Ilulissat-yfirlýsingunni frá 2008 gerðu fimm aðildarríki Norðurskautsráðsins, Bandaríkin, Kanada, Danmörk-Grænland, Noregur og Rússland, í félagi við Ísland, Svíþjóð og Finnland, tilkall strandríkja til lögsögulegra réttinda á norðurskautinu í samræmi við ákvæði Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Ísland er á norðurskautinu þótt landið sé ekki eitt af strandríkjunum og hefur viðurkennd vinnsluréttindi á hinu væntanlega auðuga landgrunni Jan Mayen samkvæmt tvíhliða samningi við Noreg frá 1981.

Þótt Kína hafi ekki opinberað stefnu sína varðandi norðurskautið verður að teljast ólíklegt að þar sé að finna stuðning við einhliða ákvarðanir Norðurskautráðsins. Stórlega hagkvæm siglingaleið fyrir helsta iðnaðarvöruframleiðanda heims mun liggja um norðurskautið. Og á síðastliðnum árum hafa Kínverjar staðið að meiri háttar átaki til að ná aðgangi að vinnslu málma og orku í mörgum heimshlutum. Opinberar stofnanir í Kína og fræðimenn hafa haldið fram kröfum um að siglingar um svæðið og nýting auðlegðar á hafsbotni þess eigi að koma mannkyni öllu til góða.

Áhugi Kínverja á nánari tengslum við Ísland er til kominn vegna öflunar stuðnings um að komast í Norðurskautsráðið. Forsætisráðherra Kína, Wen Jiabao, kom í opinbera heimsókn til Íslands 2012 með fjölmennu fylgdarliði í forgangi við heimsókn til annarra Evrópulanda. Komu kínverska ísbrjótsins Xuelong var fagnað með móttöku áhafnarinnar hjá forseta Íslands. Risinn Kína og hið örsmáa Ísland, sem skilur óralengd í fjarlægð, eru í samningsviðræðum um tvíhliða fríverslun.

Kínverskar fyrirætlanir um „ferðamannaparadís“ í víðáttumikilli einangrun norðurhluta Íslands má vel líta á sem aðstöðu fyrir verkamenn við byggingu eða þjónustu við hafnir vegna vöruflutninga eða umsvifa á norðurskautinu. Ísland gæti orðið samtvinnaður þáttur í framkvæmd fyrirætlana Kínverja um að ráðast í fjárfestingu risastórrar járngrýtisvinnslu fyrir milljarða dollara fyrir norðan Nuuk á Grænlandi.

Í sem stystu máli leitast Kína við að marka sér stöðu á norðurskautinu, fyrst á Grænlandi en síðar með stuðningsaðstöðu á Íslandi, sem er ekki aðili að Evrópusambandinu og að því er virðist yfirgefið af Bandaríkjunum. Sú aðstaða gæti hugsanlega haft framtíðarnotkun fyrir herskip í efirliti á norðurskautinu og norðaustursiglingaleiðinni til Evrópu.

### Lífshagsmunamál

Öryggi og stöðugleiki á evrópska norðurskautssvæðinu eru lífshagsmunamál Evrópuríkja og Bandaríkjanna. Til eflingar öryggis er til allrar gæfu hvorki þörf á ný á herstöð á Íslandi né gerð nýrra samninga – viðeigandi ráðstafanir hvíla á gildandi samningum Atlantshafssáttmálanum frá 1949, tvíhliða varnarsamningi Bandaríkjanna og Íslands frá 1951 og samkomulagsatriðum Íslands og Bandaríkjanna frá 2006 um loftrýmiseftirlit, heræfingar og sameiginlegar leitar- og björgunaraðgerðir frá Keflavíkurflugvelli.

Tími er til kominn að Bandaríkin taki fyllilega til greina breytingar í þróun mála. Það felur í fyrsta lagi í sér aukið samráð og nána samvinnu við Ísland, gamlan bandamann, vin og granna í Norður-Atlantshafi. Að lágmarki er að löndin tvö séu tengd traustari böndum varðandi málefni norðurskautsins. Stuðningur við aðgerðir Íslendinga til að tryggja efnahagslegt öryggi og stöðugleika eflir stöðu landsins og þýðingu fyrir Atlantshafsbandalagið á svæði sem hefur vaxandi þýðingu.

Í annan stað á Ísland að eiga þess kost að verða aðili að Atlantshafssáttmálanum um viðskipti og fjárfestingar (The Transatlantic Trade and Investment Pact – TTIP) samhliða því sem Ísland á í aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

Í þriðja lagi ættu Bandaríkin á næstu Norður Víkings-heræfingunni að gera samstöðu með Noregi og Íslandi sýnilega. Þá ber að efla samvinnu Íslendinga við bandarísku landhelgisgæsluna í leitar- og björgunaraðgerðum á norðurslóðum.

Það er með slíkri ákveðinni stefnu og aðgerðum um gagnkvæma aðstoð og samvinnu sem Íslendingar tryggja frelsi sitt og sjálfstæði. Samtímis eiga Bandaríkin að gera það ljóst að víðtæk samvinna við Ísland, sérstaklega að því er varðar nýtingu auðlinda og verndun umhverfisins, er lykilatriði þjóðarstefnu Bandaríkin á heimssvæði vaxandi þýðingar.

*Greinin birtist fyrr í vikunni í New York Times og International Herald Tribune.*

# Gylliboð og galdralausnir

STJÓRNMÁL



Ingibjörg Óðinsdóttir
frambjóðandi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í 4. sæti Reykjavík norður

**➜ Sjálfstæðisflokkurinn hefur sett fram tillögur að slíkum aðgerðum sem allar miða að því að létta á greiðslubyrði heimilanna og lækka skuldir.**

Flestir þeirra stjórnmálaflokka sem bjóða fram til alþingiskosninga næsta vor eru sammála um að setja þurfi í forgang að leysa skuldavanda heimilanna. Há greiðslubyrði stökkbreyttra lána, síaukin skattbyrði, hækkandi vöruverð og fá atvinnutækifæri hafa þau áhrif að kaupmáttur heimilanna rýrnar stöðugt og venjulegt fólk á fullt í fangi með að halda sér á floti.

Það sem veldur hins vegar áhyggjum er hversu langt sumir flokkarnir ganga í því að bjóða gylliboð og galdralausnir sem ekki hafa verið hugsaðar til enda. Sumir þessara flokka komast t.d. upp með að slá um sig frösum sem líklegt má telja að fólk vilji heyra, líkt og „látum auðmenn borga brúsann“, „afnemum verðtrygginguna“ eða „lækkum verðtryggð húsnæðislán“, án þess að vera krafðir skýringa á því hvernig uppfylla eigi þessi loforð eða hvaða keðjuverkun það hrindir af stað í hagkerfinu.

Hver man ekki eftir kosningafrasa Framsóknarflokksins hér um árið þegar framsóknarmenn börðu sér á brjóst og studdu að því að bjóða fólki 90% húsnæðislán? Hvaða afleiðingar hafði það? Jú, fólk fékk að taka hærra lán sem hafði þau einu áhrif að fasteignaverð hækkaði samhliða. Þetta kosningaloforð var því bjarnargreiði fyrir marga og nú lofar sami flokkur að hann láti þessi lán hverfa.

Margir eru því miður í þeirri stöðu í dag að vera orðnir það langeygir eftir lausnum og hafa það litla trú á framtíðinni að þeir eru nánast reiðubúnir að stökkva á hvað sem er. Sama hversu ótrúlega það hljómar, það getur ekki verið verra en núverandi ástand. En það er bara ekki rétt. Við búum í mjög viðkvæmu hagkerfi sem er í dag varið með verðtryggingu og höftum og allar aðgerðir sem miða að því að koma okkur á réttan kjöl verða að vera úthugsaðar og öfgalausar.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur sett fram tillögur að slíkum aðgerðum sem allar miða að því að létta á greiðslubyrði heimilanna og lækka skuldir. Engar öfgar, engin gylliboð, bara raunhæfar lausnir. Þessar lausnir voru kynntar á síðasta landsfundi og fela m.a. í sér skattaafslátt til að auðvelda afborganir af húsnæðislánum, að nýta séreignarsparnað til að greiða niður höfuðstól lána, að lækka tekjuskatt og að afnema stimpilgjöld. Flokkurinn leggur jafnframt mikla áherslu á afnám gjaldeyrishaftanna sem forsendu efnahagsbata og vill gefa fólki val um að taka verðtryggð eða óverðtryggð lán, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum.

Hugsunin er sú að samspil margra þátta leysi skuldavanda heimilanna. Vandi heimilanna er misjafn og þess vegna þurfa lausnirnar að vera það líka. Ég vara fólk við að stökkva á gylliboð og galdralausnir án þess að fá skýringar eða svör við því hvernig fara eigi að hlutunum. Það er ekki nóg að ætla að setja málið í nefnd og svara eftir kosningar. Lærum af reynslunni og tökum skynsamar ákvarðanir varðandi framtíðina. Þannig, og eingöngu þannig, náum við að snúa blaðinu við og horfa fram á bjartari tíma.



# TILBOÐSDAGAR Í LYFJUM & HEILSU

## 20% AFSLÁTTUR AF EUCERIN VÖRUM



**Viltu hreina og ferska húð?**
Eucerin DermatoCLEAN hreinsilínan hreinsar og lætur húð þína sannanlega anda betur.

**Viltu endurnýja húðina?**
Eucerin DermoDENSIFYER eykur teygjanleika og þéttleika og hraðar endurnýjunarferli húðarinnar.

**Viltu draga úr húðblettum?**
Eucerin EVEN BRIGHTER minnkar húðbletti þar sem upptökin eru.

**Færðu bólur?**
Eucerin DermoPURIFYER berst gegn bólum og feitri húð á fjóra vegu.



**Viltu heilbrigðara hár?**
Eucerin DermoCapillaire hárvörurnar takast á við erfiðustu vandamálin í hári og hársverði.

**Róar og verndar!**
Eucerin Aquaphor er alhliða græðandi krem sem mýkir og verndar þurra, sára og sprungna húð.

**Vantar húðinni raka?**
Eucerin AQUAporin andlitskremin veita húðinni enn meiri raka.

**Ertu þurr?**
Eucerin sturtuolían gerir kraftaverk fyrir þurra húð.



**Ertu með viðkvæmar hendur?**
Eucerin fljótandi handsápan er góð fyrir þurrar hendur.

Eucerin®

GILDIR FRÁ 14. - 25. MARS

**Landsbyggðin**

Glerártorg Akureyri
Hrísalundur Akureyri
Dalvík

Keflavík
Selfoss
Hveragerði
Þorlákshöfn
Hella
Hvolsvöllur
Vestmannaeyjar

**Höfuðborgarsvæðið**

Kringlan
Austurver
JL-húsið
Domus Medica
Glæsibær
Eiðistorg
Hamraborg
Fjörður

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

# Bæjarstjóri á villigötum

NÁTTÚRUVERND



**Kristján Pálsson**
í stjórn Reykjanesfólkvangs og fv. form. FSS

Bæjarstjórinn í Grindavík ritar grein í Fréttablaðið nýlega þar sem hann boðar að slíta beri samstarfinu um Reykjanesfólkvang. Bæjarstjórinn telur sig með þessu vera að styrkja Reykjanesjarðvang (e. geopark) sem nýstofnaður er á Reykjanesi. Það er mikill misskilningur hjá bæjarstjóranum að halda að þessi ráðstöfun styrki jarðvanginn. Fljótfærnisleg aðgerð af þessu tagi getur þvert á móti spillt fyrir því að jarðvangurinn verði viðurkenndur. Þetta getur einnig spillt fyrir ferðaþjónustunni þegar til lengri tíma er litið og um leið veitt náttúruvernd á Reykjanesinu náðarhöggið.

**Reykjanesfólkvangur**

Fólkvangurinn var stofnaður árið 1975 af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu ásamt Grindavík og Reykjanesbæ. Reykjanesfólkvangur er stærsta friðlýsta svæði landsins um 300 km² og er unnið að því að Bláfjallafólkvangur og Herdísarvík bætist við og stækkar hann þá um 100 km². Grindvíkingar sýndu mikla framsýni þegar þeir tóku þátt í stofnun fólkvangsins á sínum tíma. Af náttúrufyrirbærum innan Reykjanesfólkvangs eru m.a. Kleifarvatn, Seltún, Krýsuvíkurberg, Vigdísarvellir og Móhálsadalur. Fólkvangur er næsta stig við þjóðgarð varðandi náttúruvernd og er munurinn sá að fólkvangar eru ekki með eins ströng ákvæði í lögum um verndun náttúrunnar og þjóðgarðar en hafa þó sama tilgang, að vernda einstaka náttúru landsins. Jarðvangar (geoparks) eru ekki til í íslensku lagaumhverfi og fela því ekki í sér neina náttúruvernd. Þjóðgarðar og fólkvangar (nature reserves) eru á heimsvísu með þá ímynd að þar sé eitthvað mjög einstakt sem heimamenn vilja vernda og ferðamenn telja þess virði að sjá og upplifa. Eins og flestir vita þá koma um 75% allra erlendra ferðamanna til landsins til að upplifa óspillta náttúru Íslands.

**Reykjanes geopark**

Ferðamálasamtök Suðurnesja (FSS) lögðu til fyrir nokkrum árum að stofnaður yrði geopark á Reykjanesi til að styrkja stoðir ferðaþjónustunnar, auka fjölbreytileikann og opna fyrir nýja markaði ferðamanna. Með stofnun geoparksins var hugmyndin að beina sjónum ferðamanna að menningu Suðurnesjanna, atvinnu og þjónustu samhliða því að draga fram jarðfræðilegan einstakleika. Suðurnesin búa yfir mikilli sérstöðu hvað varðar atvinnulíf, nálægð við háhita og virkjanir, menningu og jarðfræðilegan einstakleika þar sem Reykjaneshryggurinn gengur á land og upphaf rekbeltisins er sem sker Ísland í tvo fleka. Geoparkar eru orðnir nærri 100 um heiminn og eru þeir af öllum stærðum og gerðum. Sumir þeirra ganga inn á fólkvanga sem þykir styrkja tilvist og ímynd þeirra hvað varðar náttúruvernd. Fólkvangar geta verið innan borgarmarka og má í því sambandi nefna Hong Kong, sem hefur fengið viðurkenningu sem geopark vegna sérstöðu borgarinnar og einstakra jarðminja við hana.

**➜ Hugsunarháttur á því plani að rjúfa tengsl og slíta samvinnu er fljótræði og hjálpar ekki ferðaþjónustunni né því að fá viðurkenningu á Reykjanesjarðvangi sem geopark hjá European Geoparks og UNESCO.**

**Fljótræði**

Bæjarstjórinn sagði á fundi með stjórn fólkvangsins fyrir stuttu um þetta mál að Grindvíkingar vildu hafa yfirráðin yfir svæðinu austan Grindavíkur og teldu sig geta stjórnað því svæði rétt eins og Reykvíkingar sem ættu lítið land í fólkvanginum, hvað þá sveitarfélög sem ættu ekkert land eins og Reykjanesbær. Það er ekki mikil framtíðarsýn í þessum orðum bæjarstjórans. Hugsunarháttur á því plani að rjúfa tengsl og slíta samvinnu er fljótræði og hjálpar ekki ferðaþjónustunni né því að fá viðurkenningu á Reykjanesjarðvangi sem geopark hjá European Geoparks og UNESCO. Sama má segja um þá ákvörðun bæjarstjórans að aflýsa ráðstefnu um geoparka sem halda átti á Reykjanesi í ágúst nk.

# Víti til varnaðar fyrir kennara – veikindaréttur

KJARAMÁL



**Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir**
leik- og grunnskólakennari

Eftir kreppu hefur það tíðkast hjá skólastjórnendum að ráða kennara til starfa í eitt ár í senn, sem sagt kennarar fá tímabundna ráðningu til eins árs í stað fastráðningar sem tíðkaðist fyrir kreppu.

Veikindaréttur kennara hefur hingað til talist nokkuð góður, það er að segja að kennari með fastráðningu á rétt á launagreiðslum í veikindum í eitt ár og komist hann ekki aftur til starfa á hann rétt á dagpeningum úr sjúkrasjóði Kennarasambandsins í allt að eitt ár til viðbótar.

Nú getur viljað svo óheppilega til að kennari veikist á tímabili lausráðningar. Þá gildir engu um þann árafjölda sem hann hefur greitt félagsgjöld og fleira, hann er næstum réttlaus. Réttur hans til launa í veikindum gildir út ráðningartímabilið. Að því loknu er jú hægt að fá greiðslur úr sjúkrasjóði en aðeins til þess að bæta upp tekjumissi það sem eftir liggur upp í þetta eina ár sem ráðningarsamningur gildir.

Segjum svo að kennari veikist í janúar. Hann er með ráðningarsamning sem gildir til 1. ágúst, hann er í veikindaleyfi í þá 8 mánuði sem eftir eru af ráðningarsamningnum og fær þá greidda frá vinnuveitanda. Nú dettur umræddur kennari út af launaskrá hjá viðkomandi vinnuveitanda og getur þá sótt um greiðslur úr sjúkrasjóði en vegna þess að hann var lausráðinn greiðir sjúkrasjóður KÍ einungis þá 4 mánuði sem upp á vantaði og ekki krónu meir, réttur kennarans til greiðslna í eitt ár er dottinn út við það að vera lausráðinn. Niðurstaðan er sú að kennari sem veikist í tímabundinni ráðningu fyrirgerir veikindarétti sínum.

**➜ Niðurstaðan er sú að kennari sem veikist í tímabundinni ráðningu fyrirgerir veikindarétti sínum.**

Kennarastéttin er að eldast og ekki ólíklegt að þeir sem kennt hafa í mörg ár þurfi að leita til síns stéttarfélags með fjárhagsleg úrræði þegar heilsunni fer að hraka. Hafi þeir asnast til að taka að sér sértæk verkefni sem veita aðeins lausráðningu þá eru þeir settir út á guð og gaddinn. Satt að segja er það virkilega sár upplifun fyrir fólk sem hefur skilað sínu til kennarastéttarinnar en horfir nú fram á heilsubrest að standa frammi fyrir þeim fjárhagsáhyggjum sem slík brotalöm í kjarasamningum veldur.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**FÖRÐUN 60+**
**Myndband þar sem hinn frægi förðunarmeistari Lisa Eldridge farðar 64 ára konu hefur vakið mikla athygli á netinu. Yfir 140 þúsund hafa skoðað myndbandið og um 1.500 hafa skrifað við það, jafnt ungar konur sem eldri. Myndbandið má skoða á Lisa-Eldridge.com.**


TÆKIFÆRISGJAFIR



TILBOÐ

Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955





NÝTT NÝTT

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
Laugardaga frá kl. 10-14
Vertu vinur

teg 110917 - þunn, fínleg blúnda í B,C skálum á kr. 5.800,-



KRINGLUKAST
20-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BUXUM



TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Vertu vinur okkar á Facebook




# LEITAR ÚT FYRIR LANDSTEINANA

**TÍSKA** *Nína Dagrún Hermannsdóttir, menntaskólamær í Borgarnesi, hefur alla tíð heillast af tísku. Hún reynir ávallt að móta sinn eigin stíl.*

Þó að ég fylgi tískunni reyni ég alltaf að standa aðeins upp úr og vera örlítið öðruvísi en allir hinir," segir Nína Dagrún, sem stundar nám á fyrsta ári í Menntaskóla Borgarfjarðar. Til að ná þessu markmiði sínu pantar Nína Dagrún sum fötin sín af erlendum vefsíðum. „Ég panta aðallega af tveimur síðum, www.asos.com og www.motel-rocks.com. Þetta eru mjög vinsælar síður og ég held að íslenskar búðir panti eitthvað frá þeim líka. Allavega hef ég stundum keypt þar flíkur og séð þær nokkrum mánuðum síðar í búð hér á landi," segir hún glaðlega. Þegar Nína Dagrún verslar á Íslandi segist hún þræða búðir á borð við Zöru, TopShop og Dúkkuhúsið.

Nína Dagrún hefur duflað við fyrirsætustörf. „Ég tók um daginn þátt í myndatöku fyrir nýtt veftímarit, Dea magazine, og hef setið fyrir í auglýsingu," segir Nína Dagrún, sem gæti vel hugsað sér að taka þátt í fleiri fyrirsætuverkefnum. „Ég gæti þó líklega ekki orðið alvarlegt módel því ég er ekki hávaxin," segir hún glettin.

En hver er framtíðardraumurinn? „Eftir menntaskóla langar mig að vinna eitthvað með tísku. Fara til dæmis að læra förðunarfræði eða að stílista," segir hún en bætir við að stærsti framtíðardraumurinn sé að fara síðan út í háskóla og læra arkitektúr eða verkfræði.

■ solveig@365.is

**VIÐ SJÓINN** Nína Dagrún hefur afar gaman af tísku og gæti hugsað sér að starfa við hana án þess þó að gera hana að framtíðarstarfi. MYND /STEFÁN




GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Fermingar tilboð

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

*3.5% lántökugjald

10 ÞÚS. KRÓNA INNEIGN Á FYLGIHLUTUM MEÐ ÖLLUM FERMINGARRÚMUM.

GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM.

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

VALHÖLL
Svæðisskipt heilsudýna
5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Verð með PU-leðurbotni og fótum. - Til í mörgum stærðum
Stærð 120x200 cm
Tilboðsverð kr. 74.900.-

Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum












## VISTVÆN TÍSKA

**Við framleiðslu á fatnaði og efnum er gríðarlegt magn eiturefna notað, bæði til að lita föt og til ræktunar ýmissa plantna sem notaðar eru í fatagerð. Vistvænn fatnaður er sá fatnaður sem framleiddur er með minni skaða fyrir umhverfið en áður hefur tíðkast. Vistvænir framleiðendur og hönnuðir leitast við að finna ný efni, endurvinna eða nota nýjar umhverfisvænni aðferðir við að búa til efni en áður. Slíkur fatnaður nýtur sífellt meiri vinsælda eftir því sem umhverfisvitund fólks vex. Sem stendur er slíkur fatnaður oftast dýrari en sá sem framleiddur er eftir hefðbundnari leiðum. Í framtíðinni er þó líklegt að þetta muni breytast, þar sem krafan um minni mengun fer sífellt vaxandi. Á vefsíðunni www.eco-friendly-fashion.com má fylgjast með hönnuðum og framleiðendum sem bjóða vistvænar vörur.**



**FENDI** Fjólublár hanakambur á tískusýningu Fendi í Mílanó í febrúar. NORDICPHOTOS/GETTY



**HAIDER ACKERMANN** Dauðakambur á tískusýningu Haiders Ackermann á tískuvikunni í París nýverið.

# KAMBAR Á TOPPI OG TÁ

**TÍSKUSÝNINGAR** *Pönkið hefur ráðið ríkjum á tískusýningum undanfarið. Hanakambar hafa víða sést, bæði á höfði fyrirsæta og skóbúnaði þeirra.*

Fendi varð fyrstur til að ríða á vaðið með marglitum hanakömbum í Mílanó. Síðan þá hafa kambarnir sést víða, þó ekki aðeins á höfði fyrirsætanna heldur einnig á töskum og skóm. Heider Ackermann sendi fyrirsætur sínar niður sýningarpallinn með svokallaða dauðakamba (e. death hawk), sem er vinsæl greiðsla meðal þeirra sem aðhyllast gotneska tísku.

Vivienne Westwood er þekkt fyrir pönkaralegan stíl. Hanakambinn var líka að finna á síðustu sýningu hennar en þó aðeins á skófatnaði. Jean Paul Gaultier gerði tilraunir með hárgreiðslu sem helst mætti nefna blending af hanakambi og síðu að aftan. Skórnir hjá Leowe höfðu líka mikla skírskotun til hanakambsins.
**Heimild: www.style.com**



**JEAN-PAUL GAULTIER** Sérstæð greiðsla fyrirsætu á tískusýningu Gaultiers nú í mars.



**VIVIENNE WESTWOOD** Pönkaralegir skór á sýningu Westwood í París 2. mars.



**LOEWE** Hanakambur á hælaskóm á tískusýningu Loewe í París 2. mars.






**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

# KEPPA Í FEGURÐ Í SVÍÞJÓÐ

**TÆKIFÆRI** *Fegurðarsamkeppni Íslands var ekki haldin á síðasta ári en verður í haust. Íslenskar stúlkur fá engu að síður tækifæri til að taka þátt í keppni á erlendri grundu. Fjórar fegurðardrottningar taka þátt í keppni þann 8. júní.*

Arnar Laufdal, eigandi keppninnar, segir að keppnin Ungfrú Ísland 2013 verði haldin í haust, undirbúningur sé hafinn en dagsetning ekki ákveðin. Hann segir að keppnin verði með sama sniði en hlutirnir skýrist þegar nær dregur.

Þrátt fyrir að engin Ungfrú Ísland-keppni hafi verið haldin í fyrra eru fjórar stúlkur á leið til Svíþjóðar þar sem þær taka þátt í þremur fegurðarsamkeppnum sem fara fram um borð í skemmtiferðaskipi á leið frá Stokkhólmi til Helsinki þann 8. júní og til baka. Það eru Miss Queen of Scandinavia, Miss Supranational og Miss International. Silja Allansdóttir, umboðsmaður keppninnar Ungfrú Vesturland, er þeim til halds og trausts.

„Svíinn Peter Hadward er með umboð fyrir nokkrar keppnir úti í heimi en hann hafði samband við mig og óskaði eftir íslenskum stúlkum til að taka þátt fyrir Íslands hönd. Ég hafði samband við fjórar stúlkur sem hafa tekið þátt í keppninni Ungfrú Ísland og spurði hvort þær hefðu áhuga á að fara. Þessar stúlkur eiga allar fullt erindi í slíka keppni og þurfa ekki að leggja út í kostnað. Þetta er því skemmtilegt tækifæri fyrir þær,“ segir Silja.

**MEÐ REYNSLU**

Þær stúlkur sem fara til Svíþjóðar eru Sigrún Eva Ármannsdóttir, ungfrú Ísland 2011, Fanney Ingvarsdóttir, ungfrú Ísland 2010, Íris Telma Jónsdóttir, sem varð í öðru sæti keppninnar árið 2010, og Sigríður Dagbjört Ásgeirsdóttir, ungfrú Reykjavík 2011. Silja og þrír aðrir fara með stúlkunum í ferðina sem fararstjórar.

„Það er mikið í keppnina lagt en sama kvöld verður einnig valin Miss World Sweden,“ segir Silja, sem sjálf varð í þriðja sæti í Fegurðarsamkeppni Íslands árið 1978 og fór síðan í keppni á Aruba. „Mér fannst virkilega skemmtilegt að taka þátt í keppninni og vil endilega gefa ungum stúlkum tækifæri vilji þær fara,“ segir hún.

**GEFUR TÆKIFÆRI**

Heiðar Jónsson snyrtir veit manna best um allt er viðkemur fegurð. Hann segir það ekki óalgengt úti í heimi að fegurðarsamkeppni liggi niðri eitt árið. „Það getur átt sér ýmsar skýringar, breytingar á umboðsaðilum eða keppnishaldi. Það er til dæmis mjög dýrt að halda svona keppni,“ segir hann.

Heiðar segist verða fyrir heilmiklu áreiti frá erlendum keppnishöldurum. „Það er alltaf verið að spyrja um íslensku keppnina. Ég er þeirrar skoðunar að ef keppnin dettur út eitt árið komi hún sterkari til baka. Það verður hins vegar að standa vel að henni. Stór hópur kvenna er vissulega ánægður með að keppnin falli niður þar sem þarna sé verið að markaðssetja manneskjur. Því miður komumst við aldrei neitt áfram í lífinu nema að markaðssetja okkur,“ segir Heiðar og bendir á velgengni margra íslenskra kvenna eftir þátttöku í keppninni.

■ elin@365.is



**UNGFRÚ ÍSLAND 2011** Fegurðarsamkeppni var síðast haldin hér árið 2011. Hún verður aftur haldin í haust. Tvær af stúlkunum úr keppninni 2011 eru á leið til Svíþjóðar. MYND/DANÍEL


LAGERHREINSUN!

MIKIÐ ÚRVAL AF ÍÞRÓTTASKÓM OG FATNAÐI Á GÓÐUM AFSLÆTTI!

Í ANDDYRI SALS FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS - MÖRKINNI 6
DAGANA 6. - 17. MARS.
OPIÐ: MÁN.-FÖS: 12-18 OG LAU.-SUN: 12-16.

ASICS BUXUR ÁÐUR: 10.990.- NÚ: 6.490.-
ASICS BOLUR ÁÐUR: 7.390.- NÚ: 3.490.-
ASICS JAKKI ÁÐUR: 15.990.- NÚ: 8.990.-
CASALL PEYSA ÁÐUR: 17.990.- NÚ: 6.990.-
CASALL BUXUR ÁÐUR: 14.990.- NÚ: 6.990.-
SEAFOLLY SUNDBOLUR ÁÐUR:19.990.- NÚ: 9.990.-
CASALL BOLUR ÁÐUR: 7.990.- NÚ: 3.990.-
CASALL KJÓLL ÁÐUR: 16.990.- NÚ: 5.990.-

EASTPAK TASKA ÁÐUR: 11.490.- NÚ: 5.990.-
KETCH BARNAHÚFA ÁÐUR: 4.990.- NÚ: 2.490.-
TEVA SANDALAR ÁÐUR: 9.990.- NÚ: 4.990.-
ASICS NIMBUS ÁÐUR: 29.990.- NÚ: 16.990.-
ASICS KAYANO ÁÐUR: 29.990.- NÚ: 16.990.-
ASICS 2170 ÁÐUR: 27.990.- NÚ: 14.990.-
EASTPAK TASKA ÁÐUR: 10.990.- NÚ: 4.990.-

asics Teva SEAFOLLY casall EASTPAK

SPORTÍS
MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS







**SILFURSMIÐUR Í HJÁVERKUM** Á annarri hæð safnsins hefur verið sett upp dæmigert aldamótaverkstæði silfursmiðs þar sem hægt er að skoða verkfæri og tól.



**SILFUR...13** Sýningu fjórmenninganna á Torgi Þjóðminjasafnsins er áhugavert að skoða í samhengi við hátíðarsýningu safnsins, en þeir tefla saman hugmyndum um samtíma gullsmíði og sögulega arfleifð í verkum sínum.

# ÍSLENSK SILFURSMÍÐI ÞÁ OG NÚ

**HÖNNUNARMARS** *Íslensk silfursmíði er nú í aðalhlutverki á Þjóðminjasafni Íslands, en yfirstandandi eru þrjár sýningar sem allar fjalla um silfur og gull.*

Áhugafólk um íslenskt skart og silfurgripi ætti að heimsækja Þjóðminjasafnið á HönnunarMars en þar eru í gangi þrjár ólíkar sýningar sem allar fjalla um íslenska silfur- og gullsmíði.

Sýningin Silfur...13 var opnuð á þriðjudaginn á Torgi Þjóðminjasafnsins. Þar sýna fjórir gullsmiðir, þau Erling Jóhannesson, Helga Ósk Einarsdóttir, Orri Finnbogason og Þorbergur Halldórsson, en þau tefla saman hugmyndum um samtíma gullsmíði og sögulega arfleifð og veita innsýn inn í fjölbreytileika starfs gull- og silfursmiða í dag.

Sýningu fjórmenninganna er áhugavert að skoða í samhengi við hátíðarsýningu Þjóðminjasafnsins, Silfur Íslands, í Bogasalnum, en sú sýning var sett upp í tilefni 150 ára afmæli safnsins. Þar gefur að líta silfurgripi frá miðöldum og frá fyrri hluta 20. aldar, meðal annars borðbúnað, búningasilfur og kaleika.



**SILFUR ÍSLANDS** Á hátíðarsýningu Þjóðminjasafnsins í Bogasal er að finna silfurgripi frá síð-miðöldum og frá fyrri hluta 20. aldar, meðal annars borðbúnað, búningasilfur og kaleika. MYND/VILHELM

Þá er sýningin Silfursmiður í hjáverkum á annarri hæð safnsins þar sem sett hefur verið upp dæmigert aldamótaverkstæði silfursmiðs og hægt er að skoða áhugaverð verkfæri og tól smiðsins.


















GEÐHJÁLP

FIMMTUDAGUR 14. MARS 2013



**BATAMIÐUÐ ÞJÓNUSTA**
Páll Matthíasson og Margrét Ófeigsdóttir. **Bls. 1 og 5**



**HVAÐ VERÐUR GERT?**
Hvernig ætla flokkarnir að efla geðheilbrigðisþjónustuna? **Bls. 2, 3 og 4**



**Í VIÐJUM KVÍÐARÖSKUNAR**
Saga ellefu ára stúlku sem hefur glímt við kvíða frá fæðingu. **Bls. 6**



**NAUÐUNGARVISTUN ENDURHUGSUÐ**
Eva Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, skrifar. **Bls. 7**



Starfsmenn Geðhjálpar, frá vinstri: Sólrún Ósk Lárusdóttir sálfræðingur, Ingibjörg Gunnlaugsdóttir ráðskona og Eva Bjarnadóttir framkvæmdastjóri. Á myndina vantar Helenu Kristínu Jónsdóttur og Jóhannes Björn Sigurðsson. MYND/VALLI

# Batamiðuð þjónusta – aukin lífsgæði

**Geðsvið Landspítala Íslands er að innleiða batamiðaða þjónustu. Margrét Ófeigsdóttir, félagsráðgjafi á Kleppi og verkefnastjóri yfir batamiðaðri þjónustu, situr fyrir svörum um þessa fremur nýlegu hugmyndafræði.**

### HVAÐ ER BATAMIÐUÐ ÞJÓNUSTA?

„Bati felur í sér gildi um rétt einstaklinga til að skapa sér þýðingarmikið líf með eða án geðrænna einkenna. Hugmyndafræðin byggir á sjálfsákvörðunartöku og sjálfsstjórn og leggur áherslu á vonina til að viðhalda hvatningu og styðja við væntingar um þýðingarmikið líf.

Batamiðuð þjónusta snýr að því að aðstoða einstaklinga í þeirri vinnu að koma í veg fyrir frekari einkenni eða draga úr einkennum, samhliða því að auka lífsgæði. Hlutverk fagaðila er að veita sjúklingum/þjónustuþegum bjargir til að taka ábyrgð á eigin lífi, sem og að veita faglega aðstoð og þekkingu sé þess óskað. Fagaðilar læra af og vinna með sjúklingum/þjónustuþegum sem eru sérfræðingar í eigin lífi og byggir samband þeirra á trausti, einlægni og heiðarleika."

### HEFUR ÞJÓNUSTAN EKKI ALLTAF VERIÐ BATAMIÐUÐ?

„Viðhorf til geðfatlaðra breyttist víða í kringum 1970 erlendis en þá spruttu upp notendahreyfingar sem börðust fyrir auknum mannréttindum geðfatlaðra. Hér heima hefur svipuð þróun átt sér stað og hafa starfsmenn innan geðheilbrigðiskerfisins tileinkað sér þessa hugmyndafræði að einhverju leyti síðastliðin ár. Þó er ekki hægt að segja að þjónustan hafi alltaf verið batamiðuð, sú meðferð sem veitt er í dag á geðsviði Landspítala er gjörólík þeirri sem veitt var hér áður. Má að miklu leyti þakka það samtökum notenda og aukinni þekkingu fagaðila. Unnið hefur verið eftir stefnunni í einhverjum mæli á geðsviðinu, s.s. í samfélagsgeðteyminu og á Laugarási."



Margrét Ófeigsdóttir, félagsráðgjafi á Kleppi, segir batamiðaða þjónustu snúa að því að aðstoða einstaklinga í þeirri vinnu að koma í veg fyrir frekari einkenni og draga úr einkennum samhliða því að auka lífsgæði. MYND/GVA

### HVAÐAN KEMUR ÞESSI HUGMYND?

„Hugmyndafræðin hefur verið notuð í Nýja-Sjálandi, Bandaríkjunum, Ástralíu, Englandi, Írlandi og Skotlandi með góðum árangri ▶



# Er ekki kominn tími til að tengja?

Geðhjálp hefur ákveðið að árið 2013 skuli vera uppgjörsár. Uppgjör við stjórnmálin og þá geðheilbrigðisstefnu sem hér hefur verið við lýði. Þó svo að heil átta ár séu liðin frá því að Ísland skrifaði undir Helsinki-yfirlýsingu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) um nýjar og betri áherslur í geðheilbrigðisþjónustu eigum við enn langt í land. Heilsugæslan er enn þá of veikburða til að mæta þörfum fólks með geðrænan vanda, samstarfi þjónustuaðila í geðheilbrigðiskerfinu er enn ábótavant og verkaskipting ríkis sveitarfélaga og félagasamtaka er jafn óljós og áður.

**ÞEKKING**

Á þessum tímamótum er eðlilegt að staldra við og hugsa: hvað veldur? Hvað veldur þessari óstjórn í geðheilbrigðismálum? Ekki skortir okkur þekkinguna. Svo mikið er víst. Á þeim árum sem liðin eru frá undirritun Helsinki-yfirlýsingarinnar hafa ráðuneyti velferðar- og heilbrigðismála unnið að minnsta kosti sjö ítarlegar skýrslur um nauðsynlegar aðgerðir og áætlanir í geðheilbrigðismálum. Jafnframt hafa verið gerðar þjónustukannanir og þarfagreiningar á gæðum geðheilbrigðisþjónustunnar og þörfum notenda hennar. Upplýsingarnar ættu því að vera nægar.

**VILJI**

Ekki skortir okkur heldur viljann. Á síðustu árum hafa orðið nánast byltingarkenndar breytingar í meðferðarúrræðum hérlendis en æ fleiri þjónustuaðilar hafa tileinkað sér notendavænni hugmyndafræði samfélagsgeðlækninga. Bæði ríki og sveitarfélög eru óðum að hverfa frá hinu sjúkrahúsmiðaða kerfi fortíðarinnar og leggja nú aukna áherslu á að dreifa þjónustunni víðar en áður. Í Reykjavík eru starfandi um 13 sambýli fyrir geðfatlaða og á höfuðborgarsvæðinu öllu eru a.m.k. sex starfandi félagasamtök í geiranum en eitt þeirra, Rauði Kross Íslands, rekur athvörf fyrir geðsjúka víða um land. Viljinn til góðra verka er því mikill.

**TENGING**

En fyrst okkur skortir hvorki vilja né þekkingu, hver er þá skýringin á stöðu geðheilbrigðismála í landinu? Getur verið að menn hafi gleymt að tengja saman stefnu og þjónustu? Að menn hafi einfaldlega horft framhjá því að samstillt vinnubrögð ólíkra einstaklinga og stofnana eru ekki sjálfsprottin?

Það er ekki hægt að reka umfangsmikla heilbrigðisþjónustu án heildrænnar sýnar. Við þurfum að skýra hver á að gera hvað, hvenær og hvernig. Við þurfum samfellu í meðferðarúrræðum, allt frá heilsugæslu til bráðamóttöku, frá ríki til sveitarfélaga, frá sveitarfélögum og sjúkrahúsum til grasrótarsamtaka. Í litlu landi eins og okkar ætti þetta ekki að vera svo erfitt. Við höfum smæðina og nálægðina hvert við annað. Við höfum viljann, við höfum þekkinguna. Hvað er okkur að vanbúnaði?

Hættum að tala. Hættum að skrifa skýrslur. Förum að gera.

*Svandís Nína Jónsdóttir*
*Gjaldkeri í stjórn Geðhjálpar og ritstjóri blaðsins*

# Hvernig ætla flokkarnir að bæta geðheilbrigðisþjónustuna á næsta kjörtímabili?

**Áhyggjur af vaxandi vanda og umfangi geðheilbrigðisþjónustunnar eru ekki nýjar af nálinni. Árið 2005 skrifaði Ísland, ásamt tugum annarra ríkja, undir svokallaða Helsinki-yfirlýsingu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar þar sem ráðherrar á sviði heilbrigðismála skuldbundu þjóðir sínar sig til að viðurkenna þörfina á heildarstefnu á sviði geðheilbrigðismála og hefja þegar í stað sértækar aðgerðir til að bæta geðheilbrigði. Í yfirlýsingunni er sérstök áhersla lögð á aukna samþættingu geðheilbrigðisþjónustu og eflingu heilsugæslustöðva sem miðstöð heilbrigðis í nærsamfélaginu.**

**Þrátt fyrir þetta berast nú stöðugar fregnir í fjölmiðlum af veiku fólki sem fær ekki þá lágmarksþjónustu sem bundin er í lög. Í mörgum tilvikum vísa heilbrigðisstofnanir hver á aðra en dæmi eru um að veikir einstaklingar í sjálfsvígshættu séu sendir heim til sín eftir heimsókn á bráðamóttöku geðdeildar án þess að þeim sé veitt viðeigandi aðstoð. Þetta er verulega ámælisvert. Nú, á tímum efnahagsþrenginga, er mikilvægara en ella að grunnstoðir sálgæslu og geðverndar í nærsamfélaginu séu styrktar til að mæta auknu álagi kreppunnar á einstaklinga og fjölskyldur.**

**Hvaða aðgerðir ætla stjórnmálaflokkarnir, sem nú etja kappi um hylli kjósenda, að ráðast í á næsta kjörtímabili til að vinda ofan af þeim vanda sem nú steðjar að geðheilbrigðisþjónustunni? Í tilefni alþingiskosninganna í næstkomandi aprílmánuði lagði Geðhjálp eftirfarandi spurningar fyrir stjórnmálaflokkana:**

**1** Líkt og kemur fram í Helsinki-yfirlýsingunni er áríðandi að auka samþættingu geðheilbrigðisþjónustunnar til að koma í veg fyrir það að veiku fólki sé vísað á milli mismunandi aðila án þess að fá hjálp.

**a)** Hvaða aðgerðir ætlar þinn flokkur að ráðast í til að skapa nauðsynlega samfellu á milli þeirra sem veita geðheilbrigðisþjónustu?
**b)** Hvernig ætlar þinn flokkur að auka þátt heilsugæslunnar í geðheilbrigðisþjónustu svo hún megi verða fyrsti viðkomustaður fólks með geðrænan vanda?
**c)** Stefnir þinn flokkur að því að stytta biðlista eftir meðferðarþjónustu á geðdeildum sjúkrahúsanna m.a. með því að útvega húsnæði fyrir þá sem ekki eiga þak yfir höfuðið og geta þ.a.l. ekki útskrifast?

**2** Hvenær má almenningur vænta þessara umbóta í geðheilbrigðisþjónustunni?

**3** Mun þinn flokkur tryggja nauðsynlegt fjármagn til umbóta í geðheilbrigðisþjónustunni á kjörtímabilinu?

**4** Mun þinn flokkur koma á samráðsvettvangi sjúkrahúsa, heilsugæslna og félagasamtaka til að vinna sameiginlega að þessum umbótum á kjörtímabilinu?

## LÝÐRÆÐISVAKTIN

### ■ BEINA ÞARF SJÓNUM AÐ GRUNNÞJÓNUSTUNNI



**Þorvaldur Gylfason**

**1 a)** Stefna stjórnvalda umliðin ár hefur verið aukin miðstýring og meiri áhersla lögð á hátækniþjónustu. Þessi forgangsröðun á fjármagni ásamt bágri stöðu ríkissjóðs hefur komið hart niður á grunnþjónustunni. Lýðræðisvaktin vill hætta við byggingu nýs Landspítala að sinni og beina sjónum fremur að grunnþjónustunni. Þetta er algerlega skýrt í stefnu flokksins, Velferðarvaktinni á xlvaktin.is.

**b**) Tryggja verður öllum landsmönnum sinn heimilislækni. Lýðræðisvaktin vill gera þetta að norskri fyrirmynd sem gefist hefur afar vel. Þessi leið inniber úthlutun heimilislæknis af hendi hins opinbera í stað þess að einstaklingurinn þurfi sjálfur að sækja um slíkan og fá svo aðgengi eftir dúk og disk. Ekki þarf endilega að fjölga heimilislæknum til að þetta sé mögulegt heldur nýta starfskrafta þeirra meira til lækninga og minna til skriffinnsku.

**c)** Já. Nóg er af húsnæði í eigu hins opinbera sem stendur autt. Flytjum starfsfólkið þangað og búum til minni og manneskjulegri einingar fyrir þurfandi. Þetta þarf ekki að kosta mikið og miklu minna en margt flottræfilsbruðlið.

**2** Strax á næsta kjörtímabili. Ekki eftir neinu að bíða.

**3** Klárlega fái Lýðræðisvaktin hreinan meirihluta á þingi, að öðrum kosti mun hún gera allt sem í hennar valdi stendur.

**4** Já.

## VINSTRI GRÆN

### ■ LANDIÐ EITT HEILBRIGÐISUMDÆMI



**Katrín Jakobsdóttir**

**1 a)** Landið á að vera eitt heilbrigðisumdæmi í þeim skilningi að það skipti ekki máli hvar sjúklingurinn er staddur á landinu þurfi hann á heilbrigðisþjónustu að halda. Samræmd sjúkraskrá, aðgengileg hvar sem er á landinu, er lykilatriði. Þétt net opinberrar heilbrigðisþjónustu í stað aðskildrar þjónustu einkaaðila er alltaf líklegri til að veita sjúklingum þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda. Einnig er mikilvægt að samtök notenda og önnur úrræði sem rekin eru án gróðasjónarmiða séu efld.

**b)** Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður fólks með heilsuvanda. Heilsugæslan er misvel í stakk búin til að mæta því verkefni, sérfæðingavæðing á höfuðborgarsvæðinu með áherslu á einkarekstur hefur gert henni erfitt fyrir. Aðgangur að geðteymi líkt og gert er á höfuðborgarsvæðinu og þjónusta sálfræðinga og annarra fagaðila inni á heilsugæslustöðvum eru einnig mikilvægir þættir.

**c)** Já, Vinstri græn stefna að því að stytta biðlista í heilbrigðiskerfinu öllu. Það verður best gert með auknu fjármagni til heilbrigðismála, bættri aðstöðu og opinberri heilbrigðisþjónustu sem veitir jafnan rétt allra til þjónustu óháð efnahag. Þetta á við um alla þjónustu, jafnt klíníska sem og að búa sjúklingum þá umgjörð sem þeir þurfa á að halda utan þar fyrir utan.

**2** Meðan hið svokallaða góðæri stóð yfir létu stjórnvöld heilbrigðiskerfinu blæða. Ýtt var undir einkarekstur, oft án skuldbindinga um þjónustu. Velferðarmál mættu afgangi á kostnað stórkarlalegra lausna sérhagsmunaafla. Nú liggur fyrir ein mesta uppbygging í heilbrigðismálum þjóðarinnar á síðari tímum, m.a. með byggingu nýs Landspítala. Sú uppbygging þarf að vera á vegum opinberra aðila, þannig er tryggt að allir hafi aðgengi að þjónustunni óháð efnahag eða félagslegri stöðu. Geðheilbrigðismál þurfa að fá sérstakan sess innan nýs Landspítala.

**3** Vinstri græn hafa lagt mikla áherslu á að fjárveitingar til heilbrigðis- og velferðarmála verði í forgangi nú þegar uppbygging nýs samfélags er að hefjast eftir Hrunið. Á fjárlögum yfirstandandi árs tókst í fyrsta sinn frá Hruni að auka við fjárveitingar til heilbrigðismála og því munum við halda áfram fáum við einhverju um það ráðið. Það er forgangsmál hjá Vinstri grænum að auka fjármagn til velferðarmála á næstu árum. Á landsfundi VG nú nýlega var ályktað geðheilbrigðisstefna ætti að vera eitt af forgangsmálum heilbrigðisþjónustunnar.

**4** Vinstri græn hafa alla tíð starfað í þeim anda sem felst í spurningunni, þ.e. að leita sameiginlegra lausna þeirra sem varða tiltekin mál. Aukið samráð þeirra sem sinna þjónustunni hlýtur að teljast af hinu góða og sjálfsagt að styðja það. Þannig er ekki aðeins líklegast að árangur verði góður heldur og ekki síður má gera ráð fyrir að sameiginleg markmið þeirra aðila muni leiða til farsællar þróunar á þeirra málasviðum og sátta um lausnir. Þetta á ekki síst við um heilbrigðismál sem byggjast jafnt á einstaklingsmiðuðum lausnum og lausnum sem miða að því að skapa umgjörð utan um þau mál í heild sinni.

**Útgefandi:** Geðhjálp **Umsjónarmaður auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512-5432 **Ábyrgðarmaður** Svandís Nína Jónsdóttir

## DÖGUN


Margrét Tryggvadóttir

### ■ ALLT OF LANGT GENGIÐ Í NIÐURSKURÐI

**1** Dögun hefur fullan skilning á vanda fólks með geðræn vandamál og tekur undir mikilvægi þess að auka samþættingu á öllum sviðum heilbrigðisþjónustunnar til að koma í veg fyrir að veiku fólki sé vísað milli mismunandi aðila án þess að fá hjálp. Dögun vill að heilbrigðisþjónustan verði endurskipulögð og henni snúið frá allsherjarmiðstýringu ráðuneytisins og forstjóraveldi á spítölum. Jafnframt vill Dögun að sjúkrahúsþjónusta og aðgengi að sérhæfðu heilbrigðisstarfsfólki verði efld. Huga verður sérstaklega að tví- og marggreindum einstaklingum í þessu sambandi, t.d vímuefnasjúklingum með geðsjúkdóma, og að heildrænni nálgun á heilsu fólks með geðræn vandamál.

**a)** Dögun leggur áherslu á að verkefni og rekstur á sviði heilbrigðisþjónustu verði endurskipulögð og stjórn þeirra færð til aukins sjálfstæðis með aðkomu fagfólks og fulltrúa neytenda. Dögun leggur áherslu á samstarf heilsugæslunnar og félags- og sálfræðiþjónustu og á að neytendastýrð þjónusta sé efld.

**b)** Dögun vill að heilbrigðisþjónustu sé sinnt sem næst sjúklingunum. Þar gegnir heilsugæslan lykilhlutverki. Þar mætti t.d. gera sálfræðiþjónustu aðgengilegri. Um leið leggur Dögun áherslu á aukið sjálfstæði og fjölbreytni í rekstri stofnana, með valddreifingu og aðkomu fagfólks og notenda. Dögun vill að lýðheilsa og forvarnir verði sett í forgang í samfélaginu. Efla þarf vitund fólks um ábyrgð á eigin heilsu. Horfið verði frá þeirri miðstýringarstefnu sem nú ríkir í heilbrigðismálum og kerfið byggt upp með minni og manneskjulegri einingum þar sem megináherslan er lögð á alhliða grunn- og neyðarþjónustu.

**c)** Dögun telur mikilvægt að huga að grundvallarskilgreiningu á réttindum almennings að því er varðar möguleika til að njóta heimilis og þess skjóls sem slíkt veitir. „Réttur til húsnæðisöryggis" kynni því að eiga heima í grundvallarlögum íslenska lýðveldisins. Þannig yrði virk meðvitund um slíkan rétt undirstaða að skarpari kröfum á hendur stjórnvöldum á hverjum tíma til að beita skilvirkum tækjum til að auðvelda öllum almenningi aðstöðu til að njóta slíkra gæða – án þess að taka á sig áhættu og greiðslubyrðar til langtíma umfram getu og vilja.

**2** Víðtækur stuðningur kjósenda við Dögun er forsenda þess að stefna Dögunar nái fram að ganga. Dögun telur það forgangsmál að snúa við of miklum niðurskurði í heilbrigðisþjónustu og hefja að nýju uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar og kalla fram betri árangur og skilvirkari þjónustu á öllum sviðum. Niðurskurðurinn hefur stórskaðað heilbrigðiskerfið og er það víðast hvar verulega skert.

**3** Dögun telur að allt of langt hafi verið gengið í niðurskurði í heilbrigðiskerfinu á undanförnum árum. Landspítali Háskólasjúkrahús og heilbrigðisstofnanir um land allt hafa upplýst almenning um ástand mála á síðustu mánuðum þannig að ekki þarf að efast um að á þessu sviði er komið að hættumörkum. Dögun vill leysa skuldavanda heimilanna með róttækum hætti og bæta aðstöðumun almennings gagnvart fjármálavaldinu. Á þann hátt er hægt að draga verulega úr álagi á heilbrigðiskerfið því rannsóknir sýna m.a. að álag og áfallastreita vegna fjárhagserfiðleika og afleiðinga þeirra valda bæði andlegu og líkamlegu heilsuleysi. Með því að minnka álag á heilbrigðiskerfið með þessum hætti skapast svigrúm til að þjónusta betur þá sem glíma við langvarandi sjúkdóma og þurfa sannarlega á heilbrigðisþjónustunni að halda.

**4** Dögun leggur áherslu á aukið sjálfstæði og fjölbreytni í rekstri stofnana, með valddreifingu og aðkomu fagfólks og notenda. Þessu verður einungis náð fram með víðtæku samráði og samvinnu milli ríkisins, heilbrigðisstofnana sem sinna þjónustunni og fulltrúum notenda þjónustunnar sem oftast eru þá frjáls félagasamtök.

## BJÖRT FRAMTÍÐ


Heiða Helgadóttir

### ● EFLA ÞARF HEILSUGÆSLUNA

**1a)** Við viljum beita okkur fyrir eflingu samtals og samráðs hjá ríki, sveitarfélögum og hagsmunaaðilum til þess að geðheilbrigðismál séu ekki flokkuð niður eftir þjónustuaðilum heldur hugsuð sem ein heild. Það finnast glufur og gloppur í þjónustunni, ekki síst þar sem ríki og svo félagslegt kerfi sveitarfélaga mætast. Það gerir það að verkum að það sem þó er gert verður ekki nógu skilvirkt fyrir notendur geðheilbrigðiskerfisins. Þetta eru grundvallaratriði í stoðum kerfisins sem þarf að laga og við beitum okkur fyrir því.

**b)** Fyrsta skrefið í langtímaúrbótum í geðheilbrigðismálum er að efla heilsugæsluna á hverju svæði fyrir sig. Ekki síst á landsbyggðinni sem er hvarvetna algjörlega svelt þjónustu. Í heilsugæslunni þurfa teymi mismunandi sérfræðinga að vinna saman með sjúklingum í góðu samráði við óhefðbundnari úrræði eins og „notandi hjálpar notanda", ráðgjafa frjálsra félagasamtaka og félagslegt net sveitarfélaga. Heimilislæknar og hjúkrunarfræðingar þurfa að geta ráðfært sig við sálfræðinga sem veita þar viðtalsmeðferð án þess að fólk borgi stórfé fyrir. Sjúkraþjálfarar þurf að vera til taks sem og öflugar tengingar við ráðgjafa á sviðum forvarna og fræðslu.

**c)** Það er mikið réttlætismál og oft lífsnauðsynlegt fyrir fólk með geðræna sjúkdóma að þurfa ekki að bíða í röð eftir meðferð. Það er alveg ljóst að félagslegt húsnæðiskerfi öryrkja með geðsjúkdóma er engan veginn nægjanlegt. Til að laga þetta berjumst við fyrir heildarsýn og mikilli samvinnu ríkis og sveitarfélaga sem verða að átta sig á því að útlagður kostnaður í geðheilbrigðisþjónustu skilar sér til baka í virkari þegnum samfélagsins. Innlagnir á geðdeildir eru mjög dýrar – miklu dýrari en að hjálpa fólki í sjálfstæðri búsetu og veita sjúklingum fyrirmyndarstuðning þar. Það er ekki bara skynsamlegt að efla húsnæðismál geðsjúkra heldur nauðsynlegt.

**2** Það fer auðvitað eftir úrslitum kosninganna. Eftir því sem fylgið er meira höfum við í Bjartri framtíð sterkara bakland fyrir umbótum í geðheilbrigðiskerfinu sem og auðvitað heilbrigðiskerfinu öllu, sem er brýnt stefnumál. Við gerum okkur hins vegar grein fyrir því að verkefnið er stórt og umfangsmikið og það þarf að taka á því þannig. Við viljum forðast að setja lélega plástra hingað og þangað sem halda svo ekki til framtíðar. Við þurfum að vanda okkur. Forvarnir og efling á opinni umræðu um geðheilbrigði er lykilatriði og langtímahugsun í stefnumótun geðheilbrigðismála, sem tekur tillit til og metur víxlverkun ólíkra þátta, skiptir öllu.

**3** Við munum leita alla leiða til að gera það, já, meðal annars með því að minnka sóun á fjármagni – nýta peningana betur.

**4** Já. Það er skynsamlegast að fá alla að borðinu. Við verðum að muna það að markmiðin eru nákvæmlega þau sömu hjá öllum þessum aðilum og okkur mun farnast best ef málin eru skoðuð heildrænt, til langtíma og með tilliti til sjónarmiða allra sem að borðinu koma með mismunandi þekkingu og sjónarmið.

## FRAMSÓKN


Fanný Gunnarsdóttir

### ■ SAMVINNA OG SAMSTARF

**1 a)** Það á ætíð að vera til staðar samfélagslegt öryggisnet sem aðstoðar fólk þegar það lendir í erfiðleikum, veikist og/eða getur ekki séð fyrir sér. Nauðsynlegt er að endurskoða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga en samhliða þarf að breyta tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Framsóknarflokkurinn vill fara í þá vinnu að skilgreina hvað sé grunnþjónusta en það er forsenda þess að hægt sé að ná betur utan um þjónustu sem boðið er með lögum og reglugerðum. Það þarf að liggja ljóst fyrir hvaða aðilar koma að málinu og tryggja að einstaklingar falli ekki utan kerfa eða þjónustu.

**b)** Framsóknarflokkurinn leggur mikla áherslu á að efla heilsugæsluna. Það þarf að efla hana sem fyrsta viðkomustað þeirra sem eru veikir, hugsa upp á nýtt þá þjónustu sem heilsugæslan á að veita og auðvelda aðgengi. Flokkurinn vill auka teymisvinnu og fá inn á allar heilsugæslustöðvar t.d. sálfræðinga. Í gegnum öfluga þjónustu og starf í heilsugæslunni er hægt að efla fólk til sjálfshjálpar, bættrar heilsu og virkrar þátttöku í samfélaginu. Það er hluti af forvörnum að búa yfir öflugri geðrækt og þar gegnir heilsugæslan lykilhlutverki.

**c)** Þar sem nauðsynlegt er að forgangsraða í samfélaginu vill Framsóknarflokkurinn standa vörð um þá þjónustu sem heilbrigðisstofnanir veita og vinna gegn atgerfisflótta úr röðum heilbrigðisstarfsmanna með hagsmuni sjúkra að leiðarljósi. Sérstaklega þarf að tryggja snemmtæka íhlutun og efla og styrkja BUGL. Það er skylda samfélagsins að standa vörð um mannréttindi fatlaðs fólks og flokkurinn vill fylgja eftir og endurskoða lög um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) í samráði við sveitarfélögin. Það þarf að gera fötluðum kleift að búa í sinni heimabyggð og auka raunverulegt val hvað varðar búsetu- og þjónustuúrræði. Það er aðkallandi að vinna bug á „töppum" sem eru á geðdeildum. Það eru réttindi geðfatlaðra að fá tækifæri til eins virkrar þátttöku í samfélaginu og kostur er. Það er gert m.a. með markvissri og fjölbreyttri endurhæfingarþjónustu, aðgengilegri náms- og starfsráðgjöf og atvinnuþátttöku.

**2** Framsókn hefur lagt mikla áherslu á öflugt heilbrigðis- og velferðarkerfi. Það er stefna flokksins að þessar grunnstoðir samfélagsins eigi að vera á ábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Það má benda á að aldrei hefur hærra hlutfall af landsframleiðslu farið til heilbrigðismála en þegar framsóknarmaður sat í stól heilbrigðisráðherra og gerð var réttarbót fyrir unga öryrkja til aldurstengdrar örorkuuppbótar 2003. Hve fljótt almenningur má vænta umbóta fer auðvitað fyrst og fremst eftir því hver styrkur Framsóknar verður eftir næstu kosningar en ályktanir flokksins eru skýrar.

**3** Það er auðvitað ekki hægt að svara þessar spurningu með já eða nei en það er í grunngildum flokksins að forgangsraða beri í þágu grunnstoða samfélagsins. Hve miklu flokkurinn fær áorkað eftir kosningar fer allt eftir styrk hans á nýju kjörtímabili og hve vel okkur sem samfélagi tekst að styrkja afkomu ríkisins. Það er ekki hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd að forsenda velferðar er og verður ávallt verðmætasköpun í atvinnulífi.

**4** Framsóknarflokkurinn hefur alltaf staðið fyrir og stutt aukna samvinnu og samstarf ólíkra aðila með það að leiðarljósi að ná fram hagræðingu, samfellu í þjónustu og til að einfalda kerfið. Það auðveldar þeim sem þurfa að nýta sér fjölbreytta þjónustu.


# Aðalfundur Geðhjálpar 2013

**Laugardaginn 13. apríl**
**kl. 14.00 á Túngötu 7, Reykjavík**

• Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf í samræmi við 5.gr. laga Geðhjálpar.

• Kjör fimm stjórnarmanna af sjö fer fram til eins og tveggja ára í stað þeirra sem hafa hætt eða lokið stjórnarstörfum á árinu.
Jafnframt fer fram kjör þriggja varamanna og tveggja skoðunarmanna ársreikninga.

Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Geðhjálpar, Túngötu 7, 101 Reykjavík í síma 570 1700, tölvupóstur gedhjalp@gedhjalp.is.

Félagsmenn eru eindregið hvattir til að mæta.

*Virðingarfyllst, Stjórn Geðhjálpar*

GEÐHJÁLP

## SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

### FORGANGSVERKEFNI

**1** Sjálfstæðisflokkurinn mun vinna að eflingu hugrænna atferlismeðferða (HAM) í heilsugæslunni með samningum við sálfræðinga á geðsviði Landspítala. Nú njóta fimm heilsugæslustöðvar slíkrar þjónustu. Um gagnreynda meðferð er að ræða sem hefur reynst árangursrík, hagkvæm og fallið notendum vel í geð. Sjálfstæðisflokkurinn vill auka framboð þjónustunnar. Að lokinni slíkri meðferð er hægt, í samráði við heilsugæslulækna, að meta hvort frekari meðferðar er þörf og hvort hún á að tengjast heilsugæslunni eða öðrum meðferðarúrræðum. Vert er að nefna að í klínískum leiðbeiningum NICE, landlæknis og annarra stofnana er ávallt lagt til að fyrsta meðferð við geðrænum vanda skuli vera HAM og veita skuli meðferðina inni á heilsugæslustöðvum. Heilsugæslan er og verður fyrsti viðkomustaður fólks með geðraskanir, um 30% þeirra sem leita þangað eiga fyrst og fremst við geðrænan vanda að stríða. Hún verður það enn frekar á næstu árum þar sem geðlæknum sem reka læknastofur hefur fækkað. Sjálfstæðisflokkurinn styður þá þróun sem orðið hefur með tilkomu VIRK, þar sem heilsugæslulæknar eiga auðveldara með að vísa einstaklingum í sálfræðimeðferð á vegum VIRK í tengslum við starfsendurhæfingu þeim að kostnaðarlausu.


Bjarni Benediktsson

**a)** Sjálfstæðisflokkurinn mun vinna að eflingu hugrænna atferlismeðferða í heilsugæslunni með samningum við sálfræðinga á geðsviði Landspítala. Nú njóta fimm heilsugæslustöðvar slíkrar þjónustu. Um gagnreynda meðferð er að ræða sem hefur reynst árangursrík, hagkvæm og fallið notendum vel í geð. Vert er að nefna að í klínískum leiðbeiningum NICE, landlæknis og annarra stofnana er ávallt lagt til að fyrsta meðferð við geðrænum vanda skuli vera HAM og veita skuli meðferðina inni á heilsugæslustöðvum.

**b)** Heilsugæslan er og verður fyrsti viðkomustaður fólks með geðraskanir, um 30% þeirra sem leita þangað eiga fyrst og fremst við geðrænan vanda að stríða. Hún verður það enn frekar á næstu árum þar sem geðlæknum sem reka læknastofur hefur fækkað.

**c)** Þetta er að mati Sjálfstæðisflokksins forgangsverkefni. Það er hvorki mannúðlegt né hagkvæmt að fólk sem búið er að meðhöndla búi á sjúkradeildum og torveldi þannig meðferð annarra. Efla þarf áfram þjónustukjarna sem sinna þeim veikustu á staðnum, en geta jafnframt sinnt öðrum í nágrenni með margs konar stuðningi eftir þörfum.

**2** Á næsta kjörtímabili, komist Sjálfstæðisflokkurinn til valda.

**3** Sjálfstæðisflokkurinn vill setja geðheilbrigðismál í forgang, enda hefur verið skorið mikið niður í þeim málaflokki. Sá niðurskurður hefur gengið nærri þjónustunni t.d. á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Því er þannig farið með margþætta og sérhæfða þjónustu að það tekur mun skemmri tíma að skera hana niður en byggja hana upp á ný. Það er mikilvægt að forgangsraða, flatur niðurskurður er hættulegur. Hér er um forgangsmál að ræða. Rannsóknir frá Bretlandi benda til þess að kostnaður sem hlýst af auknu aðgengi almennings að gagnreyndri meðferð s.s. HAM skilar sér til baka í ríkissjóð m.a. með aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

**4** Komist Sjálfstæðisflokkurinn til valda mun hann leita til notenda og fagfólks til að kanna hvernig hægt sé að bæta þjónustuna sem mest með gagnreyndum hætti og í takt við óskir þessara aðila um forgangsröðun. Það er mismunandi hvernig skilvirkast er að standa að slíku samráði eftir atvikum og eðli þjónustu. Sjálfstæðisflokkurinn trúir ekki á einn miðlægan alvitran samráðsvettvang, heldur fremur á skilvirkt samráð á ýmsum stigum í sem mestri nálægð bæði við notanda og við þá sem veita þjónustuna.

Svarið í heild má lesa á heimasíðu Geðhjálpar, www.gedhjalp.is

## HÆGRI GRÆNIR

### NOTENDASTÝRÐ HEILSUGÆSLA


Guðmundur Franklín Jónsson

Stjórnmálaflokkurinn Hægri grænir fagnar spurningum ykkar, stefnuskrá flokksins um málefni aldraðra einstaklinga með Alzheimerveiki og framtíðarsýn okkar fyrir þann hóp er skýr en ekki hafa verið haldnir sértækir fundir enn um málefni geðfatlaðra.
Við tökum þó undir stefnuskrá sem byggir á einstaklingsfrelsi og einstaklingsframtaki eins og birtist svo vel í stefnuyfirlýsingu Geðhjálpar á ágætri heimasíðu ykkar www.gedhjalp.is:

- Komið verði á notendastýrðri aðstoð verði valkostur í félagsþjónustu.
- Geðfatlaðir og aðrir sem þess óska fái talsmann/trúnaðarmann.
- Að þjónusta byggi á eftirfarandi grunngildum:
- Virðing fyrir notendum, aðstandendum og viðfangsefnum
velferðarkerfisins er forsenda góðrar þjónustu.
- Virkni er grundvöllur lífsgæða og því velferðar hvers einstaklings.
- Velferð einstaklingsins, andleg jafnt sem líkamleg.

Hægri grænir styðja aukna áherslu á að fyrsta viðkoma í veikindum sé heilsugæslan, en til þess að af slíku megi verða verður að fjölga valkostum í rekstri slíkra stöðva. Hægri grænir eru fylgjandi því að koma á notendastýrðri heilsugæslu í þá veru að fjármagn fylgi neytendum en að rekstrarform verði blanda af ríkisreknu og einkareknum heilsugæslustöðvum. Til að auka þátt heilsugæslu í geðheilbrigðisþjónustu sem og annarri heilbrigðisþjónustu verður hins vegar að efla samvinnu, svipað eins og reynt er nú með samfélagsteymum.
Það er stefna Hægri grænna að allir eigi að njóta grunnréttinda og ein slík réttindi eru rétturinn til að búa í viðunandi húsnæði. Hvernig húsnæðismál hvers og eins eru síðan útfærð fer eftir mismunandi þörfum einstaklinga.
Það er í sjálfu sér ekki markmið Hægri grænna að stytta biðlista eftir meðferðarþjónustu með því að útvega húsnæði en stefna okkar er að búa þeim sem glíma við fötlun möguleika sem gerir þá jafnvíga ófötluðum í þjóðfélaginu.
Hægri grænir munu leitast við að efla heilbrigðisþjónustuna og gera hana skilvirkari eins fljótt og tök eru á og styðja allar tillögur þess efnis. Hægri grænir munu leitast við að hafa nána samvinnu við fulltrúa þjónustuþega í ákvörðunum sínum, en stefna okkar er að auka valkosti í heilbrigðisþjónustu.
Hægri grænir telja að gera verði ráð fyrir því að veita auknu fjármagni í grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins og munu styðja slíkar tillögur.

## SAMFYLKINGIN

### EITT AF FORGANGSMÁLUNUM


Sigríður Ingibjörg Ingadóttir

**1 a)** Samfylkingin leggur áherslu á að mótuð verði geðheilbrigðisstefna eins og fram kemur í heilbrigðisáætlun sem velferðarráðherra hefur lagt fram á Alþingi. Velferðarráðuneytið á að bera ábyrgð á slíkri stefnumótun í samráði við sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og notendasamtök. Með slíkri stefnu er geðheilbrigðisþjónusta kortlögð og hægt að tryggja að þjónusta sé veitt á réttum stigum, forvarnir verða markvissari og tryggt að nauðsynleg þjónusta sé í boði. Það er rauður þráður í stefnunni að samþætta mismunandi hluta heilbrigðiskerfisins til að bæta þjónustuna.

**b)** Samfylkingin vill að heilsugæslan verði almennt fyrsti viðkomustaður fólks vegna heilbrigðisþjónustu. Heilsugæslan hefur verið varin þrátt fyrir mikla erfiðleika í ríkisfjármálum. Samfylkingin vinnur að því að heilsugæslan tryggi aðgang fólks að þverfaglegum teymum vegna m.a. geðheilbrigðisvanda.

**c)** Geðfatlaðir eiga að fá stuðning til sjálfstæðis og virkni í samfélaginu. Sjálfstæð búseta með viðeigandi stuðningi er mikilvæg forsenda þess. Straumhvarfaverkefninu lauk árið 2010 og sveitarfélögin tóku yfir málefni fatlaðra árið 2011 og þar með búsetumálin. Ríkið og sveitarfélög þurfa að vinna náið saman að búsetumálum geðfatlaðra. Það er leiðin til að stytta biðlista og tryggja viðeigandi þjónustu fyrir einstaklingana.

**2** Geðheilbrigðismálin eru eitt af forgangsmálunum í heilbrigðismálum. Mikil umræða hefur átt sér stað að undanförnu á vegum félagasamtaka eins og Geðhjálpar, í fjölmiðlum og á Alþingi um geðheilbrigðismál. Á LSH er mikill metnaður í þessum málaflokki og margir leita nú þegar til heilsugæslunnar vegna geðræns vanda. Það hefur skapast góður jarðvegur fyrir umbætur í málaflokknum. Samfylkingin vill hefja nú þegar mótun geðheilbrigðisstefnu og nýta næsta kjörtímabil til að efla heilsugæsluna með þverfaglegum teymum og vinna að fjölgun búsetuúrræða með sveitarfélögunum.

**3** Metnaður okkar í Samfylkingunni er að auka fjármagn til geðheilbrigðisþjónustu eftir kostum. Aukin samvinna og þjónusta á réttu þjónustustigi leiða einnig til betri nýtingar fjármuna. Fyrstu skrefin eru að skapa samráðsvettvang og finna sameiginlega þær lausnir sem ráðast má í strax með breyttu vinnulagi og gera síðan tímasetta framkvæmdaáætlun á grundvelli geðheilbrigðisstefnu með fjárhagsramma.

**4** Já. Samfylkingin leggur áherslu á mótun geðheilbrigðisstefnu til að bæta þjónustuna og nýta sérfræðiþekkingu og fjármuni sem best. Til að það sé mögulegt þarf samráðsvettvang.

Við þökkum stuðninginn
Arion banki
HS ORKA HF
Landsvirkjun
www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI
ÖSSUR ®
REYKJALUNDUR
endurhæfing
init
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
N1

og hefur batamiðuð þjónusta verið sett inn í heilbrigðisstefnu ýmissa landa, þar á meðal Englandi. Við höfum horft til Englands í okkar vinnu, til samtaka sem nefnast Rethink Mental Illness og til Sainsbury Center for Mental Health, og sett okkur í samband við fagaðila sem vinna út frá batamiðaðri þjónustu.“



### VIRKAR BATAMIÐUÐ ÞJÓNUSTA?

„Fræðilega séð ætti batamiðuð þjónusta að virka og sýna rannsóknir frá níunda áratugnum að 25% til 33% þeirra sem höfðu fengið geðrof náðu bata. Bati er þó ekki einungis bundinn við geðrofssjúkdóma. Eins og áður hefur komið fram byggir bati á viðhorfi þjónustuþega í garð eigin veikinda með eða án geðrænna einkenna. Ef þjónustuþegi upplifir aukin lífsgæði er hægt að segja að viðkomandi sé í bata. Þar sem bati er huglægur er erfitt að mæla hann en þó munum við reyna að árangursmæla þjónustuna með spurningalistum sem hannaðir eru út frá batamiðaðri þjónustu. Árangurinn ætti að sjást í auknum áhuga og aukinni virkni þjónustuþega og vera mælanlegur í minnkaðri þörf þeirra á þjónustu geðsviðs.“

### HVERNIG ER GEÐDEILDIN Í STAKK BÚIN TIL AÐ VEITA ÞESSA ÞJÓNUSTU?

„Í dag starfar fjölfaglegur samstarfshópur undir framkvæmdastjóra geðsviðs að innleiðingu batamiðaðrar þjónustu á endurhæfingu geðsviðs Landspítala.

Eins og áður sagði hafa margir starfsmenn innan Landspítala unnið eftir þessari hugmyndafræði leynt og ljóst síðastliðin ár og því er mannskapur til staðar til að veita þessa þjónustu ef vel er staðið að fræðslu og kennslu. Samstarfshópurinn hefur viðað að sér þekkingu að utan til að miðla áfram til starfsmanna. Með mikilli fræðslu, áhuga og vilja er kunnátta í beitingu á batamiðaðri þjónustu auðvelduð mjög.

Varðandi fjármagnið hefur Landspítalinn, eins og aðrar íslenskar stofnanir, þurft að glíma við takmörkuð fjárframlög. Mikill vilji er þó innan geðsviðsins um að láta þetta ganga hvernig svo sem vinnst til með fjármögnun. Að okkar mati er bati ábatasöm fjárfesting.“

### HVERJAR ERU HELSTU HINDRANIRNAR?

„Í breytingarferli sem þessu felst ákveðin áhætta í því að breyta starfsháttum, erfitt getur verið að stýra þróun stofnana í þá átt sem til er ætlast. Breytingar taka að jafnaði nokkur ár að ná rótfestu og því má segja að við verðum í mótunarfasa næstu árin. Mikill kraftur er þó í yfirmönnum og starfsfólki geðsviðs og mun það duga langt. Aðhald, áhugi og stuðningur hagsmunasamtaka mun án efa halda okkur við efnið og blása okkur byr undir báða vængi. Spurningin er ekki hvort batamiðuð þjónusta komist á þann stall sem við vildum helst sjá heldur hvenær eða hversu hratt.“

### BATASKÓLINN, HVAÐ ER ÞAÐ?

„Bataskólinn er byggður á enskri fyrirmynd þar sem kjörorðin eru von, stjórn og tækifæri. Skólinn er til merkis um að geðsviðið vinni samkvæmt batamiðaðri þjónustu. Honum er ætlað að vera aðsetur fyrir starfsfólk og þjónustuþega sem vilja kynna sér innihald hugmyndafræðinnar. Til að byrja með verður skólinn staðsettur í aðalbyggingunni á Kleppi. Unnið er að því að koma upp fyrirlestraraðstöðu, bókasafni, tölvu- og vinnuaðstöðu. Markmið skólans er tvíþætt, að stuðla að bata þjónustuþega og skapa fræðasamfélag um bata.

Bataskólinn mun ekki byggja á meðferðarnálgun heldur verður leitast við að hafa námsbrautir/námskeið sem byggja á hugmyndum um áhugavekjandi og valdeflandi nám eftir getu nemenda. Hægt verður að skrá sig á námskeið innan skólans og er þátttaka í starfi skólans byggð á áhuga hvers og eins. Bataskóli er vinnuheiti og er hópur að störfum við að marka skólanum stefnu, tilgreina sérstöðu skólans og móta námsbrautir/námskeið.“

Kynna má sér starfsemi bataskólans á fésbókarsíðu batamiðaðrar þjónustu, Batamiðuð þjónusta á geðsviði Landspítala.

# Valdefling í verki

**Páll Matthíasson, geðlæknir og framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítala, segir hugmyndafræðina að baki batamiðaðri heilbrigðisþjónustu afar góða.**

„Geðheilbrigðisþjónustan virkar ágætlega og skilar miklum árangri en það mætti vera meira af henni,“ segir Páll og tiltekur að tuttugu prósent af þjóðhagslegu tapi vegna sjúkdóma tengist geðsjúkdómum. „Hins vegar fara aðeins átta prósent af kostnaði við heilbrigðiskerfið í að sinna geðheilbrigðismálum,“ segir hann og telur þörf á úrbótum.

Inntur eftir því hver árangurinn af meðferðum á geðsviði sé svarar Páll að árangurinn megi meta á ýmsan hátt. „Á síðustu árum er í vaxandi mæli litið til starfshæfni, frekar en einkenna um sjúkdóm, þegar árangur er metinn. Það er betra að meðferð skili meiri færni og betri líðan, frekar en bara að einkenni hverfi,“ segir hann og bætir við að í sumum tilfellum nái fólki bata. „Í þeim skilningi að það getur lifað sjálfstæðu ífi og gert það sem það langar til, þrátt fyrir að einhver einkenni geðsjúkdóms séu enn til staðar. Fólk er ekki sjúkdómurinn, það er kannski með einhvern sjúkdóm eða vandamál en það þýðir ekki að það geti ekki gert fullt af hlutum og lifað innihaldsríku lífi,“ segir Páll.

En er einhver pólitískur stuðningur við verkefnið og hugmyndafræðina um batamiðaða þjónustu? „Batahugmyndafræðin hefur svo sem ekki mikið komið inn á borð pólitíkurinnar en þetta er verklag sem við á Geðsviði Landspítalans og víðar í geðheilbrigðiskerfinu viljum vinna eftir. Heilbrigðiskerfið er að mínu mati tilbúið en það er samt best, eins og oftast þegar verið er að breyta menningu, að fara sér hægt og vanda sig. Við byrjum á endurhæfingu og réttar- og öryggisgeðdeild LSH inni á Kleppi en að auki eru ýmsar aðrar einingar hjá okkur sem vinna þegar eftir þessari nálgun,“ svarar Páll.

Hann segir helstu hindranir batamiðaðrar þjónustu vera íhaldssemi og ótta við hið nýja. „Þetta eru þættir sem finnast í fari okkar allra, í bland við nýjungagirni, forvitni og vilja til að bæta hlutina.“

Hvað um framtíð batamiðaðrar þjónustu? „Við vitum af rannsóknum í öðrum löndum að batamiðuð þjónusta er valdefling í verki. Hugmyndafræði og nálgun sem leiðir til meiri ánægju hjá notendum þjónustunnar, meira sjálfstæðis og betri árangurs. Jafnframt er starfsfólk ánægðara. Minn draumur er að aukið geðheilbrigði verði enn frekar en nú er samstarfsverkefni allra sem að málum koma; sjúklinga/notenda þjónustunnar, aðstandenda, starfsfólks og annarra sem áhuga hafa á málum.“



„Fólk er ekki sjúkdómurinn,“ segir Páll Matthíasson, geðlæknir og framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítala. MYND/GVA

Við þökkum stuðninginn

ÍSLENSK ERFÐAGREINING
BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR
LYFJA - Lifið heil
SJÓVÁ
ASÍ Alþýðusamband Íslands
SORPA Flokkum og skilum
icepharma Bætt líðan · Betra líf



# Hvernig tryggjum við góða stjórnunarhætti félagasamtaka?

Ómar H. Kristmundsson

***Félagasamtök þurfa að fylgja nokkrum meginreglum til að tryggja vandaða og árangursríka stjórnarhætti.***

1. Ímynd og traust. Stjórnendur skulu vernda orðspor félagsins og efla það traust sem samfélagið ber til þess. Verðmæti félags endurspeglast ekki í kennitölum úr ársreikningi heldur í virðingu og trausti samfélagsins.

2. Skráðar reglur. Lög félagsins mynda regluumgjörð þess þar sem lýst er m.a. tilgangi félags, stjórnskipulagi og þeim grunngildum sem starfsemin byggir á. Því þarf að vanda til gerðar þeirra og endurskoða reglulega. Til viðbótar þurfa að vera í gildi verklagsreglur stjórnar, þar sem m.a. er lýst reglum um framkvæmd stjórnarfunda og siðareglum um starfshætti.

3. Sjálfboðaliðar. Styðja þarf við sjálfboðaliða félagsins og stöðugt þarf að huga að öflun nýrra. Tryggt þarf að vera að þeir geti ávallt leitað í áhugaverð og fjölbreytt verkefni og hafi áhrif á starfsemi félagsins.

4. Hlutverk stjórnar. Hlutverkum stjórnar skal lýst með skýrum hætti í lögum félags og verklagsreglum stjórnar. Stjórnum er venjulega ætlað að móta stefnu félags og taka allar meiri háttar ákvarðanir, hafa eftirlit með fjármunum og rekstri þess, vinna að tekjuöflun og vera fulltrúi félagsins út á við. Einnig ræður stjórn framkvæmdastjóra. Allt of algengt er að stjórnir séu óvirkar. Ýmsum aðferðum er unnt að beita til að stjórn geti sinnt þessum hlutverkum með virkum hætti.

5. Val á stjórnarmönnum. Til að tryggja lýðræði í félagasamtökum þurfa að vera skýrar reglur um val á stjórnarmönnum. Allir félagsmenn skulu eiga möguleika á að bjóða sig fram til stjórnarsetu. Setja skal ákvæði í lög félagsins um hámarkssetu í stjórn. Tryggja skal að vina- og fjölskyldutengsl séu engin milli stjórnar og framkvæmdastjóra. Það getur takmarkað möguleika á að stjórn sinni eftirlitshlutverki sínu.

6. Fjármálastjórnun. Félagasamtök eiga það sammerkt með fyrirtækjum og opinberum stofnunum að þurfa að fylgja reglum um bókhald og reikningsskil. Mikilvægi vandaðrar fjármálastjórnunar félagasamtaka er síst minna en hjá fyrirtækjum. Allar efasemdir um að rétt sé farið með fjármuni félagsins geta skaðað varanlega ímynd og traust þess. Ársreikningar skulu endurskoðaðir af ytri endurskoðendum.

7. Upplýsingamiðlun. Ein áhrifamesta aðferðin til að viðhalda samfélagslegu trausti er að félagasamtökin noti vef- og samfélagsmiðla til að koma á framfæri upplýsingum um starfsemina. Birta skal upplýsingar um lög félagsins, stjórn, starfsmenn, fundargerðir, ársreikninga, ársskýrslur og aðrar þær upplýsingar sem lýsa ákvörðunum og starfsemi félagsins. Einnig skulu félagar og aðrir hagsmunaðilar eiga þess kost á að senda inn fyrirspurnir og tjá sig um þau málefni sem eru efst á baugi á hverjum tíma.

*Höfundur er prófessor við Háskóla Íslands og fyrrverandi formaður Rauða krossins.*

# Í viðjum kvíðaröskunar – *Sagan hennar Ínu*

Hrefna Pálsdóttir

Það er stór ákvörðun að setja barnið sitt á lyf og engu foreldri léttvæg og trúlega oft þrautalending. Slík ákvörðun getur engu að síður haft varanleg áhrif til góðs á líf barns og á að skoðast í því ljósi. Mér er minnisstæð umfjöllunin um „læknadóp“. Þar var lyfið Rítalín í brennidepli. Þessi umræða var vissulega afar mikilvæg en orðalagið stakk mig. Rítalín er ekki læknadóp. Rítalín er lyfseðilsskylt lyf, veitt af læknum og til þess fallið að hjálpa fólki með ofvirkni og athyglisbrest (ADHD). Lyfið er svo gjarnan misnotað af einstaklingum sem glíma við fíkniefnavandamál. Notkun Rítalíns verður ekki gerð að frekari umfjöllun en stef þessa pistils er: „Aðgát skal höfð í nærveru sálar.“



Hrefna Pálsdóttir lýðheilsufræðingur

## ÍNA

Ég þekki 11 ára gamla stelpu sem heitir Ína. Hún er dugleg í skólanum, brosmild og kát. Hún stundar sína íþrótt af krafti og er félagslynd. Henni hefur samt ekki alltaf liðið vel. Hún var mjög oft þjökuð af kvíða þegar hún var yngri. Kvíði er ósköp eðlileg tilfinning og flest finnum við einhvern tímann fyrir kvíða. Líkt og læknar og aðrir sérfræðingar hafa margoft bent á, þá getur mikill kvíði yfir lengri tíma haft lamandi andleg áhrif á einstaklinginn, valdið mikilli vanlíðan og eins getur hann komið fram í líkamlegum einkennum. Eins er talið að ýmis áföll í lífinu geti stuðlað að kvíðaröskunum og að auki eiga erfðir sinn þátt.

## MEÐFÆDDUR KVÍÐI

Í Ínu tilfelli var talið líklegt að um meðfæddan kvíða væri að ræða. Hún var einkabarn á þeim tíma, hafði aldrei orðið fyrir neinu áfalli en þegar sagan var skoðuð sýndi hún trúlega einkenni strax frá fæðingu. Hún var frekar pirrað ungbarn, gjarnan óróleg og vansæl í vöku. Þegar hún fór til dagmömmu og síðar í leikskóla tók við mikil barátta. Hún vildi ekki fara í leikskólann og var það einkum vegna manneklu sem var í leikskólunum á þeim tíma. Starfsfólkið gerði sitt besta en hjá Ínu vakti þetta ástand óöryggi og vanlíðan. Eins komu fram hjá henni breytt kvíðaeinkenni. Ef einhver annar en mamma hennar sótti hana á leikskólann fór hún að gráta og varð óörugg. Hún varð einnig mjög óróleg ef hún vissi ekki nákvæmlega hvað beið hennar og þráspurði gjarnan um sömu hlutina. Ína hætti að vilja sofa í sínu herbergi, óttaðist það líka oft að vakna ekki aftur, var veðurhrædd, þjófahrædd og eldhrædd. Ein jólin varð hún ekki róleg fyrr en búið var að aftengja allar jólaseríur áður en farið var að sofa. Matarvenjur voru erfiðar, hún borðaði lítið og helst alltaf það sama. Eins fór hún snemma að hafa áhyggjur af því að fá illt í magann og kasta upp. Það komu tímabil þar sem hún borði varla að borða. Ef hún fór í flugvél óttaðist hún mjög að flugvélin myndi hrapa. Hún hræddist það að fara í barnaafmæli ef hún þekkti ekki til foreldranna. Þessi ótti leiddi til þess að Ína fór stundum á mis við ýmsar gleðistundir sem mörg börn hugsa hlýlega til langt fram á fullorðinsaldur.

## LYF EÐA EKKI LYF?

Tekin var sú ákvörðun að setja Ínu í fimm ára bekk. Þar tók við henni dásamlegur kennari, sem bæði Ína og foreldrar hennar eiga margt að þakka. Þegar hér var komið sögu (Ína fimm ára) hafði mamma hennar miklar áhyggjur af henni og ákvað að leita aðstoðar. Farið var með hana til barnasálfræðings, sem greindi hana með kvíðaröskun. Jafnframt nefndi sálfræðingurinn að tímabundin lyfjagjöf gæti verið lausn en foreldrarnir tóku það ekki í mál. Það var auðvelda leiðin út að mati mömmunnar.

## VIÐ TÓKU ERFIÐ ÁR

Tíminn leið og við tóku mjög sveiflukennd og erfið ár. Haldið var áfram að fara í viðtöl til sálfræðingsins. Síðar var skipt um sálfræðing og náði sú afar vel til Ínu. Hún hjálpaði henni að átta sig betur á aðstæðum, náði að útskýra fyrir henni hvað hrjáði hana og jafnframt hjálpaði hún Ínu að beita ákveðinni tækni þegar áleitnar og óþægilegar hugsanir fóru að leita á hana og valda henni vanlíðan. Ína skildi líka að hún var ekki ein um slíka líðan.

Haustið 2011 hafði verið mikið um áleitnar hugsanir hjá Ínu sem hún réð illa við og vöktu með henni vanlíðan. Þá tók Ína hreinlæti mjög alvarlega. Hún þvoði og sprittaði á sér hendurnar svo oft að þær urðu eins og sandpappír. Á þessum tíma var álagið orðið of mikið og ákveðið var að leita aðstoðar barnageðlæknis. Tekin var sú ákvörðun að prófa vægt kvíðalyf. Í stuttu máli sagt gjörbreyttist líðan Ínu. Kvíðinn nánast hvarf og Ína blómstraði. Í dag líður Ínu mjög vel. Hún er sjálfsörugg, glöð og það sem meira er, fer ekki lengur á mis við margar af þeim jákvæðu og skemmtilegu hliðum lífsins sem kvíðinn hafði áður hamlað henni að upplifa og njóta. Reyndar ber enn talsvert á þráhyggju og áráttuhegðun en í mun minni mæli en áður. Þá hafa Ína og foreldrar hennar áfram aðgang að ráðgjöf. Það sem foreldrar Ínu hræddust mest var á vissan hátt bjargvættur stúlkunnar þeirra.

## AÐGÁT SKAL HÖFÐ Í NÆRVERU SÁLAR

Líf með geðröskunum er erfið reynsla. Ekkert barn eða ungmenni á að þurfa að upplifa skömm vegna þess að þurfa að taka lyf sem hjálpa þeim við einbeitingu og stuðla mögulega að betri líðan. Almennt er talið að námsgengi hafi áhrif á sjálfsmynd. Eins getur lyfjagjöf hjálpað einstaklingum félagslega og losað þá við stöðugan, nagandi kvíðaverk, eins og hér á undan var reifað. Við foreldrar þurfum að hafa í huga að við þekkjum barnið okkar best. Við erum ábyrg fyrir því að standa vörð um barnið okkar og velja þær leiðir, sem við teljum vera bestar fyrir það. Foreldar Ínu munu aldrei sjá eftir því að hafa tekið þessa ákvörðun. Óskin er þó auðvitað sú að lyfið sé tímabundið úrræði þannig að Ína geti verið án þess í framtíðinni. Vellíðan hennar og velgengni í lífinu skiptir þó öllu máli, með hjálp eða án.

## LEGGJUM NIÐUR MEIÐANDI UMRÆÐU

Það er ósk mín að foreldrum barna með geðraskanir auðnist að verja þau gegn meiðandi umræðu um þau úrræði sem þeim eru nauðsynleg. Það er bæði sjálfsagt og eðlilegt að misnotkun lyfseðilsskyldra lyfja sé rædd opinberlega. En það er líka mikilvægt að vanda vel til verka. Það er samfélagi okkar til skammar ef slík umræða hefur þær afleiðingar að stór hópur barna og fullorðinna forðast lyfjatöku vegna fordóma og fáfræði í samfélaginu.

*Höfundur er lýðheilsufræðingur (Master of Public Health (MPH)) og starfar sem sérfræðingur hjá Rannsóknum og greiningu í Háskólanum í Reykjavík.*

# Nauðungarvistun endurhugsuð

**Væntanlega hafa fáir sem þetta lesa upplifað nauðungarvistun. Ísland stendur vel í alþjóðlegum samanburði og eru nauðungarvistanir hlutfallslega færri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Túlkun nýjustu mannréttindasamninga og breytingar á grundvallarhugsun um nauðung hvetja þó til þess að hugsa hlutina upp á nýtt. Þeir róttækustu segja nauðungarvistanir vera óforsvaranlegar.**

Margsinnis hefur það komið til tals að breyta ferlinu þegar einstaklingur veikist alvarlega af geðsjúkdómi og er í kjölfarið fluttur gegn vilja sínum á spítala. Oft er þetta átakastund í líf þess sem veikist en einnig fjölskyldu hans. Stundum skilur hún eftir sig hjartasár sem eru lengi að gróa. Gagnrýni á nauðungarvistanir hefur beinst að því að fjölskyldur þurfi að bera ábyrgð á ákvörðuninni um að nauðungarvista ástvini sína. Þar ættu eingöngu læknar, eða eingöngu sveitarfélög, að hafa milligöngu. Þá hefur aðkoma lögreglunnar, sem gjarnan mætir og aðstoðar við að flytja fólk á sjúkrahús, verið gagnrýnd, enda sé um veikt fólk að ræða en ekki glæpamenn. Stundum gerist það í veikindum að fólk er hættulegt öðrum en það heyrir til undantekninga.

Yfirleitt er ákvörðun tekin um að nauðungarvista fólk til að vernda það gegn því að skaða sjálft sig.

Forsendur nauðungarvistana eru því helst tvær. Að forða fólki frá því að skaða sjálft sig eða aðra, og að veita því meðferð við alvarlegum veikindum og/eða fíkn.

Undir venjulegum kringumstæðum er sjálfræði okkar óumdeilt en við gefum okkur að við vissar aðstæður hafi fólk ekki getu til að taka sjálfstæðar ákvarðanir og það sé þá í höndum annarra að gera það sem er því „fyrir bestu“.

Hugmyndir um mannréttindi og sjálfsákvörðunarrétt krefja okkur um nýja nálgun gagnvart fötluðum og gagnvart nauðung. Fyrr í þessum mánuði sagði Juan Méndez, sem er sérstakur skýrslugjafi Sameinuðu þjóðanna um pyntingar og aðra grimmilega, ómannúðlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, þegar hann fjallaði um skýrslu sína í Mannréttindaráði SÞ, að „alvarleiki geðsjúkdóms geti ekki réttlætt varðhald né geti það verið réttlætt með þeirri ætlun að tryggja öryggi manneskjunnar eða annarra“. Hann setur sjálfsákvörðunarrétt fólks ofar öllu öðru, jafnvel öryggi.



„Best væri ef hægt væri að komast hjá nauðungarvistunum,“ segir Eva Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar.

Grunnforsendan er samþykki en í einhverjum tilvikum er slíkt ekki að fá. Líkt og þegar einstaklingur, sem fær alvarlegt hjartaáfall og missir meðvitund, er færður án samþykkis til meðferðar á sjúkrahús, þá hlýtur sami einstaklingur að fá sambærilega þjónustu veikist hann þannig af geðsjúkdómi að hann er ekki lengur til þess bær að taka sjálfstæða ákvörðun um meðferð. Skilin milli þess hvenær taka skuli sjálfsákvörðunarrétt fólks frá því eru hins vegar ekki jafn skýr í báðum dæmum. Að geta ekki veitt samþykki vegna meðvitundarleysis er ekki sama ástand og að vera ringlaður og óskýr í hugsun, eða sturlaður jafnvel. Enn fremur er einstaklingi sem fær hjartaáfall yfirleitt ekki haldið gegn vilja sínum inni á sjúkrastofnun, en það er markmið nauðungarvistunar.

Ef engin önnur leið en nauðungarvistun er fær hlýtur það að vera háð afar ströngum skilyrðum. Að leitað sé allra leiða til að fá samþykki. Að veiku fólk sé sinnt af heilbrigðisstarfsfólki en ekki lögreglu eða öryggisvörðum. Að hlutverk ættingja og nákominna og hlutverk hins opinbera sé skýrt. Að þvinguð lyfjagjöf eigi sér ekki stað. Að vistun sé ekki lengri en ástæða sé til. Og svo mætti lengi telja.

Best væri þó að komast hjá nauðungarvistunum og ætti það að vera verkefni til framtíðar að endurhugsa geðheilbrigðisþjónustuna með það að markmiði að fækka, og jafnvel binda enda á, frelsissviptingar geðsjúkra.



Í Lapplandi hafa verið þróaðar nýstárlegar aðferðir til að fást við geðrof. MYND/VALLI

## Opin samræða

*Hrannar Jónsson, forritari og áhugamaður um geðheilbrigðismál*

Um nokkurt skeið hefur áhugafólk um geðheilbrigðismál um heim allan haft augastað á litlu héraði í Lapplandi. Þar, í 72 þúsund manna samfélagi, hefur fólk verið að þróa nýstárlegar aðferðir til að fást við geðrof. Þessar aðferðir snúast hreint ekki um einhverja hátækni heldur nokkuð sem við mannfólkið höfum notað í þúsundir ára: samræður. Ef það er eitthvað eitt sem fólk tengir við geðraskanir, eins og ótal bíómyndir bera vitni um, er það geðrofsástand. Það er það ástand þegar einhver fer að heyra raddir eða upplifa heiminn öðruvísi, t.d. að hann eða hún sé ósigrandi, sé hluti af leynilegu ráðabruggi, sé undir smásjá erlendrar leyniþjónustu.

Þegar haft er samband við Keropudas-sjúkrahúsið í Tornio, vegna geðrofs, er boðað til fundar innan 24 tíma. Æskilegast er að sá fundur fari fram á heimili þess sem upplifir geðrofið. Til hans eru boðaðir fjölskyldumeðlimir með teymi fagaðila. Svo er farið að tala saman.

Því fagfólkið segir sem svo: Þegar við förum inn í þessar aðstæður byrjum við að ræða saman. Við byrjum að ræða saman vegna þess að við vitum ekki hvert vandamálið er. Vandamálið er nefnilega ekki í höfðinu á þeim sem upplifir geðrofið, heldur í samskiptunum á milli fólks.

Í samræðuferlinu er áhersla á lögð á eftirtalda lykilþætti:

- Bregðast strax við. Leitast er við að koma á fundi innan 24 tíma.
- Virkja félagsnetið (í nærumhverfinu)
- Sveigjanleiki (einstaklingsmiðuð nálgun)
- Ábyrgð. Sá sem tekur við símtali ber ábyrgð á að kalla til fundar.
- Sálfræðilegt samhengi. Nauðsyn á góðri eftirfylgd, stundum í langan tíma.
- Óvissuþol. Nauðsyn er að byggja upp samband sem byggir á trausti. Reynslan sýnir að best er að hittast daglega fyrstu 10-12 dagana til að byggja upp traust.

Niðurstöðurnar lofa mjög góðu. Eftir 5 ár sneru 84% sjúklinga til vinnu eða náms eða voru að leita sér að starfi. (Seikkula o.fl. 2011). Í sömu rannsókn fann 81% ekki fyrir einkennum. Aðeins þriðjungur hafði notað geðlyf. Eftir 10 ár höfðu þessar tölur batnað ef eitthvað er. Ekki er mikið til af langtímarannsóknum á bata en ef t.d. er tekin rannsókn í Svíþjóð voru 62% flokkuð sem öryrkjar eftir 5 ár.




# Við þökkum stuðninginn

Aðalvík ehf
Allianz Ísland hf
ARGOS Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkitektastofan OG ehf
Athygli ehf
Auris medica ehf
Axis-húsgögn ehf
Árni Reynisson ehf
Ásbjörn Ólafsson ehf
Áskot ehf
Bakkus ehf
Balletskóli Sigríðar Ármann ehf
Bandalag háskólamanna
Bandalag starfsm ríkis og bæja
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéð ehf
Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf
Birtingur ehf
Bílasmiðurinn hf
Bílaverk ehf
Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf
Björnsbakarí ehf
Blaðamannafélag Íslands
Blikkrás ehf
Blikksmiðja Reykjavíkur
Bolungarvíkurkaupstaður
Borgarverk ehf
Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda
Danica sjávarafurðir ehf
DMM Lausnir ehf
DS lausnir ehf
Dýralæknirinn á Breiðdalsvík
Efling stéttarfélag
Einar Jónsson Skipaþjónusta
Elísa Guðrún ehf
Endurskoðun Ómars Kristjáns slf
Endurskoðun Vestfjarða ehf
Ernst & Young ehf
Evrópulög ehf
Fagval ehf
Fagverk verktakar sf
Fatabúðin ehf
Faxaflóahafnir sf
Ferðakompaníið ehf
Félagsbúið Hallgilsstöðum
Fiskbúðin
Fiskmark ehf
Fiskmarkaður Bolungarv. og Suðureyrar ehf
Fiskmarkaðurinn ehf
Fjallabak ehf
Fjarðaþrif ehf
Fjölbrautarskóli Suðurlands
Fljótsdalshérað
Flóahreppur
Forum lögmenn ehf
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu
Frár ehf
Friðfinnur Sigurðsson v/Fagranesbúið
Frostfiskur ehf
G. Rúnar ehf
Garðabær
Geislatækni ehf,Laser-þjónustan
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf
Gjögur hf
Glaður ehf
Glit málun ehf
GT Tækni ehf
Guðmundur Jónasson ehf
Gull- og silfursmiðjan ehf
H.V.-umboðsverslun ehf
Hafgæði sf
Halldór Jónsson ehf
Happdrætti Háskóla Íslands
Helgi Bergþórsson
Hellur og garðar ehf
Herrafataverslun Birgis ehf
Héðinn Schindler lyftur hf
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf
Hjallasandur ehf
Hlaðbær-Colas hf
Hlíðar ehf
Hólabrekka ehf
Hótel Djúpavík ehf
Hótel Örkin sjómannaheimili
Hraðfrystihús Hellissands hf
Hraungerði ehf
Hrunamannahreppur
Hugsjá ehf
Hugsmiðjan ehf
Húnavatnshreppur
Húnaþing vestra
Hvalur hf
Hveragerðiskirkja
Höfðavélar ehf
Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili
Höfn,öldrunarmiðstöð
Ingibjörg ehf
Intellecta ehf
Ísfélag Vestmannaeyja hf
Ísgát ehf
Íslandsspil sf
Íslensk endurskoðun ehf
Íslenska félagið ehf - Ice Group
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf
Járnkarlinn ehf
Jón og Gunna ehf
Jón og Trausti sf
Karl Kristmanns umboðs- og heildverslun ehf
Kaupfélag Skagfirðinga
Kaupverk ehf
Kjöthöllin ehf
Klausturkaffi ehf
Kristján F Oddsson ehf
Kristján G. Gíslason ehf
Krit ehf
Kvenfélag Hrunamannahrepps
Kvenfélagið Freyja
Kynning og markaður - KOM ehf
Landsnet hf
Leiguval ehf
Léttfeti ehf
Litla Bílasalan ehf
Loðnuvinnslan hf
Manus ehf
Marás ehf
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Nethönnun ehf
Nexus afþreying ehf
Nonni litli ehf
Norðurpóll ehf
Nýi ökuskólinn ehf
Og fjarskipti ehf
Orkuvirki ehf
Ósal ehf
Parlogis hf
Pípulagnaþj. Bjarna Fannberg Jónasson ehf
Rafeindastofan ehf
Rafgeisli Tómas R. Zoëga ehf
Rafiðn ehf
Rafmiðlun hf
Rafrún ehf
Rafsvið sf
Raftar ehf
Raftákn ehf
Raf-X ehf
Rarik ohf
Ráðgjafar ehf
Reiknistofa fiskmarkaða hf
Rekstrarfélag Kringlunnar
Renniverkstæði Jóns Þorgr ehf
Reykjanesbær
Réttingaverkstæði Jóa ehf
Rue de Net Reykjavík ehf
Samson ehf
Sálarrannsóknarfélag Reykjav.
Seljakirkja
Seltjarnarneskirkja
Seyðisfjarðarkaupstaður
SFR Stéttarfélag í almannaþjónustu
SÍBS
Síldarvinnslan hf
Sílfell ehf
Sínus ehf
Skarðsvík ehf
Skólaskrifstofa Austurlands
Skólavefurinn ehf
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
Smith og Norland hf
Sportbarinn
Stálorka ehf
Stekkur ehf
Steypusögun Norðurlands ehf
Stokkar og steinar sf
Suðurverk hf
Suzuki-bílar hf
Súðavíkurhreppur
Sveitarfélagið Skagaströnd
Svínahraun ehf
Sytra ehf
Sæbjörg ehf
Söluturninn Smári
Tannlæknast Harðar V Sigmars sf
Tannlæknastofa A.B. slf
Tannlæknastofa Björns Þ Þór ehf
Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttir ehf
Tannréttingar sf
Tannvernd ehf
TG raf ehf
Thorp ehf
Tónsport ehf
Tækniskólinn ehf
Umslag ehf
V.P.vélaverkstæði ehf
Veiðiþjónustan Strengir
Veitingastaðurinn Fljótið ehf
Veitingaþjónusta Lárus Lofts
Verkalýðsfélagið Hlíf
Verkfræðistofa Suðurnesja hf
Vermir sf
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Vesturfarasetrið
Vélaverkstæði Kristjáns ehf
Vélaverkstæði Sigurðar Bjarnasonar ehf
Vélaverkstæðið Þór ehf
Vélsmiðja Sandgerðis ehf
Vélsmiðjan Harka hf
Viðskiptaþjónusta ÁGG ehf
Vignir G. Jónsson hf
Vinnslustöðin hf
Víkurbúðin ehf
Vísir hf
VR
Vörumiðlun ehf
Yndisauki ehf
Þjónustumiðstöðin Þingvöllum
Þór félag stjórnenda
Þroskahjálp, landssamtök
Æco bílar ehf
Ævintýradalurinn ehf
Öryggisgirðingar ehf

## BÍLAR & FARARTÆKI


Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn




SUBARU Legacy. Árgerð 2005, ekinn 92 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.650.000. Rnr.104067.



FORD Transit bus 350l 125 hö 14 sæta. Árgerð 2004, ekinn 154 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.790.000. Rnr.222598.



BMW 5 520d e60. Árgerð 2007, ekinn 53 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.104472.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**


ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR




MERCEDES BENZ C 200 kompr (245). Árgerð 2004, ekinn 153 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.890.000. Rnr.140070. VERÐ NÚ kr: 1.490.000,-



KIA Picanto ex diesel. Árgerð 2006, ekinn 60 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.190.000. Rnr.110783.



NISSAN Qashqai. Árgerð 2008, ekinn 99 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.110256. VERÐ NÚ kr: 2.590.000,-

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**


TOYOTA
Reykjanesbæ




Kia Sorento EX 170 hestöfl Krókur, mjög góður bíll Verð 3,590,000,- Toyota Reykjanesbæ 420-6600

**Toyota Reykjanesbæ**
**Njarðarbraut 19, 260**
**Reykjanesbær**
**Sími: 420 6600**


100bilar.is bílasala




NÝ COLEMAN CHEYENNE 10 FET, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Verð frá 2.169þ.kr, ATH 5stk eftir, Komdu og skoðaðu

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Citroen 2006. Eðal bíll. Óska eftir skiptum á sendibíl eða bein sala. V. 1180 þúsund. Sími 843 6682.



Nissan Patrol SE Disel árg.'98. Óbreyttur. 6 strokkar 2826 cc. Beinskiptur 5 gíra. Akstur 244 þúsund. Álfelgur, dráttarbeisli, geislaspilari, leðuráklæði, þjónustubók og gott viðhald. Verð 900 þúsund. S. 860 3516.



Til sölu Iveco 65C18 árgerð 2008 sjálfssk. Ekinn 137 þ.km. Upplýsingar í síma 868 7899 Hjörtur.



**TIL SÖLU HONDA CRV 2001**
Sjálfskiptur, gott viðhald, reglulegt smurning. Ekinn 218.000. Skipt um tímareim í 160.000. Góður bíll, aðeins tveir eigendur frá 2001. Er til sýnis Malarhöfða 10 við Steypustöðina Verð aðeins 650.000kr. S. 899 5910.



Suzuki Liana 4*4, árg. ,06. Ekinn 93þ. Ásett verð 1430þ. Staðgreitt verð 1150þ. S. 857 2349.




Reunault Kangoo til sölu. Árg. ,00 ek. 173þ. Mikið endurnýjaður. S. 660-4478

Til sölu Hyundai Accent 1500. Árg. ,99 5 gíra sk. 13 cd fallegur og góður. Verð 190þ. S 896 8568.

### 0-250 þús.



Musso 2,3 1998. Ek. 200 þ. Mjög góður bíll á útsölu 190 þkr. Fyrstur kemur fyrstur fær, uppl. í s. 693 9137.

### 250-499 þús.



**SPORTSPARIBAUKUR - 299 ÞÚS.**
FORD PUMA 1,4 16v 90 hö árg'98 ek.180 þús, ný skoðaður 14, ný heilsársdekk, skemtilegur akstursbíll sem eyðir mjög litlu, ásett verð 550 þús TILBOÐ 299 ÞÚS er í góðu ástandi s. 841 8955



**GÓÐUR 4X4 JEPPI - 350ÞÚS**
Nissan Terrano II 33" 2,4 bensin árg' 97 ek. aðeins 174 þús, beinskiptur, leðurklæddur, 7 manna, flott og ryðlaust eintak verð 350 þús s.841 8955

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

### Sendibílar


568 5000
NS
NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN


Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

### Bílaþjónusta




### Varahlutir


VAKA




**FELGUR**
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

**SMÁPARTAR.IS**
Stefán Máni upplýsir að hann hafi sett sig í samband við ungt fólk og látið lesa yfir fyrir sig á meðan á ritunartíma sögunnar stóð. „Ég er í þessari bók að skrifa fyrir yngri lesendahóp en vanalega og fannst því nauðsynlegt að koma mér í samband við góðan hóp unglinga, leyfði þeim að lesa og senda mér athugasemdir. Það var mjög lærdómsríkt og sannfærði mig reyndar líka um að sagan virkaði.“

Spurður hvort bókin sé gerólík hans fyrri verkum segir hann svo ekki vera. „Þetta er alveg bók eftir Stefán Mána þó að ég kannski setji tóninn aðeins niður. Hún er fjandi töff og alls ekki nein uppeldishandbók. Ég lagði upp með að skrifa hratt og hafa gaman af því en vandaði mig auðvitað. Og bókin er vonandi bæði hröð og skemmtileg, ég held að minnsta kosti að vel hafi tekist til,“ segir Stefán að lokum.

sigridur@frettabladid.is



**STEFÁN MÁNI** Skrifaði bókina Úlfshjarta hratt og hafði gaman af því. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Mig langaði að skrifa bók fyrir lesendahóp sem hefur verið lítið sinnt af íslenskum höfundum.**

## Young Adult Fiction

Hugtakið Young Adult Fiction er yfirleitt skilgreint þannig að það eigi við um bækur sem eru skrifaðar og markaðssettar fyrir ungt fólk, tólf til átján ára. Rannsóknir sýna þó að 55% þeirra sem kaupa bækurnar eru eldri en átján ára.

Söguefnið er gjarnan með yfirnáttúrulegu ívafi eða þá í anda vísindaskáldsagna og oftar en ekki þarf aðalpersónan að takast á við ókunn öfl til að komast til þroska. Söguhetjur eru unglingar í miklum meirihluta tilfella og miðað er við að bækurnar séu um efni sem höfðar til unglinga.



MÁLÞINGIÐ

MILLIMÁL OG MATARLEIFAR

**Norræna húsið í Reykjavík verður vettvangur áhugaverðra vangaveltna um matarleifar og matarmenningu þann 17.–18. mars nk.**

***Í hádeginu verða matarleifar í matinn!***

Ráðstefnan er „millimál“ í röð ráðstefna þar sem kastljósinu er beint að tengslum Norðurlandanna og Þýskalands. Málþingið fer fram á ensku.

**Sunnudagur 17. mars**

**15.15 German encounters.**
Tónleikar **Caput hópsins** og þýska klarínettdúettsins **Zelinsky/Smeyers.**

**19.00** Kokkarnir **Sebastian Wussler** og **Miles Watson** frá Pure Berlin skapa dýrindis þýsk/norrænan kvöldverð.
Skráning nauðsynleg á: *nh@nordice.is*
Verð fyrir tónleika og kvöldverð: 10.000 kr.

**Mánudagur 18. mars**

**09.30** Móttaka og kaffiveitingar.

**10.00–10.10 Max Dager,** forstjóri Norræna hússins og **Þuríður Helga Kristjánsdóttir,** fundarstjóri. Setning málþings.

**10.10–10.40 Selina Juul.**
Stop Food Waste-Problems and solutions in a Danish perspective.

**10.40–11.00 Sólveig Ólafsdóttir.**
Keypt og kastað – eitt og annað mótsagnakennt af samhengi neyslu og sóunar.
*Erindið er á íslensku.*

**11.00–11.20 Gylfi Freyr Gunnarsson.**
Best Practice in the Hotel Grand.

**11.20–11.40 Stefán Gíslason.**
Food waste, about the problem and finding solutions.

**11.40–12.00 Nadja Flohr-Spence.**
Youth Food – Action and Experiments; culinary disobedience happenings in Germany.

**12.00–13.00 Matarleifar í matinn!**
**Hinrik Carl Ellertsson**, ásamt kokkunum á Dill elda fyrir okkur ruslfæði. Verð: 1.500 kr.

**13.00–13.15 Mats Hellström.**
Relations between Germany and the North seen from a Swedish dinnertable.

**13.15–13.35 Mads Holm.**
German influences in Nordic food culture – Is Icelandic Food Danish, and Danish food German?

**14.00–14.20 Sebastian Wussler.**
The ideas behind Pure Berlin – How we will change the way people think of German food.

**14.20–14.50 Rudolf Böhler.**
German Food Culture: Protestant and Catholic Bratwurst.

Ítarlegri dagskrá má finna á *www.norraenahusid.is*

NORRÆNA HÚSIÐ
Slow Food Reykjavík
Norden & Tyskland

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 14. MARS 2013**

### Fræðsla

**17.00** Hugarafl og Geðheilsustöð Breiðholts bjóða almenningi upp á fyrirlestur þar sem fjallað verður um tilfinningalegan vanda og leiðir til jafnvægis. Fyrirlesturinn verður haldinn í sal félgsstarfs Árskóga, Árskógum 4. Haraldur Erlendsson, yfirlæknir Heilsustofnunar Hveragerðis, talar. Aðgangur er ókeypis.

### Sýningar

**16.00** Sýningin Silfur...13 opnuð á Torgi Þjóðminjasafnsins. Á sýningunni er leitast við að gefa innsýn í fjölbreytileika starfs gull- og silfursmiða.

**17.00** Sýning á fyrstu tískulínu Ólafs Helga Ólafssonar, Stariana Couture by Ólafur Helgi, verður opnuð í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Um er að ræða útskriftarverkefni Ólafs Helga í tísku- og textílhönnunarnámi frá Nuova Accademia di Belle Arti Milano.

### Upplestur

**18.00** Ragnheiður Ríkharðsdóttir les 36. Passíusálminn í Grafarvogskirkju í tilefni föstunnar.

### Uppákomur



**12.15** Fatahönnuðurinn **Steinunn Sigurðardóttir** velur og segir frá uppáhaldsverki sínu á sýningunni Flæði á Kjarvalsstöðum.

**17.00** Haldið verður útgáfuhóf í Bókabúð Máls og Menningar að Laugavegi 18, í tilefni af útkomu bókar Arngunnar Árnadóttur, Unglingar, sem er sú þriðja í ritröðinni Meðgönguljóð. Léttar veitingar verða í boði auk þess sem Arngunnur mun lesa úr bók sinni og árita eintök.

**20.00** Haldin verður kvöldvaka á Kaffi Smala á Ytra-Lóni á Langanesi. Þar verða raktir þættir úr sögunni og fjallað um Maríu- og Pétürslömb. Aðgangur er ókeypis og barinn verður opinn en enginn posi verður á staðnum.

### Leikrit

**20.00** Verzlunarskóli Íslands heldur sérstaka styrktarsýningu á söngleik sínum V.Í. Will Rock You í Austurbæ. Sýningin er til styrktar rannsóknum á arfgengri heilablæðingu og er miðaverð kr. 2.500.

### Tónlist



**21.00** Fuglabúr FTT og Rásar 2 fer fram á Café Rosenberg. Fram koma söngkonurnar Unnur Birna, **Védís Hervör**, Rósa Guðrún og Ósk Óskars. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**21.30** Reykjavík Sex Farm heldur kvöld þar sem Death Is Not The End, DJ Ravensclaw og Queerwolf koma fram. Kvöldið verður haldið á Litlu gulu hænunni, Laugavegi 22, og er aðgangseyrir kr. 500. Aðeins er hægt að greiða með peningum.

**21.30** Hljómsveitin Bloodgroup heldur útgáfutónleika í Iðnó í tilefni nýrrar plötu sinnar, Tracing Echoes. Hljómsveitin Samaris sér um upphitun. Miðaverð er kr. 1.500.

**22.00** Hljómsveitirnar Kajak og Dreamcast spila á tónleikaröðinni Grasrótin á Faktorý. Aðgangur er ókeypis.

**22.30** Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Fyrirlestrar

**20.00** U3A Reykjavík stendur fyrir málstofu um undirbúning starfsloka í félagsheimilinu að Hæðargarði 31. Frummælendur nálgast viðfangsefnið út frá mismunandi sjónarhornum.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*


LOKSINS
DIFFUSERARNIR KOMNIR AFTUR
KAUPTU EINN OG FÁÐU ANNAN Á 50%
ÓTRÚLEGT VERÐ
99.900
DAYS SVEFNSÓFI
SKART
VERÐ FRÁ 990
LJÓS
ÁÐUR 8.990
NÚ 6.990
MATARSTELL
MARGAR TÝPUR
3 FYRIR 2
AF KERTUM
VALIN GLÖS
6 STK 2.700
the PIER
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# Fyrsta hefti TMM á árinu

**Ljóð, fræðigreinar, sögur og hugleiðingar eru uppistaðan í nýjasta hefti TMM, sem nýlega kom út. Gúmmí-Tarzan og Lísa í Undralandi eru meðal umfjöllunarefna.**

Tímarit Máls og menningar er komið út, fyrsta hefti ársins 2013. Í heftinu birtast ljóð, sögur og hugleiðingar, fræðilegar greinar, umsagnir um bækur og sitthvað fleira.

Skáldin Sigurlín Bjarney Gísladóttir, Steinunn Sigurðardóttir, Böðvar Guðmundsson og fleiri eiga ljóð í heftinu og að auki birtast þar þýðingar Vilborgar Dagbjartsdóttur á ljóðum norsku skáldkonunnar Kate Næss. Birt er brot úr Vasaleikhúsi Þorvaldar Þorsteinssonar, sem lést nú í febrúar, sögur eftir Ævar Örn Jósepsson og fleiri.

Umfjöllunarefni fræðigreina heftisins eru af margvíslegum toga að vanda. Snorri Páll Jónsson Úlfhildarson skrifar um framfarir, Guðmundur D. Haraldsson um vinnutíma, Milan Kundera um skáldskap, Þórarinn Leifsson um Gúmmí-Tarzan, Steinunn Inga Óttarsdóttir um rit Sveins Pálssonar náttúrufræðings og Sigurður A. Magnússon um Lísu í Undralandi.

Loks má telja hugleiðingu Sigríðar Halldórsdóttur, bréfaskipti Steinars Sigurjónssonar við útgefendur og ritdóma eftir þau Árna Bergmann og Soffíu Auði Birgisdóttur, sem einnig býr til prentunar gamlan palladóm um Þórberg Þórðarson.

Ritstjóri TMM er Guðmundur Andri Thorsson.






# Rómantískt sjónarhorn

MYNDLIST ★★★★☆

**Gamlar gersemar**
Sýningarstjóri: Halldór Björn Runólfsson
**LISTASAFN ÍSLANDS**

Það er hlýleg og rómantísk stemning á sýningunni Gamlar gersemar sem stendur yfir í Listasafni Íslands þessa dagana í sal 1 og 2. Um er að ræða sýningu á gömlum gersemum, eins og verkin eru kölluð, úr safneign Listasafnsins eftir listamenn sem allir létust fyrir meira en 70 árum síðan og höfundarréttur er því fallinn niður á verkunum.

Sýningunni er skipt í tvennt. Í sal 1 eru verk íslenskra myndlistarmanna en í sal 2 eru verk erlendra listamanna, aðallega Norðurlandabúa. Að uppistöðu til eru erlendu verkin úr stofngjöf Listasafnsins en Björn Bjarnason stofnaði safnið árið 1884 og fór þess á leit við listamenn á Norðurlöndunum að þeir gæfu listaverk svo hægt væri að stofna hér safn.

Verkin á sýningunni eru rómantísk, nýklassísk og realísk í takt við samnefnd tímabil listasögunnar á ofanverðri nítjándu öld. Þarna er þó nokkuð um myndir af „engu“, þ.e. landslagsmyndum sem virka eins og útsýni út um glugga en ekkert fólk, dýr eða annað er í forgrunni. Myndirnar eru því eins og vel málaðar sviðsmyndir en misáhugaverðar.

Auk nokkurra íslenskra mynda af þessu tagi má nefna myndir eins og Á Borgundarhólmi eftir P. Vilhelm K. Kyhn frá 1872, Í Greel skógi frá 1885 eftir Louise Ravn Hanson og myndina Skógarkjarr á Skáni.

Á sýningunni er einnig að finna endurlit til gamallar klassíkur og hetjudáða, myndir af sjósókn og sjómönnum, bændum og búaliði, málverk úr biblíusögunum og úr gömlum fornsögum. Allt mjög rómantískt en einnig má finna áhugaverðar myndir af fólki í hversdeginum, sbr. verk Carls V. Meyer, sem virðist fjalla um eitthvað viðkvæmt fjölskylduástand og minnir mann á norræna kvikmyndagerð nútímans. Tengingin við kvikmyndagerð kemur upp í hugann einnig þegar maður skoðar leik listamannanna með birtugjafa í fleiri en einu verki. Ein birtustúdían er t.d. Stúlkumynd Christians Emils Rosestadt.

Meðal höfunda verka á erlenda hluta sýningarinnar eru nokkrir þekktustu listamenn Norðurlanda frá seinni hluta nítjándu aldar svo sem Skagamálararnir, Peder Severin Krøyer, Anna og Peter Ancher.

Í sal 1 eru síðan íslenskar gersemar. Þarna fær maður dálítið fyllri mynd af myndsköpun Íslendinga á þessum tíma, fleiri listamenn eru kynntir til sögunnar til viðbótar við þá Þórarin B. Þorláksson, Mugg og Sigurð Guðmundson, sem allir eru flottir og hæfileikaríkir teiknarar og málarar eins og sjá má á sýningunni.

Ég hafði sérstaklega gaman af verkum Benedikts Gröndal og verkum Brynjólfs Guðmundssonar á sýningunni en sem dæmi þá er litanotkun Benedikts líflegri en marga annarra á þessum tíma og stíllinn barnslegri. Sömuleiðis er Brynjólfur farinn að brjóta aðeins upp formið í myndum eins og Lögbergi.

Ég hreifst einnig af myndum Helga Sigurðssonar, eins og t.d. stúlkumynd frá 1845 þar sem mikil vinna er lögð í höfuðið, og dálítið skakkt andlitið, (þessi andlitsskekkja kemur fram í fleiri myndum listamannsins á sýningunni), en búkurinn látinn mæta afgangi og honum rumpað af í fljótheitum.

Þetta er sýning sem er gaman að skoða í rólegheitum og hverfa 100-150 ár aftur í tímann.

Ég saknaði meiri og ítarlegri upplýsinga til að taka með mér heim af sýningunni, en hvorki er í boði sérstök sýningarskrá né er ítarefni á netinu, sem hefði verið upplagt að bjóða upp á.

**Þóroddur Bjarnason**

**NIÐURSTAÐA:** Snotur sýning, eins konar sýnishorn fyrir ákveðin tímabil í listasögunni, og gefur smá viðbótarinnsýn í íslenska listsköpun fyrir og eftir aldamótin 1900.


DELTALIGHT
50% afsláttur
Við rýmum fyrir nýjum vörum og seljum ósóttar pantanir frá
Delta Light, Esedra o.fl. með 50% afslætti næstu daga.
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800



**TÓNNINN GEFINN**
Trausti Júlíusson

# Hver er þessi Conny?

Þýska „krautrokkið“ sem kom fram á áttunda áratugnum lifir góðu lífi á meðal tónlistaráhugamanna í dag. Það má heyra áhrif frá því hjá mörgum tónlistarmönnum af yngri kynslóðinni og frumkvöðlarnir njóta enn mikillar virðingar. Á meðal eftirminnilegustu tónleika síðasta árs á Íslandi voru t.d. tónleikar Damos Suzuki, fyrrum söngvara Can, í Gamla bíói og mikil eftirvænting ríkir fyrir komu Kraftwerk á Airwaves 2013.

Kraftwerk og Damo Suzuki eiga það sameiginlegt að hafa unnið undir upptökustjórn Connys Plank, en hann er oft nefndur sem einn helsti áhrifavaldur krautrokksins. Konrad Plank var fæddur 3. maí 1940. Hann hóf ferilinn sem hljóðmaður hjá Marlene Dietrich en í lok sjöunda áratugarins byrjaði hann að vinna sem upptökustjóri. Hann var einn af frumkvöðlunum í því að nota hljóðverið á skapandi hátt. Hann notaði möguleika fjölrásakerfisins til hins ýtrasta og bjó til stemningu í tónlistinni með elektrónískum hljóðmyndum.



**ÁHRIFAMIKILL** Upptökustjórinn Conny Plank

Plank tók m.a. upp fyrstu fjórar plötur Kraftwerk, allar plötur Neu!, plötur Cluster og DAF. Upp úr 1980 varð hann mjög eftirsóttur og hljóðritaði þá m.a. Eurythmics, Ultravox og Killing Joke svo nokkur dæmi séu tekin. Conny Plank lést úr krabbameini árið 1987, 47 ára að aldri.

Fyrir mánuði kom út nýtt safn tileinkað minningu Connys Plank. Það heitir Who's That Man – A Tribute To Conny Plank. Þetta eru fjórir diskar. Á þeim tveimur fyrstu er safn laga sem Conny átti þátt í að taka upp, á þeim þriðja eru nýjar endurgerðir og á fjórða disknum er tónleikaupptaka frá 1986 með Conny, Dieter Möbius og Arno Steffen. Þetta er vegleg og flott útgáfa sem hægt er að mæla með.






**SUEDE** Hljómsveitin Suede er skipuð þeim Brett Anderson, Neil Codling, Simon Gilbert, Richard Oakes og Mat Osman.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Snúa aftur með stæl

## Bloodsports, fyrsta plata Suede í 11 ár með nýju efni, kemur út á mánudaginn.

Enska hljómsveitin Suede sendir frá sér Bloodsports á mánudaginn. Þetta er fyrsta plata sveitarinnar með nýju efni í ellefu ár og bíða aðdáendur hennar spenntir eftir útkomunni.

Alls eru 24 ár liðin síðan Suede var stofnuð eftir að söngvarinn Brett Anderson, þáverandi kærastan hans Justine Frischmann og Mat Osman auglýstu eftir gítarleikara í blaðinu NME. Bernard Butler fékk starfið og í framhaldinu nefndi Frischmann hljómsveitina Suede. Tveimur árum síðar var hún rekin úr bandinu eftir að hún hafði hætt með Anderson og byrjað með Damon Albarn í Blur.

Suede hefur verið nefnd sem sú hljómsveit sem kom Britpop-bylgjunni af stað og hefur fyrir vikið verið talin ein áhrifamesta enska rokksveit tíunda áratugarins. Fyrsta plata hennar, Suede, kom út árið 1993. Hún fór beint á topp breska vinsældalistans og hafði fyrsta plata hljómsveitar ekki selst jafnhratt í tæpan áratug. Velgengnin hélt áfram því platan hlaut einnig hin virtu Mercury-verðlaun, enda voru þar flott lög á borð við Animal Nitrate og So Young.

Næsta plata Suede, Dog Man Star, kom út ári síðar og fékk fínar viðtökur. Hún er af mörgum talin meistarastykki sveitarinnar en brotthvarf gítarleikarans Bernards Butler, rétt áður en platan kom út, skyggði á verkið. Nýr gítarleikari, Richard Oakes, tók við af Butler og árið 1996 kom út Coming Up, sem varð til þess að vinsældir Suede jukust gífurlega víða um heim. Fimm lög komust í efsta sæti breska smáskífulistans og platan varð sú söluhæsta í sögu hljómsveitarinnar.

Sveitin gaf út tvær hljóðversplötur til viðbótar, Head Music og A New Morning, og olli sú síðarnefnda miklum vonbrigðum. Ári síðar, 2003, var Suede öll. Í framhaldinu stofnuðu Anderson og Butler hina skammlífu The Tears en núna, ellefu árum eftir A New Morning, er Suede mætt aftur og virðist endurnærð eftir þetta langa frí.

Upptökustjóri Bloodsports var Ed Buller, sá hinn sami og stýrði upptökum á fyrstu þremur plötum Suede og er greinilegt að Anderson og félagar voru að sækjast eftir gamla, góða hljóminum.

Breskir fjölmiðlar eru yfir sig hrifnir af plötunni. Tímaritin Mojo og Q gefa henni fjórar stjörnur af fimm mögulegum. Í dómi Q segir að Suede takist að vera nútímaleg á sama tíma og hún haldi í fortíðina. Uncut gefur henni 7 af 10 og Clash 8 af 10, þar sem gagnrýnandinn segir plötuna ljósritun á upphaflegu Britpop-stefnunni. Svo fær hún fullt hús, eða fimm stjörnur, hjá The Daily Telegraph.

freyr@frettabladid.is

### Bæði spenntur og kvíðinn



Útvarpsmaðurinn Ágúst Bogason hlustaði mikið á Suede þegar hún var að byrja og vonar að nýja platan sé góð. „Fyrstu tvær plöturnar voru alveg frábærar og í sjálfu sér sú þriðja líka,“ segir Ágúst, sem missti dálítið áhugann eftir að hún kom út.

„Suede er eitt af þessum mótunarböndum mínum og ég er mjög spenntur fyrir nýju plötunni en líka svolítið kvíðinn að heyra hana. Lögin tvö sem ég hef heyrt lofa góðu og ég vona að það séu ekki einu góðu lögin,“ segir hann. „Það besta við þetta er að þeir hljóta að fara að spila meira opinberlega og hljómsveit eins og Suede á að vera á tónleikaferðalagi reglulega. Þó að þessi plata verði bara til þess að sveitin fari á tónleikaferðalag aftur og hendi í gömlu lögin með þessum nýju þá verður það ákveðinn sigur fyrir aðdáendurna.“

## 07.3.2013 → 13.3.2013



### LAGALISTINN

| Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|
| ▶ 1 | Ásgeir Trausti | Nýfallið regn |
| ▶ 2 | Pink / Nate Ruess | Just Give Me a Reason |
| ▶ 3 | Valdimar | Yfir borgina |
| ▲ 4 | Jónas Sigurðsson | Fortíðarþrá |
| ▲ 5 | Ragnar Bjarnason / Lay Low | Þannig týnist tíminn |
| ▼ 6 | Frank Ocean | Lost |
| ▼ 7 | Rihanna / Mikky Ekko | Stay |
| ▲ 8 | C2C | Down the Road |
| ▼ 9 | Bruno Mars | When I Was Your Man |
| ▲ 10 | Sin Fang | Young Boys |

### TÓNLISTINN

| Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|
| ▶ 1 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▲ 2 | Of Monsters and Men | My Head Is an Animal |
| ▲ 3 | Raggi Bjarna | Dúettar |
| ▲ 4 | Skálmöld | Börn Loka |
| ▼ 5 | Ýmsir | Söngvakeppnin 2013 |
| ▼ 6 | Retro Stefson | Retro Stefson |
| ▲ 7 | Ólafur Arnalds | For Now I Am Winter |
| ▼ 8 | Hjaltalín | Enter 4 |
| ▼ 9 | Valdimar | Um stund |
| ▲ 10 | Jónas Sigurðsson | Þar sem himin ber við haf |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista
Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir
**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

# ÓTRÚLEGT TILBOÐ FRÁ

# Panasonic




**Panasonic TXL50EM5**

**149.990**

VERÐ ÁÐUR **199.990**

## 50 TOMMUR AF MYNDGÆÐUM

Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum

**Framúrskarandi myndgæði**
Örþunnur háskerpu LED skjár með 1920x1080 punkta upplausn tryggir framúrskarandi myndgæði.

**Media spilari**
Settu í SD minniskort úr myndavél, upptökuvél eða snjallsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

**Game mode**
Tækið er búið sérstöku Game mode, þar sem allar stillingar eru stilltar þannig að það henti best ef tengja á leikjatölvu við tækið.

**Orkunýting A+**
Tækið er mjög sparneytið á orku, enda með LED perum í baklýsingu. Orkunýting A+ er með því besta sem þekkist í sjónvörpum í dag.

LED tv · HIGH CONTRAST · Media Player · GAME MODE · USB · HDMI x2 · FULL HD 1920X1080p

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

**Panasonic**
ideas for life

# Þýskt í Paradís

Þýskir bíódagar fara fram í þriðja sinn í Paradís.




**ÞÝSKT Í BÍÓ** Þýskir bíódagar verða haldnir í Bíó Paradís um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þýskir kvikmyndadagar fara fram í þriðja sinn í Bíó Paradís um þessar mundir. Hátíðin hefst í dag og stendur til 24. mars næstkomandi. Sjö kvikmyndir verða sýndar á hátíðinni í ár. Það eru Goethe-stofnunin, Sendiráð Þýskalands, Sjónlínan, Katla Travel og RÚV sem standa að hátíðinni. Meðal þeirra kvikmynda sem verða sýndar eru kvikmynd í leikstjórn Margarethe von Trotta um hinn merka stjórnmálahugsuð Hannah Arendt, Stórar stelpur og Dreptu mig. Myndirnar eru allar á þýsku en með enskum texta.




Ertu að flytja til

Noregs, Danmerkur eða Svíþjóðar?

Halló Norðurlönd og EURES standa fyrir upplýsingafundum um að flytja til Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur.

Fundirnir eru ætlaðir öllum þeim sem hyggja á vinnu eða nám í þessum löndum og eru ókeypis og öllum opnir.

Farið verður yfir hagnýt atriði varðandi flutning og atvinnuleit auk þess sem fulltrúi frá Ríkisskattstjóra kynnir skattamál.

- Mánudaginn 18. mars kl. 18:00: Að flytja til Noregs
- Miðvikudaginn 20. mars kl. 18:00: Að flytja Svíþjóðar
- Miðvikudaginn 20. mars kl. 20:30: Að flytja til Danmerkur

Námskeiðin fara fram í húsnæði Vinnumálastofnunar, Kringlunni 1.

Skráning á netfanginu hallo@norden.is og í síma 511 1808.

norden
Halló Norðurlönd

EURES
EVRÓPSK VINNUMIÐLUN




**FORBOÐIN ÁST** Anna Karenina fjallar um forboðna ást, útskúfun og hjartasorg. Leikkonan Keira Knightley fer með hlutverk Önnu Kareninu.

# Ást og hörmungar

Anna Karenina verður frumsýnd annað kvöld. Myndin er byggð á stórvirki rússneska höfundarins Leo Tolstoj og fjallar um forboðna ást og afleiðingar hennar.

Stórmyndin Anna Karenina verður frumsýnd í kvikmyndahúsum annað kvöld. Sagan er byggð á stórvirki rússneska skáldsins Leo Tolstoj og skartar Keiru Knightley í hlutverki hinnar ógæfusömu Önnu Kareninu.

„Allar hamingjusamar fjölskyldur eru eins, en sérhver óhamingjusöm fjölskylda er óhamingjusöm á sinn einstaka hátt.“ Á þessum fleygu orðum hefst skáldsagan um Önnu Kareninu og gefur setningin tóninn fyrir það sem koma skal. Sagan segir frá hjónunum Önnu Kareninu og Alexei Karenin sem lifa í ríkidæmi en eru samt afskaplega óhamingjusöm. Dag einn ferðast Anna Karenina frá hinni „bjúrókratísku“ Sankti Pétursborg til hinnar frjálslyndu Moskvu í þeim tilgangi að koma á sáttum milli bróður síns og eiginkonu hans. Á meðan hún dvelur í Moskvu kynnist hún hinum töfrandi Alexei Vronsky greifa og brátt eiga þau í eldheitu ástarsambandi. Samband þeirra er síðan gert opinbert og í kjölfarið er Anna Karenina útskúfuð úr samfélagi þeirra auðugu með hörmulegum afleiðingum.

Leikstjóri myndarinnar er Joe Wright og handritið skrifaði Tom Stoppard. Wright hefur leikstýrt myndum á borð við Pride & Prejudice, Atonement og Hanna. Tvær fyrrnefndu kvikmyndirnar fengu frábæra dóma og þá sérstaklega Atonement, sem hlaut sjö tilnefningar til Golden Globe-verðlaunanna, sjö tilnefningar til Óskarsverðlaunanna og fjórtán tilnefningar til BAFTA-verðlaunanna.

Knightley og Wright, sem unnu fyrst saman við gerð Pride & Prejudice, leiða hér aftur hesta sína saman en með önnur hlutverk fara Jude Law, Aaron Taylor-Johnson, Alicia Vikander, Emily Watson, Kelly MacDonald og Bill Skarsgård, sem er yngri bróðir Alexanders Skarsgård. Íslenska leikkonan Hera Hilmarsdóttir fer einnig með lítið hlutverk í myndinni.

➜ Leikstjórinn Joe Wright er kvæntur sítarleikaranum Anoushku Shankar, dóttur tónlistarmannsins Ravi Shankar sem lést í desember.

Anna Karenina hefur hlotið misjafna dóma, enda erfitt að taka svo viðamikið bókmenntaverk og ætla að stytta það niður í tveggja tíma kvikmynd. Myndin hlýtur 6,7 í einkunn á kvikmyndasíðunni Imdb.com og 64 prósent á vefsíðunni Rottentomatoes.com. Gagnrýnendur ýmist hylla myndina og leikstjórnarhæfileika Wright eða segja myndina misheppnaða og yfirborðskennda og eiga fátt skylt við hið bókmenntalega stórvirki Tolstojs.

# Hefndarfull frumsýningarhelgi

Hasar, svik, hefndir og flókin ástarsambönd einkenna myndir helgarinnar.

Íslandsvinirnir Russell Crowe og Mark Wahlberg fara með aðalhlutverkin í myndinni Broken City og þeim til halds og trausts er velska fegurðardísin Catherine Zeta-Jones. Þegar lögreglumaðurinn Billy Taggart, leikinn af Wahlberg, er handtekinn fyrir morð á manni, sem hafði nauðgað og myrt sextán ára gamla systur kærustu hans, leitar vinur hans eftir aðstoð frá borgarstjóra New York borgar, Nicholas Hostetler, sem er leikinn af Crowe. Hostetler eyðir þá öllum sönnunargögnum gegn Taggart sem er frjáls ferða sinna. Hann þarf þó að segja skilið við lögregluna og gerist einkaspæjari. Sjö árum síðar innkallar Hostetler svo greiðann þegar hann biður Taggart að elta eiginkonu sína sem hann grunar um framhjáhald. Þegar Taggart leysir málið kemur þó í ljós að ekkert er eins og það lítur út fyrir heldur er um að ræða svik á svik ofan. Nú þarf Taggart því að berjast gegn sínum fyrrum verndarengli og sanna að hann sé enginn morðingi, heldur aðeins lítið peð í risastórri svikamyllu.



**FLÓKIÐ HJÓNABAND** Russell Crowe og Catherine Zeta-Jones leika hjón í myndinni Broken City. Hjónabandið er þó síður en svo fullt af ást og trausti.

Danski leikstjórinn Niels Arden Oplev er þekktastur fyrir sænsku myndirnar Karlar sem hata konur, en hann reynir nú við Hollywood í fyrsta skipti með myndinni Dead Man Down. Myndin er hans fyrsta á ensku og skartar sjarmatröllinu Colin Farrell í aðalhlutverki. Farrell leikur þar atvinnumorðingjann Victor sem starfar fyrir alræmdan glæpaforingja, Alphonse Hoyt, í þeim eina tilgangi að komast þar í innsta hring og ná fram hefndum á foringjanum sem er ábyrgur fyrir morði á eiginkonu Victors og dóttur. Málin flækjast þó þegar nágrannakona Victors skýtur upp kollinum. Sú hefur verið að fylgjast með honum í dágóðan tíma og á í fórum sínum myndir af honum að fremja eitt morðið. Hún hefur þó ekki í hyggju að koma upp um hann, en notar myndirnar til að þvinga hann til að aðstoða sig við að ná fram eigin hefndum. Eins og við er að búast helst samband þeirra ekki einungis viðskiptalegs eðlis mjög lengi.

- trs



YVES SAINT LAURENT

LE TEINT TOUCHE ÉCLAT

FARÐI SEM ENDURKASTAR LJÓSI
LJÓMI Í NÝRRI VÍDD – PYNGDARLAUS FULLKOMNUN

Í 20 ÁR HEFUR TOUCHE ÉCLAT GULLPENNINN FARIÐ SIGURFÖR UM HEIMINN. MEÐ EINSTAKRI TÆKNI HEFUR EIGINLEIKUM TOUCHE ÉCLAT PENNANS VERIÐ UMBREYTT Í FARÐA SEM FRAMKALLAR LJÓMANDI ÁFERÐ FYRIR ALLT ANDLITIÐ.

YVES SAINT LAURENT

KYNNING Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM
OG SMÁRALIND 14.-20. MARS

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FARÐA**

**Glæsilegur kaupauki þegar keyptar eru 2 eða fleiri YSL vörur.**

Top Secrets andlitshreinsir 75 ml.
Forever Youth Liberator dagkrem 7 ml.
Forever Youth Liberator serum dropar 5 ml.
Manifesto EDP 7,5 ml.
YSL taska



HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**GOS** New York-búar mega enn kaupa gos í stórum umbúðum.

## Enn hægt að kaupa risagos

Michael Bloomberg, borgarstjóri New York, ætlar sér að áfrýja úrskurði dómara frá því á mánudag. Úrskurðurinn kemur í veg fyrir að bann við sölu gosdrykkja í stærri einingum en sem nemur 16 únsum, eða 437 millilítrum, taki gildi í dag í borginni eins og fyrirhugað var. Bannið átti að gilda um veitingastaði, kvikmyndahús og fleiri sölustaði.

Dómarinn sagði bannið vera duttlungafulla geðþóttaákvörðun. Borgarstjórinn, sem hefur lagt mikla áherslu á að setja lög sem hann telur stuðla að betri heilsu New York-búa, mótmælir því og heitir því að hann muni berjast áfram fyrir því að reglurnar verði settar.

# Langlífi giftra homma

Gagnkynhneigð hjón langlífust en hommar sækja á.

Ný rannsókn í Danmörku staðfesti ekki bara það að gift fólk lifði lengur en ógift eða fráskilið heldur kom einnig í ljós að giftir hommar yrðu sífellt langlífari og eru þeir nú búnir að slá út ógifta menn og fráskilda. Telja rannsakendur að þar gæti spilað inn í sá árangur sem náðst hefur í baráttunni við HIV og alnæmi á undanförnum árum.

Rannsókninni var stýrt af Dr. Morten Frisch, prófessor við Háskólann í Álaborg og í henni var skoðaður dánaraldur 6,5 milljón Dana sem létust á árunum 1982 til 2011. Samkvæmt könnuninni er langlífasti hópurinn enn þá gagnkynhneigð hjón, en við skilnað hækkar dánartíðni þeirra þó við hvert hjónaband sem fylgir á eftir; um 27 prósent hjá konum og 16 prósent hjá körlum.

Dánartíðni giftra lesbía hefur þó aukist lítillega ef marka má rannsóknina og telja rannsakendur ástæðuna mega rekja til þess að lesbíur séu 60 prósentum líklegri en gagnkynhneigðar konur til að láta lífið úr krabbameini og sex sinnum líklegri til að fremja sjálfsmorð. Ástæður þessa eru þó óþekktar.



**LIFA LENGUR** Lífslíkur giftra homma hafa aukist á undanförnum árum.

# Vill gera Vevo að hinu nýja MTV

Tónlistarmyndbandavefsíðan Vevo í sjónvarpið.

Tónlistarmyndbandasíðan Vevo, sem var sett á fót af tónlistarútgáfurisunum Sony og Universal árið 2009, hleypti á þriðjudag í loftið nýrri stafrænni sjónvarpsstöð sem sýnir myndbönd og aðra tónlistartengda dagskrá allan sólarhringinn. Hægt verður að sjá stöðina með tækjum sem tengjast við internetsjónvarpstæki, eins og Xbox, og einnig í snjallsímum og spjaldtölvum.

Vevo-stöðin verður fyrst um sinn einungis fáanleg í Bandaríkjunum og Kanada en stefnt er að því að hefja útsendingar ætlaðar Evrópu- og Suður-Ameríkumarkaði síðar á þessu ári.

Rio Caraeff, forstjóri Vevo, segir í viðtali við Financial Times að hefðbundin sjónvarpsstöð með tónlistarefni geti enn dregið að sér yngri áhorfendur, eða „stafrænu kynslóðina" eins og hann orðar það. Spurður hvort Vevo verði hið nýja MTV, sem fór í loftið fyrir 31 ári, segir Caraeff: „Ég vona það og stefni að því en eðli málsins samkvæmt verða stöðvarnar ólíkar. Við reynum að framkalla vissa nostalgíu en 70 prósent áhorfenda okkar eru undir 34 ára aldri."



**RIHANNA** Stærstur hluti áhorfenda Vevo-vefsíðunnar er undir 34 ára og því líklegt að Rihanna verði á dagskránni á nýju sjónvarpsstöðinni.

LAGERSALA

14. - 18. MARS
MORROW KRINGLUNNI 3. HÆÐ

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

40 → 70%
AFSLÁTTUR

VERÐDÆMI

| | |
|---|---|
| HERRA BOLIR | DÖMU HLÝRABOLIR |
| 1.490 | 990 |
| HERRA GALLABUXUR | DÖMU BOLIR |
| 5.990 | 1.490 |
| HERRA SKYRTUR | DÖMU BUXUR |
| 3.990 | 5.990 |
| HERRA PEYSUR | DÖMU JAKKAR |
| 3.990 | frá 6.990 |
| HERRA ÚLPUR | DÖMU DÚNÚLPA |
| frá 6.990 | 9.990 |

morrow
KRINGLUNNI

SÍMI: 588 5777 3. HÆÐ



**KYNFRÆÐSLA** Ekki gera ekki neitt á vel við hér.

# Kynfræðsla ætti að vera hjartans mál

Ég átti gott spjall nýverið við poppstjörnu Íslands um stöðu kynfræðslu hér á landi. Hann spurði mig af hverju það væri ekki til dæmis til staða fyrir kynfræðing hjá menntamálaráðuneytinu eða landlækni þar sem hægt væri að sjá til þess að kynfræðslu væri sinnt. Þessi aðili mundi flytja kynfræðslu í alla grunn- og framhaldsskóla landsins og kenna kennurum, námsráðgjöfum eða hjúkrunarfræðingum í hverjum skóla að sinna fræðslunni. Þá væri líka hægt að tala við foreldra og íþróttaþjálfara, leikskólakennara og starfsfólk félagsmiðstöðva og alla þá sem vinna með börnum eða gegna ákveðnum trúnaðarstörfum. Afbragðsgóð hugmynd þótti mér en ég hafði því miður ekkert svar. Ég veit ekki af hverju kynfræðsla er ósýnileg eða af hverju smokkar eru ótrúlega dýrir.

Sérfræðingar á Landspítalanum og innan Háskóla Íslands og félög á borð við FKB, Félag um kynlíf og barneignir, hafa bent á að hér þurfi að lyfta grettistaki þegar kemur að kynfræðslumálum. Við bönnum ekki klám og höldum að þar með sé vandamálið leyst. Fólk borðar enn óhollan mat þó að McDonald's sé ekki lengur á landinu. Því finnst mér umræðan vera á villigötum. Við vitum öll að auka þarf fræðslu; börnin, foreldrar og kennarar kalla eftir því en svo gerist eiginlega ekki neitt. Ekki gera ekki neitt á vel við hér. Kynfræðsla er hluti af heilsuvernd, forvörn, lýðheilsu, heilsueflingu og öllum þessu fínu orðum sem er búið að veggfóðra skólana með. Því velti ég fyrir mér af hverju kynfræðsla sitji enn á hakanum? Er þetta spurning um fjármagn, vilja eða óþægilegheit?

Ég hef ekki svörin en mér þykir þetta ákaflega fróðlegt og myndi gjarnan vilja fá svör frá einhverjum einhvers staðar úr heimi ráðuneytanna. Kynfræðsla er ferli sem hvorki verður leyst með einum klukkustundar löngum fyrirlestri eða sautján mínútna myndbandi. Við eigum fullt af viljugu fólki innan veggja skólanna til að sinna henni en það fær hvorki tíma, þjálfun né stuðning til að gera það. Nú er 2013 og við þurfum að taka okkur taki. Ef við viljum ábyrgt samfélag þar sem kynin standa jöfnum fæti þá byrjum við á kynfræðslu, enda okkar hjartans mál.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



# Eyþóri kastað í ískaldan sjóinn og stóð sig eins og hetja

**Kolvæmið, angurvært og gleðilegt myndband við Eurovision-lagið Ég á líf verður frumsýnt á heimasíðu Vodafone í hádeginu á morgun.**

„Ég hef aldrei séð neinn jafn þreyttan og Eyþór Inga á þriðjudagskvöldið, enda vorum við þá búin að vera að í yfir 20 tíma samfleytt og hann búinn að verja stórum hluta þess tíma í vatni," segir Guðmundur Þór Kárason, leikstjóri tónlistarmyndbands Eurovision-lagsins Ég á líf og einn eigandi framleiðslufyrirtækisins Purkur, sem annast gerð þess í samstarfi við Pipar/TBWA.

Myndbandið gerist á hafi úti og ver Eyþór Ingi stórum hluta þess í vatninu sjálfu. „Við köstuðum honum út í tveggja gráða heitan sjóinn þegar hitastigið úti var mínus fjórar gráður. Það voru þrír björgunarsveitarmenn viðstaddir og tilbúnir að grípa inn í ef þess þyrfti. Þetta gekk þó allt lygilega vel," segir Guðmundur.

Guðmundur Þór segir marga hafa lagt lóð á vogarskálarnar við gerð myndbandsins. „Það gáfu sig allir 200 prósent í þetta og metnaðurinn var svo mikill að jafnvel þegar ég var búinn að samþykkja tökuna vildu Eyþór og Hákon tökumaður stundum taka hana aftur til að ná henni alveg fullkominni," segir hann. „Mér líður eins og ég hafi ekki gert neitt. Ég stóð bara þarna í dúnúlpu og sagði fólki fyrir verkum," bætir hann við hlæjandi.

Myndbandið er að sögn Guðmundar angurvært og gleðilegt í bland. „Það er svolítið dramatískt en ég lagði upp með að hafa það ekki of væmið. Svo var þetta auðvitað kolvæmið þegar upp var staðið," segir hann og hlær. Myndbandið verður frumsýnt í hádeginu á morgun á heimasíðu Vodafone. - trs



**FAGMAÐUR** Eyþór Ingi þurfti að þola tveggja gráða heitan sjó í einu atriðinu og voru þrír björgunarsveitamenn tilbúnir að grípa inn í ef þess þyrfti. MYND/VALGEIR MAGNÚSSON



**KAJAK** Hljómsveitin Kajak spilar á nýju tónleikaröðinni. F56120313 KAJAK

## Grasrót hefst

Tónleika- og skemmtistaðurinn Faktorý hefur farið af stað með nýja tónleikaröð sem kallast Grasrótin.

Meginmarkmið hennar að gefa ungum og efnilegum hljómsveitum og tónlistarmönnum kost á að koma sér á framfæri á góðum tónleikastað í góðu hljóðkerfi.

Frítt verður á alla viðburði. Þeir sem hafa áhuga á að koma fram á Grasrótinni geta sent umsóknir á bokanir@faktory.is. Fyrstu tónleikarnir verða haldnir á fimmtudagskvöld þegar hljómsveitirnar Kajak og Dreamcast stíga á svið.

## Tvisvar hent út af sömu kránni

Liam Gallagher, fyrrverandi söngvara Oasis, var tvisvar sinnum hent út af sömu kránni í síðustu viku fyrir að vera of drukkinn.

Eigandi The Queens í Crouch End í London sagði The Sun að Gallagher hefði komið tvisvar á krána og verið neitað um afgreiðslu og vísað út. Þegar Gallagher spurði hvort honum væri hent út vegna þess að hann væri rokkstjarna var svarið einfalt: „Nei, þú ert bara fullur fáviti."



**LIAM** Gallagher-bróðurnum leiðist ekki sopinn.






# Metþátttaka í forritunarkeppni

Forritunarkeppni framhaldsskólanema fer fram á laugardag. Metþátttaka í ár.

„Það er mjög gaman að vera á svæðinu og fylgjast með keppninni,“ segir Sigrún María Ammendrup, skrifstofustjóri tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík, um forritunarkeppni sem haldin er í HR komandi laugardag. Keppnin er opin öllum framhaldsskólanemum, einnig þeim sem hafa áhuga á forritun án þess þó að hafa lært hana.

Keppnin var fyrst haldin árið 2001 og að sögn Sigrúnar Maríu hefur ásóknin aukist ár frá ári. Þegar hafa 45 lið skráð sig til keppni og er það metþátttaka. „Keppendur koma á föstudaginn og fá leiðbeiningar og boli og mæta svo aftur á laugardagsmorgni, fá morgunmat og hefja keppni,“ segir hún. Aðeins tvö lið sem skráð eru í keppnina eru skipuð stúlkum og viðurkennir Sigrún María að það hafi reynst erfitt að fá stúlkur til að taka þátt. „Við erum alltaf að hvetja stelpur til þátttöku en þær eru enn í minnihluta, sem er synd því þær hafa staðið sig mjög vel síðustu ár.“

➜ Keppt er í þremur deildum; Kirk-deildinni, Spock-deildinni og Scotty-deildinni.

Keppt er í þremur deildum; Kirk-deildinni, Spock-deildinni og Scotty-deildinni. Spurð út í nöfn deildanna segir Sigrún María að reynt sé að tengja þau vísindum á einhvern hátt. „Við veljum nýtt þema á hverju ári. Í fyrra hétu deildirnar til dæmis eftir persónum gamanþáttanna The Big Bang Theory. Nöfnin eru oftast tengd vísindum eða öðru sem við höldum að sé vinsælt hjá þessum hópi,“ segir hún að lokum. - sm



**METPÁTTTAKA Í KEPPNI** Sigrún María Ammendrup, skrifstofustjóri tölvufræðideildar HR, segir metþátttöku í forritunarkeppni framhaldsskólanema í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kraftmikil endurkoma

TÓNLIST ★★★★☆

**David Bowie**
The Next Day
**ISO–SONY**




Stórstjarnan David Bowie kom öllum á óvart á 66 ára afmælinu sínu í ársbyrjun og tilkynnti að hann væri að fara að senda frá sér nýja plötu, tíu árum eftir þá síðustu; Reality. Um leið sleppti hann einu lagi í spilun, hinu ljúfsára og nostalgíska Where Are They Now? Síðan hafa Bowie-aðdáendur beðið með öndina í hálsinum og vonað að karlinn fari nú ekki að klikka á ögurstundu.

Það er alveg hægt að segja það strax að The Next Day er mjög fín Bowie-plata. Mun betri en ég hefði þorað að vona. Hún er ekki fullkomin og hún jafnast ekki á við hans allra bestu plötur, hvort sem við tölum um Hunky Dory, Ziggy Stardust, Low, Heroes eða Scary Monsters. Hún er samt ekkert mjög langt undan og hún er sterkasta framlag Bowies a.m.k. síðan Outside kom út fyrir átján árum.

Það eru fjórtán lög á The Next Day, sautján á sérútgáfunni. Tónlistin er fjölbreytt en heildarsvipurinn er samt góður. Það eru bæði kraftmikil rokklög á henni og svo rólegri lög þar sem rafmagnsgítarinn gegnir ekki jafn stóru hlutverki. Það er greinilegt að Bowie og samstarfsmenn hans, m.a. upptökustjórinn Tony Visconti, hafa legið yfir útsetningunum. Það er margt vel gert. Gamla gítarhetjan Earl Slick, sem spilaði mikið með Bowie á árum áður, sýnir fín tilþrif í rokkaðri lögunum og strengir, píanó, barítónsaxófónn o.fl. hljóðfæri njóta sín á stöku stað.

Eins og fyrr segir er The Next Day ekki fullkomin. Lögin eru svolítið misgóð. Platan byrjar mjög vel. Átta fyrstu lögin eru öll góð. Svo dettur hún aðeins niður með lögum eins og Boss of Me og (You Will) Set the World On Fire, en hún nær sér hressilega á strik í lokalögunum tveimur You Feel So Lonely You Could Die og Heat. Platan væri sterkari ef hún væri tíu laga (eins og Heroes) eða ellefu laga (eins og Ziggy Stardust) en hún er samt mjög sterk eins og hún er.



**THE NEXT DAY** „...sterkasta framlag Bowies a.m.k. síðan Outside kom út fyrir átján árum.“

Á heildina litið er The Next Day fín Bowie-plata. Karlinn kann enn að semja lög og texta og röddin hefur haldið sér furðuvel. Umslagið er líka skemmtilegt; endurvinnsla á Heroes-umslaginu.

Trausti Júlíusson

**NIÐURSTAÐA:** Sterkasta framlag Bowies í langan tíma.

# Ekki týpískur blús frá Helga

Valdimar, Sigríður Thorlacius og KK syngja á fjórðu sólóplötu Helga Júlíusar.



**EKKI TÝPÍSKUR BLÚS** Fjórða plata Helga Júlíusar hefur að geyma auðmelta tónlist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þetta er auðmelt tónlist og ekki týpískur blús. Það er fullt af melódískum og fallegum lögum á plötunni,“ segir lagahöfundurinn og hjartalæknirinn Helgi Júlíus Óskarsson.

Hann hefur sent frá sér sína fjórðu sólóplötu, Í blús. Hún fylgir eftir reggíplötunni Kominn heim sem hafði að geyma hin vinsælu lög Stöndum saman og Þú ert mín, sem Valdimar Guðmundsson söng. Valdimar syngur einnig á nýju plötunni, hið rólega Æviskeið. „Hann syngur það eins og engill,“ segir Helgi Júlíus. Aðrir söngvarar á plötunni eru Sigríður Thorlacius, KK, Magni Ásgeirsson og hinn efnilegi Elvar Örn.

Textarnir eru bæði eftir Helga og konu hans, Bjarngerði Björnsdóttur, sem átti marga texta á annarri plötu hans, Haustlauf. Vinur hans, læknirinn Sigurður Ágústsson, á einnig texta á plötunni.

Í blús var öll tekin upp lifandi, fyrir utan sönginn. Upptökustjóri var Ómar Guðjónsson. Dóttir Helga, Unnur Ýr, hannaði umslagið eins og hún hefur gert fyrir allar plötur föður síns.

Spurður hvort eitthvert laganna sé líklegt til vinsælda eins og lögin af Kominn heim segist Helgi Júlíus halda það. „Það eru fjögur til fimm lög sem hafa allt til að bera til að slá í gegn en það þýðir ekki að þau geri það.“

Rás 2 hefur ákveðið að setja fyrst í spilun lagið Draumavon sem Sigríður syngur. „Hún er algjör undramanneskja. Maður er bara dolfallinn þegar maður heyrir hana syngja,“ segir Helgi Júlíus, sem er þegar byrjaður að undirbúa næstu plötu sem verður í þjóðlagastíl. - fb


SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DEAD MAN DOWN FORSÝNING | KL. 10:40 | 16 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 10 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D | KL. 5:20 | 10 |
| OZ: GREAT AND POWERFUL VIP 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| ÞETTA REDDAST | KL. 8 - 10:10 | 10 |
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 8 - 10:50 | 12 |
| FLIGHT | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| WARM BODIES | KL. 8 | 16 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ | | |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSLTAL | KL. 5:50 | L |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSLTAL | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 8 | 10 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D | KL. 5:20 | 10 |
| ÞETTA REDDAST | KL. 8 | 10 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ | | |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSLTAL | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| OZ: GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:30 | 10 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL | KL. 6 | 10 |
| IDENTITY THIEF | KL. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| FLIGHT | KL. 9 - 10:30 | 12 |
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 5:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| OZ: GREAT AND POWERFUL | KL. 5:20 - 8 | 10 |
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 10:40 | 10 |
| ÞETTA REDDAST | KL. 8 - 10:40 | 10 |
| THIS IS 40 | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:40 | 12 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ | | |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSLTAL | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| OZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D | KL. 8 | 10 |
| IDENTITY THIEF | KL. 10:40 | 12 |
| ÞETTA REDDAST | KL. 8 - 10:10 | 10 |




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| IDENTITY THIEF | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| IDENTITY THIEF LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| 21 AND OVER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D | KL. 3.40 | L |
| DIE HARD 5 | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| DJANGO | KL. 9 | 16 |
| HÁKARLABEITA 2 | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| IDENTITY THIEF | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| JAGTEN (THE HUNT) | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THIS IS 40 | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| LINCOLN | KL. 6 - 9 | 14 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 5.20 | 10 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| IDENTITY THIEF | KL. 5.40 - 8 - 10 | 12 |
| 21 AND OVER | KL. 10.10 | 14 |
| THIS IS 40 KL. 5.40 12 / JAGTEN | KL. 8 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
5%
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| IDENTITY THIEF | 8, 10.20 | 12 |
| OZ GREAT AND POWERFUL | 5, 8 | 10 |
| VESALINGARNIR | 6, 9 | 12 |
| FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D | 6 | L |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

| | | |
|---|---|---|
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50, 20:00, 22:10 |
| KON-TIKI | (12) | 17:50, 21:30 |
| ST. SIG: STRIGI OG FLAUEL | (L) | 17:45, 20:15 |
| HVELLUR | (L) | 22:20 (Í SÍÐASTA SINN) |
| FIT HOSTEL | (L) | 19:00 |

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!

Fyndnustu grínyrkjar Íslandssögunnar

# Kaffibrúsakarlarnir

## STANSLAUS STEYPA OG STURLAÐUR HLÁTUR

GÍSLI RÚNAR JÓNSSON JÚLÍUS BRJÁNSSON

★★★★★

*„Þið hafið engu gleymt - frábær skemmtun!"*

Einar E Guðmundsson

★★★★★

*„Stóri Kaffibrúsakarlinn og Shakespeare eiga eitt sameiginlegt: Hvorugur hefur sagt neitt af viti árum saman."*

*Gári Stefánsson*

★★★★★

*„Kaffibrúsakarlarnir eru æðislegir. Punktur."*

Björn Thorodsen tónlistarmaður



# MIÐASALA HAFIN

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á MIÐI.IS

KOMANDI SÝNINGAR

| | | | |
|---|---|---|---|
| FÖSTUDAGUR | 15. MARS | KL. 20.00 | ÖRFÁ SÆTI LAUS |
| LAUGARDAGUR | 16. MARS | KL. 20.00 | ÖRFÁ SÆTI LAUS |
| FÖSTUDAGUR | 22. MARS | KL. 20.00 | |
| LAUGARDAGUR | 6. APRÍL | KL. 20.00 | |
| LAUGARDAGUR | 13. APRÍL | KL. 20.00 | |
| FÖSTUDAGUR | 19. APRÍL | KL. 20.00 | |
| LAUGARDAGUR | 20. APRÍL | KL. 20.00 | |

MIÐASALA HAFIN Í AUSTURBÆ
Í SÍMA 571 5900 OG Á MIÐI.IS

NESCAFÉ HOMEBLEST GOTT... ...BÁÐUM MEGIN! midi.is AUSTURBÆR

# ÚRSLIT

## DOMINOS-DEILD KVENNA

**VALUR - GRINDAVÍK 78-43**
**Valur:** Jaleesa Butler 24/15 fráköst/6 stoðsendingar/4 varin skot, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 14/8 fráköst, Sóllilja Bjarnadóttir 8/5 fráköst, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 8/10 fráköst, Kristrún Sigurjónsdóttir 7/8 fráköst/8 stoðsendingar.

**Grindavík:** Petrúnella Skúladóttir 19/7 fráköst, Crystal Smith 9/5 fráköst, Eyrún Ösp Ottósdóttir 5, Jóhanna Rún Styrmisdóttir 4/6 fráköst, Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir 3

**KEFLAVÍK - SNÆFELL 71-64**
**Keflavík:** Jessica Ann Jenkins 21/4 fráköst, Ingunn Embla Kristínardóttir 12/7 fráköst, Pálína Gunnlaugsdóttir 12/4 fráköst/7 stoðsendingar, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 9/5 fráköst.

**Snæfell:** Hildur Sigurðardóttir 23/7 fráköst/5 stolnir, Kieraah Marlow 16/9 fráköst, Hildur Björg Kjartansdóttir 12/12 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 8/6 fráköst/6 stoðsendingar

**HAUKAR - FJÖLNIR 70-72**
**Haukar:** Siarre Evans 21/19 fráköst/7 stoðsendingar, Gunnhildur Gunnarsdóttir 19/7 fráköst, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 8/5 fráköst, Margrét Rósa Hálfdanardóttir 8/6 stoðsendingar.

**Fjölnir:** Britney Jones 25/4 fráköst/8 stoðsendingar, Bergdís Ragnarsdóttir 16/12 fráköst/6 stoðsendingar, Hrund Jóhannsdóttir 11/13 fráköst, Bergþóra Holton Tómasdóttir 6, Eyrún Líf Sigurðardóttir 5, Fanney Lind Guðmundsdóttir 4

**KR - NJARÐVÍK 68-57**
**KR:** Shannon McCallum 33/11 fráköst/6 stolnir, Helga Einarsdóttir 7/6 fráköst, Rannveig Ólafsdóttir 7, Björg Guðrún Einarsdóttir 6/4 fráköst, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 4.

**Njarðvík:** Lele Hardy 22/18 fráköst/6 stoðsendingar, Salbjörg Sævarsdóttir 14/10 fráköst, Eva Rós Guðmundsdóttir 9/5 fráköst, Erna Hákonardóttir 5, Svava Ósk Stefánsdóttir 3/4 fráköst

## MEISTARADEILD EVRÓPU

**FC BAYERN - ARSENAL 0-2**
0-1 Olivier Giroud (2.), 0-2 Laurent Koscielny (86.)

**Bayern** komst áfram samanlagt, 3-3.

**MALAGA - PORTO 2-0**
1-0 Isco (43.), 2-0 Roque Santa Cruz (49.)

**Malaga** komst áfram samanlagt, 2-1.

# Eiga að vera í formi

Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta tryggði sér níunda sætið í Algarve-bikarnum með sannfærandi 4-1 sigri á Ungverjalandi í lokaleik sínum í gær.

**FÓTBOLTI** Stelpurnar okkar náðu að rífa sig upp og enda Algarvemótið á flottum 4-1 sigri á Ungverjum í gær en liðið hafði áður tapað fyrir Bandaríkjunum (0-3), Svíþjóð (1-6) og Kína (0-1) í fyrri leikjum sínum á þessu sterka móti. Sara Björk Gunnarsdóttir, Rakel Hönnudóttir, Katrín Ómarsdóttir og Sandra María Jessen skoruðu mörk íslenska liðsins í gær en Sandra María hefur þar með skorað 3 mörk á aðeins 119 mínútum í íslenska landsliðsbúningnum.

„Það var rosa gott að hafa endað á sigri. Við bættum leik okkar aftur og vorum ánægð með það að enda þetta vel,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari.

„Ef ég geri upp mótið þá höfum við lært ýmislegt af þessu eins og það að okkur finnst undirbúningurinn vera of stuttur. Við komum hingað degi fyrir fyrsta leik á móti besta liði í heimi og það er ekki nóg að undirbúa sig bara í einn dag fyrir svoleiðis leik eftir að hafa ekki hist í fimm mánuði fram að því,“ segir Sigurður Ragnar.

### Lykilmenn í lélegu formi

Íslenska liðið tapaði fyrstu tveimur leikjunum með markatölunni 1-9. „Þegar ég gerði upp þessa fyrstu tvo leiki þá fannst mér liðið ekki í góðu formi og margir lykilmenn ekki í góðu spilformi,“ sagði Sigurður Ragnar.

„Við eigum alltaf að gera hlaupið, barist og verið í góðu formi. Mér fannst vanta upp á það hjá okkur á þessu móti en góðu fréttirnar eru kannski að við höfum fjóra mánuði til að bæta þann þátt,“ sagði Sigurður Ragnar sem sendir atvinnumönnum liðsins skýr skilaboð.

„Leikmennirnir hjá íslensku liðunum voru heilt yfir í betra formi en atvinnumennirnir okkar og það er áhyggjuefni. Einhverjar eru þó að koma til baka eftir meiðsli. Svo voru líka leikmenn sem mér fannst geta gert betur og hafa afsökunina að vera stíga upp úr meiðslum eða veikindum. Þær eiga bara að vera í betra formi og bera ábyrgð á því sjálfar,“ sagði Sigurður.

„Ég held að þær hafi lært heilmikið af þessu móti og við öll. Við náðum að þjappa okkur vel saman eftir fyrstu tvo leikina, áttum góða fundi og vorum staðráðin í að gera betur. Mér fannst þeim takast það í seinni tveimur leikjunum því það var mikil breyting til batnaðar í þeim leikjum. Síðasti leikurinn var fínn,“ sagði Sigurður Ragnar sem hrósaði sérstaklega Glódísi Perlu Viggósdóttur.

### Glódís Perla átti gott mót

„Glódís Perla átti mjög gott mót og spilaði þrjá heila leiki í hafsent. Hún verður átján ára á þessu ári og það var mjög jákvætt og ljós punktur,“ sagði Sigurður Ragnar.



**FÉKK HRÓS** Glódís Perla Viggósdóttir lék vel á Algarve-mótinu og fékk hrós frá þjálfaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Næst tökum við stutta ferð til Svíþjóðar og sjáum til hvort við náum eitthvað að bæta okkur. Þá erum við að spila við Svíþjóð á þeirra heimavelli sem verður mjög erfitt. Þá eiga okkar leikmenn að vera komnar í örlítið betra stand en það er líka samt stutt í þennan leik. Svo erum við óðum að nálgast mótið,“ sagði Sigurður Ragnar að lokum.

ooj@frettabladid.is



**STÓRT SKREF** Góður árangur Alfreðs hjá Volda vakti athygli stóru liðanna í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Gat ekki sleppt tækifærinu

**HANDBOLTI** Alfreð Örn Finnsson verður næsti þjálfari norska úrvalsdeildarfélagsins Storhamer en hann tekur við liðinu í sumar.

Alfreð, sem þjálfaði áður kvennalið Gróttu og ÍBV með góðum árangri, bætist þar með í hóp fjölmargra íslenskra þjálfara sem eru að þjálfa í bestu deildum heims því norska kvennadeildin telst ein sú sterkasta í heimi.

„Það kom mér á óvart að það var haft samband við mig. En svo tók þetta ekki langan tíma enda var þetta of gott tækifæri til að sleppa því,“ sagði Alfreð, sem hefur þjálfað Volda sem leikur í C-deildinni. Liðið hefur unnið alla 22 leiki sína í sínum riðli í deildinni í vetur.

„Alfreð er ekki þekkt nafn meðal þjálfara í Noregi en við erum þess fullvissir að hann sé rétti maðurinn fyrir okkur,“ sagði Erik Stensrud, framkvæmdastjóri Storhamar, við norska fjölmiðla.

- esá

**visir.is**

Ítarlegt viðtal við Alfreð má finna á íþróttavef Vísis.




# nettó

*Kræsingar & kostakjör*



# VERÐSPRENGJA!

## BLANDAÐ SÚPUKJÖT

# 599 KR/KG

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




# 100 KRÓNUR

Í mars renna 100 kr. af hverjum seldum pakka af Nicotinell beint til átaksins Mottumars.

Mundu að það eru bláu pakkarnir frá Nicotinell sem styrkja gott málefni.

NIC130102

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell

Nicotinell Fruit lyfjatyggigúmmí, inniheldur 2 eða 4 mg . nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Ekki má nota Nicotinell Fruit ef þú reykir ekki og ekki má reykja samhliða notkun Nicotinell Fruit. Ráðlagður skammtur fer eftir því hversu háð/-ur þú ert reykingum. Þú skalt nota Nicotinell Fruit 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring eða ef þér hefur ekki tekist að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Annars skaltu nota Nicotinell Fruit 2 mg ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggið hægt þar til finnst sterkt bragð, látið tyggigúmmíið hvíla á milli kinnar og tannholds, tyggið aftur þegar bragðið dofnar, endurtakið í um 30 mínútur. Ekki má kyngja lyfjatyggigúmmíinu. Í upphafi meðferðar skaltu venjulega nota eitt stk á 1 2 klst. fresti þegar þú finnur fyrir reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stk í á sólarhring. Þú mátt ekki nota fleiri en 25 af 2 mg eða meira en 15 af 4 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Lengd meðferðar er einstaklingsbundin en varir yfirleitt í a.m.k. 3 mánuði, þá skal draga úr fjölda stk. smám saman. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 stk á sólarhring og er ekki mælt með notkun lengur en í 1ár. Sumt reykingafólk gæti þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Leitaðu faglegrar ráðgjafar hjá lækni eða lyfjafræðingi ef þú getur ekki hætt að nota lyfið eftir eitt ár eða ef þér tekst ekki að fækka fjölda reyktra sígaretta eftir 6 vikur. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er tilbúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing áður en þú notar Nicotinell því ekki er víst þú megir nota lyfið ef þú hefur: ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefna lyfsins,fengið einhverja hjarta eða æðasjúkdóma, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi, með magasár eða gervitennur. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A.
Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ




# Hver endar hvar?

**Tvær síðustu umferðir Dominos-deildar karla í körfubolta fara fram á næstu fjórum dögum og þá ræðst hvaða lið komast í úrslitakeppnina og hvaða lið mætast þar. Auk þess mun koma í ljós hvaða tvö lið munu falla niður í 1. deild.**

**KÖRFUBOLTI** Úrslitakeppni körfuboltans nálgast óðum enda bara tvær umferðir eftir af deildarkeppninni. Það er samt langt frá því að vera ljóst hvaða lið mætast í átta liða úrslitunum og ýmislegt getur breyst á næstum 100 klukkutímum.

Það sem flækir málið talsvert við útreikningana er að innbyrðis viðureignir viðkomandi liða ráða sætaröðinni, verði þau jöfn, og það er líka allt eins líklegt að fleiri en tvö lið verði jöfn að stigum. Í slíkri stöðu verður til ný tafla eins og um lítið mót væri að ræða hjá viðkomandi liðum.

Það skiptir því mörg liðanna miklu máli hvaða lið verða jöfn þeim að stigum ætli þau að njóta góðs af sigrum úr innbyrðis leikjum.

Fréttablaðið hefur rýnt í stigatöfluna og úrslit vetrarins til þess að útskýra betur hvað er í raun undir í kvöld og á sunnudagskvöldið.

Grindvíkingar ættu þó að eiga deildarmeistaratitilinn vísan annað árið í röð enda með tveggja stiga forystu á Snæfell og með betri innbyrðis stöðu.

Það er mun meiri spennan í baráttunni um heimavallarréttinn í úrslitakeppninni en Þór, Stjarnan og Keflavík verða þar í eldlínunni. Snæfell verður hins vegar alltaf meðal fjögurra efstu liðanna þökk sé stigum og innbyrðis stöðu.

Njarðvíkingar hafa unnið fimm leiki í röð og gætu vissulega hækkað sig úr sjötta sætinu með sigri á Keflavík enda með betri innbyrðis stöðu gegn nágrönnunum. Keflvíkingar ættu að eiga auðveldari leik í lokaumferðinni. Njarðvík er líka með betri innbyrðis stöðu á móti Stjörnunni en Stjarnan er á miklu flugi og á líka leiki á móti neðstu liðunum. Barátta Njarðvíkinga er því fyrst og fremst við KR um sjötta sætið en þar nægir KR að jafna þá að stigum þar sem KR-ingar eru með betri innbyrðis stöðu.

Svo er það stóra spurningin hvort að það verði úrslitakeppni í Fjósinu í Borgarnesi eða í Síkinu á Króknum en bæði húsin eru þekkt fyrir frábæra stemmningu við slíkar aðstæður. Skallagrímur stendur betur í stigum en ekki í innbyrðis viðureignum. Hvorugt lið er alveg öruggt um sæti sitt í deildinni en bæði gætu endanlega tryggt sér sætið með hagstæðum úrslitum hjá sér eða í öðrum leikjum í kvöld.

Fjölnir, ÍR og KFÍ eru öll jöfn á botninum en Fjölnir nýtur góðs af innbyrðis móti þessarar þriggja liða eftir sigurinn mikilvæga á ÍR í síðustu umferð. Fjölnir á aftur á móti erfiðari leiki eftir en hin tvö liðin.

Hér til hliðar má sjá ítarlegra yfirlit um þessi fjögur baráttusvæði í lokaumferðum Dominos-deildar karla.

ooj@frettabladid.is

## Staðan í deildinni

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Grindavík | 20 | 16 | 4 | 1961-1743 | 32 |
| Snæfell | 20 | 15 | 5 | 1930-1738 | 30 |
| Þór Þ. | 20 | 14 | 6 | 1852-1715 | 28 |
| Stjarnan | 20 | 13 | 7 | 1886-1766 | 26 |
| Keflavík | 20 | 13 | 7 | 1840-1762 | 26 |
| Njarðvík | 20 | 11 | 9 | 1803-1721 | 22 |
| KR | 20 | 10 | 10 | 1718-1726 | 20 |
| Skallagrímur | 20 | 7 | 13 | 1610-1751 | 14 |
| Tindastóll | 20 | 6 | 14 | 1618-1729 | 12 |
| Fjölnir | 20 | 5 | 15 | 1661-1864 | 10 |
| ÍR | 20 | 5 | 15 | 1660-1808 | 10 |
| KFÍ | 20 | 5 | 15 | 1775-1991 | 10 |

**LEIKIR KVÖLDSINS:**

| | |
|---|---|
| Stjarnan-KFÍ | Grindavík-Fjölnir. |
| ÍR-Tindastóll | Njarðvík-Keflavík. |
| Þór Þ.-Snæfell | KR-Skallagrímur |

**LEIKIR SUNNUDAGSKVÖLDSINS:**

| | |
|---|---|
| Keflavík-ÍR | Tindastóll-Grindavík |
| Fjölnir-Stjarnan | KFÍ-KR |
| Skallagrímur-Þór Þ. | Snæfell-Njarðvík |

## Baráttan um deildarmeistaratitilinn

**(Grindavík 32, Snæfell 30, Þór 28)**



Grindvíkingar tryggja sér deildarmeistaratitilinn með næsta sigri hvernig sem aðrir leikir fara. Þeir hafa nefnilega betri innbyrðisstöðu á móti Snæfelli sem verður því að komast yfir þá á stigum. Þór nægir að jafna Grindavík en þarf hins vegar að vinna upp fjögurra stiga forskot. Grindvíkingar eiga leiki eftir við Fjölni og Tindastól sem þeir eiga að vinna.

## Baráttan um heimavallarréttinn

**(Þór 28, Stjarnan 26, Keflavík 26)**

Fjögur efstu sætin gefa heimavallarrétt í fyrstu umferð úrslitakeppninnar og þau tvö efstu heimavallarrétt í undanúrslitunum. Grindvíkingar eru öryggir með annað efstu tveggja sætanna og Snæfellingar verða alltaf í hópi fjögurra efstu vegna stöðu í innbyrðis viðureignum. Þrjú næstu félög, Þór, Stjarnan og Keflavík, berjast síðan um hin tvö sætin. Það gæti orðið flókinn útreikningur enda möguleiki á því að mörg lið verði jöfn. Stjörnumenn verða efstir verði öll þessi lið jöfn að stigum en þá munu Keflvíkingar reka lestina og missa af heimavallarréttinum. Keflvíkingar eru verri innbyrðis á móti bæði Þór og Stjörnunni en Stjarnan er síðan betri innbyrðis á móti Þór. Það getur því margt gerst í lokaumferðunum. Keflavíkurliðið þarf því að komast upp fyrir hin liðin á stigum ætli það að hækka sig í töflunni.

Verði Snæfell, Þór, Stjarnan og Keflavík öll jöfn að stigum, sem getur gerst, þá verður röðin væntanlega eins og hún er í dag nema að stórsigur Þórs á Snæfelli í kvöld gæti skilar Þórsurum upp fyrir Snæfell. Þór vann fimm stiga sigur í fyrri leiknum og verður því ofar en Snæfell með sigri verði aðeins þau lið jöfn. Snæfell er með betri innbyrðis stöðu á móti öllum þessum liðum nema Keflavík.



**MIKILVÆGUR Á LOKASPRETTINUM** Benjamin Smith þarf að spila vel ætli Þórsarar að halda stöðu sinni í 3. sætinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Baráttan um sæti í úrslitakeppninni

**(Skallagrímur 14, Tindastóll 12, Fjölnir 10, ÍR 10, KFÍ 10)**

Skallagrímur og Tindastóll berjast um tvö síðustu sætin inn í úrslitakeppnina þó að slakur árangur í innbyrðis viðureignum gegn neðstu liðunum gefi smá möguleika á kraftaverkastökki hjá liðunum þremur fyrir neðan. Það eru frekar reikningsmöguleikar en raunhæfir möguleikar. Lykilatriði hér er að Tindastóll verður ofar en Skallagrímur verði liðin jöfn. Stóri möguleikinn hjá Tindastól liggur í leiknum við ÍR í Seljaskóla í kvöld en svo gæti einnig farið að Stólarnir taki á móti nýkrýndum deildarmeisturum Grindavíkur í lokaumferðinni sem hefðu þá að engu að keppa. Skallagrímsmenn mæta í DHL-höllina í kvöld og taka á móti Þór í lokaumferðinni en þeir unnu fyrri leikinn í Þorlákshöfn. Hér er því mikil spenna og mikið í boði fyrir bæði lið.

## Baráttan um að sleppa við fall

**(Skallagrímur 14, Tindastóll 12, Fjölnir 10, ÍR 10, KFÍ 10)**



Fimm lið geta enn fallið úr deildinni en það þarf þó eitthvað óvænt að gerast til að Skallagrímur eða Tindastóll fari niður. Skallagrímur er með verri innbyrðis stöðu á móti þremur af fjórum liðum fyrir neðan sig (ekki Fjölni) og Tindastóll er verri innbyrðis á móti tveimur og hugsanlega þremur tapi liðið með meira en sex stigum á móti ÍR í kvöld. Mestar líkur eru þó á því að tvö af þremur neðstu liðunum fari niður. Fjölnir, ÍR og KFÍ eru öll með 10 stig en Grafarvogsbúar eru með besta árangurinn í innbyrðis móti liðanna. Fjölnir vann þrjá af fjórum leikjum sínum við hin tvö liðin og er líka betri innbyrðis á móti Tindastól.




Vnr. 74804108
EINHELL rafhlöðuskrúfvél.
**1.990kr.**




Vnr. 85540083
BYKO innimálning,
gljástig 10, ljósir litir, 10 l.
**6.990kr.**

10 LÍTRAR

HÁGÆÐA LYKTARLAUS
INNIMÁLNING SEM
ÞEKUR MJÖG VEL

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**

# LÁGT VERÐ
## – ALLA DAGA

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.




BYKO KLÚBBURINN TEKUR ÞÁTT Í
## MOTTUMARS
AF ÞVÍ TILEFNI RENNA 10% AF SÖLUANDVIRÐI
VARA Á KLÚBBTILBOÐI TIL KRABBAMEINSFÉLAGSINS.

BYKO KLÚBBURINN
**FÉLAGAR Í BYKO KLÚBBNUM NJÓTA SÉRTILBOÐA.**
**ÞAÐ MARGBORGAR SIG AÐ VERA MEÐ.**
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.BYKO.IS.



50 METRAR
Vnr. 54308844
Kapalkefli
50 m, svart.
KLÚBB verð **7.990kr.**
Almennt verð 15.990 kr.



Vnr. 38913500
Járnhillur með tréplötum
45x90x180 cm.
Hver hilla þolir 265 kg.
KLÚBB verð **6.990kr.**
Almennt verð 14.590 kr.



Vnr. 16004101/4-9
Skipadregill, til í nokkrum
litum, breidd 1 m.
6 LITIR
KLÚBB verð **1.790kr./lm**
Almennt verð 2.190 kr./lm



Vnr. 42376665
Trappa með
þremur þrepum.
KLÚBB verð **3.490kr.**
Almennt verð 4.990 kr.

## VÖRUR FRÁ EUROPRIS Í BYKO




10 KG
Vnr. 42331803
Hundafóður, 10 kg.
**2.590kr.**



Vnr. 42311540-51
SAILOR
gúmmístígvél.
**3.990kr.**




4 LÍTRAR
Vnr. 42301980
Rúðuvökvi, 4 l.
**589kr.**




4 KG
Vnr. 42303619
Hálkusalt, 4 kg.
**590kr.**

EINN KUBBUR DUGAR 2,5 KLST.
5 STK.




Vnr. 42308344
Brennikubbar, 5 stk.
**1.990kr.**
1 stk. 590 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 Sport kl. 17.50

**Evrópudeildin**

Bein útsending frá leik Internazionale og Tottenham í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar. Tottenham sigraði 3-0 í fyrri leik liðanna þar sem Gylfi Þór Sigurðsson skoraði eitt mark og lagði upp annað. Klukkan 20.00 hefst bein útsending frá leik Chelsea og Steaua Búkarest á Stöð 2 Sport og leik Newcastle United og Anji Makhachkala á Sport 3.

## Í KVÖLD



### I Hate My Teenage Daughter

**POPPTÍVÍ KL. 20.35** Vinkonunum Mackenzie og Sophie er boðið í partí með eldri nemendum úr skólanum í þætti kvöldsins. Annie er ekkert allt of hrifin af því að hleypa þeim í teitið og hefur sínar ástæður fyrir því.

TV.COM 7,1 IMDb 4,8



### XIII

**SKJÁR 1 KL. 23.05** Stuart Townsend er hér áfram í aðalhlutverki, sem hinn dularfulli XIII. Í þætti kvöldsins fær XIII tilboð sem hann getur ekki hafnað. Þó er sá hængur á að tilboðið kemur frá konu sem hann getur varla treyst.

TV.COM 8,6 IMDb 6,6



### Chicago Fire

**RÚV KL. 21.15** Innra eftirlitið er kallað til þegar kona sakar slökkviliðsmann um að stela demantshálsfesti af heimili sínu í miðjum eldsvoða. Joe Cruz leggur ýmislegt að veði til að ná bróður sínum út úr vandræðaklíku, Gabriela býður Matt á stefnumót og það hitnar í kolunum hjá Kelly og Renée.

TV.COM 7,5 IMDb 7,4

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Spjall um hugmyndir, gamlar og nýjar **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu: Leiksýning í Rósenborgargarði III **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Skaparinn **15.25** Rauði þráðurinn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.30** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Útvarpsperlur: Uppáhalds sultan mín **23.15** Girni, grúsk og gloríur **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.25 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.14 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.25 Múmínálfarnir**
**17.35 Lóa**
**17.50 Stundin okkar** *(e)*
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Melissa og Joey** *(6:15)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** Kokkurinn Hrefna Sætran rekur tvo af vinsælustu veitingastöðum Reykjavíkur. Hrefna hleypir okkur inní líf sitt og ræðir um atvinnureksturinn og fjölskyldulífið.
**20.45 Stephen Fry: Græjukarl – Fjör og leikir** *(4:6) (Stephen Fry: Gadget Man)* Stephen Fry deilir hér tækjadellu sinni með áhorfendum og fær fræga vini sína til að prófa með sér ýmsar nýjungar sem eiga að auðvelda fólki lífið.
**21.15 Neyðarvaktin** *(10:24) (Chicago Fire)* Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(1:24) (Criminal Minds VII)* Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Höllin** *(3:10) (Borgen)*
**00.05 Kastljós** *(e)*
**00.35 Fréttir**
**00.45 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**12.55 Jack and Jill vs. the World**
**14.20 Kalli á þakinu**
**15.35 Monte Carlo**
**17.25 Jack and Jill vs. the World**
**18.50 Kalli á þakinu**
**20.10 Monte Carlo**
**22.00 How to Lose Friends & Alienate People**
**23.50 The Goods: Live Hard, Sell Hard**
**01.15 Any Given Sunday**
**03.45 How to Lose Friends & Alienate People**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(11:25)*
**08.30 Ellen** *(116:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(103:175)*
**10.15 The F Word** *(9:9)*
**11.05 Smash** *(8:15)*
**11.50 Touch** *(2:12)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Better With You** *(19:22)*
**13.25 Ástríkur á Ólympíuleikunum**
**15.20 Harry's Law** *(7:12)*
**16.05 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(117:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(12:24)*
**19.40 The Middle** *(5:24)*
**20.05 The Amazing Race** *(12:12)* Skemmtileg þáttaröð þar sem keppendur flakka heimshornanna á milli og leysa úr ýmsum þrautum í von til þess að verða fyrst í mark.
**20.55 NCIS** *(14:24)* Áttunda þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta og fjallar um sérsveit lögreglumanna í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**21.40 Person of Interest** *(21:23)* Fyrrverandi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.
**22.25 Sons of Anarchy** *(2:13)* Önnur þáttaröðin um alræmdan mótorhjólaklúbb sem tekst á við ógnanir eiturlyfjasala, spilltra lögreglumanna og verktaka til að halda velli. Klúbburinn rekur löglegt verkstæði og felur sig á bak við fjölskyldugildi.
**23.15 Spaugstofan** *(17:22)*
**23.40 Mr Selfridge** *(1:10)*
**00.50 The Mentalist** *(15:22)*
**01.35 The Following**
**02.20 First Snow**
**04.00 Medium** *(2:13)*
**04.45 Touch** *(2:12)*
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir**
**13.15 Meistaradeild Evrópu:** Endursýndur leikur
**14.55 Þorsteinn J. og gestir**
**15.25 Meistaradeild Evrópu í handbolta: Medvedi - Kiel** BEINT
**17.05 Spænsku mörkin**
**17.50 Evrópudeildin: Internazionale - Tottenham** BEINT
**20.00 Evrópudeildin: Chelsea - Steaua** BEINT
**22.05 Evrópud.: Newcastle - Anji**
**23.45 Evrópudeildin: Internazionale - Tottenham**
**01.30 Formúla 1: Ástralía, Æfing 1** BEINT frá fyrstu æfingu ökuþóra fyrir fyrstu Formúlu 1 keppni ársins, sem fram fer í Ástralíu um helgina.
**05.30 Formúla 1: Ástralía, Æfing 2** BEINT frá annarri æfingu ökuþóra fyrir fyrstu Formúlu 1 keppni ársins sem fram fer í Ástralíu um helgina.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.40 Newcastle - Stoke**
**18.20 WBA - Swansea**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Premier League Review Show**
**21.25 Football League Show**
**21.55 QPR - Sunderland**
**23.35 WBA- Swansea**

## 2 krakkar

**07.00 Harry og Toto**
**07.10 Elías**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Svampur Sveinsson**
**08.25 Dóra könnuður**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Strumparnir**
**09.30 Skógardýrið Húgó**
**09.55 Histeria!**
**10.15 Ofurhundurinn Krypto**
**10.40 Ævintýri Tinna**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.05 Hundagengið**
**17.30 Leðurblökumaðurinn**
**17.55 iCarly** *(8:45)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(13.21)*
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(20:22)*
**19.00 Friends** *(14:24)*
**19.20 How I Met Your Mother** *(8:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(5:22)*
**20.10 Game Tíví**
**20.35 I Hate My Teenage Daughter** *(11:13)* Bandarísk gamansería um tvær vinkonur.
**21.00 FM 95BLÖ** Tækifæri á að sjá það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**21.20 The Carrie Diaries** Í þessum glænýju þáttum er fylgst með Carrie Bradshaw, sem áhorfendur þekkja úr þáttaröðinni Sex and the City.
**22.05 2+6** *(2:8)* Ögrandi, fræðandi og áhugaverður þáttur þar sem ungt fólk kynnir sér ýmsa þætti kynlífs á Íslandi.
**22.35 Eastwick** *(10:13)* Skemmtileg og spennandi þáttaröð um þrjár konur í bænum Eastwick.
**23.20 Game Tíví**
**23.45 I Hate My Teenage Daughter** *(11:13)*
**00.05 FM 95BLÖ**
**00.30 The Carrie Diaries**
**01.15 2+6** *(2:8)*
**01.40 Eastwick** *(10:13)*
**02.25 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## 2 GULL

**18.20 Doctors** *(155:175)*
**19.00 Ellen** *(117:170)*
**19.40 Strákarnir**
**20.15 Auglýsingahlé Simma og Jóa** *(1:9)*
**20.45 Fóstbræður** *(7:8)*
**21.15 Curb Your Enthusiasm** *(5:10)*
**21.45 The Drew Carey Show** *(2:22)*
**22.10 Frasier** *(13:24)*
**22.35 Strákarnir**
**23.05 Auglýsingahlé Simma og Jóa** *(1:9)*
**23.40 Fóstbræður** *(7:8)*
**00.10 Curb Your Enthusiasm** *(5:10)*
**00.40 The Drew Carey Show** *(2:22)*
**01.05 Frasier** *(13:24)*
**01.30 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.20 Kitchen Nightmares** *(6:13)*
**16.05 7th Heaven** *(10:23)*
**16.50 Dynasty** *(5:22)*
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Necessary Roughness** *(14:16)*
**19.05 Everybody Loves Raymond** *(15:24)*
**19.25 The Office** *(23:27)*
**19.50 Will & Grace** *(18:24)*
**20.15 Happy Endings** *(20:22)* Gamanþættir um skrautlegan vinahóp.
**20.40 An Idiot Abroad** *(3:8)* Karl Pilkington vill hvorki ferðast langt né lengi og líður illa á framandi slóðum.
**21.30 Hæ Gosi** *(7:8)* Þriðja þáttaröðin um bræðurna Börk og Víði sem ekkert þrá heitar en lífshamingjuna en svo virðist sem leiðin að henni sé þyrnum stráð.
**22.15 Vegas** *(8:21)* Vandaðir þættir með stórleikaranum Dennis Quaid í hlutverki lögreglustjóra í Las Vegas á sjöunda áratug síðustu aldar. Morð er framið en þegar vísbendingarnar hrannast upp og benda á herstöð í nágrenninu er ekki víst að hinn langi armur laganna nái þangað
**23.05 XIII** *(8:13)* Þættir byggðir á samnefndum myndasögum um mann sem þjáist af alvarlegu svefnleysi og á sér dularfulla fortíð.
**23.50 Law & Order UK** *(5:13)*
**00.40 Excused**
**01.05 Parks & Recreation** *(18:22)*
**01.30 The Firm** *(1:22)*
**02.20 Vegas** *(8:21)*
**03.10 XIII** *(8:13)*
**03.55 Happy Endings** *(20:22)*
**04.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.45** World Golf Championship **2013** *(4:4)* **11.45** Golfing World **12.35** World Golf Championship **2013** *(4:4)* **18.35** Inside the PGA Tour *(11:47)* **19.00** Tampa Bay Championship **2013** *(1:4)* **22.00** Ryder Cup Official Film **1997** **00.**15 ESPN America

## ÍNN

**20.00** Átthagaviska **21.00** Auðlindakista **21.30** Siggi Stormur og helgarveðrið

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


Continental
Hankook
NANKANG
Mastercraft JEPPADEKK

ER Í LAGI MEÐ BREMSURNAR?
VIÐ GETUM AÐSTOÐAÐ!

TILBOÐ Á BREMSUKLOSSASKIPTUM
EF VARAHLUTIR ERU KEYPTIR HJÁ SÓLNINGU
AÐEINS KR. 2.000



Smurþjónusta Smáviðgerðir Hjólastillingar Rúðuþurrkur Rúðuvökvi Rafgeymar
www.solning.is

SÓLNING Renndu við

SÓLNING NÚ Á 5 STÖÐUM
Smiðjuvegi ☎ 544 5000
Hjallhrauni ☎ 565 2121
Rauðhellu ☎ 568 2035
Njarðvík ☎ 421 1399
Selfossi ☎ 482 2722


20% afsláttur af kösturum
RAFVÖRU MARKAÐURINN
KASTARADAGAR
7.192
Verð áður 8.990
5.592
Verð áður 6.990
5.592
Verð áður 6.990
7.192
Verð áður 8.990
4.392
Verð áður 5.490
4.392
Verð áður 5.490
2.392
Verð áður 2.990
4.392
Verð áður 5.490
9.596
Verð áður 11.995
3.996
Verð áður 4.995
2.396
Verð áður 2.995
3.996
Verð áður 4.995
3.996
Verð áður 4.995
7.196
Verð áður 8.995
3.196
Verð áður 3.995
1.996
Verð áður 2.495
3.996
Verð áður 4.995
5.596
Verð áður 6.995
4.796
Verð áður 5.995
5.596
Verð áður 6.995
4.796
Verð áður 5.995
5.596
Verð áður 6.995
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

## DRYKKURINN



**„Það er græni drykkurinn hennar Sollu á Gló. Hann er svo ótrúlega hollur og orkugefandi.“**

Sigríður Eyþórsdóttir úr hljómsveitinni Sísí Ey.

# Tónleikarnir hluti af háskólanáminu

Marsibil, Bergþóra og Jóhann Páll skipuleggja tónleika til styrktar Geðhjálp á Kexi hosteli annað kvöld.

Hljómsveitirnar Robert the Roommate, Ylja og Ultra Mega Technobandið Stefán koma fram á styrktartónleikum fyrir Geðhjálp sem verða haldnir á Kexi hosteli á föstudaginn.

Skipuleggjendur eru Bergþóra Sveinsdóttir, Marsibil Björk Eiríksdóttir og Jóhann Páll Jónsson, nemar við Háskóla Íslands í tómstunda- og félagsmálafræði. Þau eru í faginu viðburðastjórnun og er eitt verkefnið að halda einhvers konar viðburð.

Geðhjálp völdu þau vegna þess að þar finnst þeim vera þarft og gott starf í gangi sem kemur öllum við, á beinan eða óbeinan hátt. Samtökin eru til húsa við Túngötu. „Það er búin að vera mikil umræða í gangi í samfélaginu um þetta málefni og það vantar fleiri úrræði fyrir fólk með geðraskanir,“ segir Bergþóra.

Henni líst vel á tónleikana á föstudaginn. Systir Bergþóru, Rósa Guðrún Sveinsdóttir, er einmitt söngkona í Robert the Roommate. „Ég held að þetta verði ótrúlega skemmtilegt og ég vona að sem flestir mæti. Þetta er mjög mikilvægt málefni.“

Miðaverð á tónleikana er 1.500 krónur og hefjast þeir stundvíslega kl. 20.30. - fb



**SKIPULEGGJA TÓNLEIKA** Frá vinstri: Jóhann Páll Jónsson, Marsibil Björk Eiríksdóttir og Bergþóra Sveinsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# Íslenska ullin heillar tískuheiminn

Hönnunartvíeykið Eley Kishimoto hefur endurhannað Selsham Víkur Prjónsdóttur og verður hann hluti af haustlínu breska tískuhússins.

„Hönnunarsafnið í London hafði samband við okkur fyrir um ári og vildi gera eitthvað með okkur. Þau þekktu Eley Kishimoto og þá kom upp sú hugmynd að fá þau til að endurhanna Selshaminn okkar, líkt og Henrik Vibskov hafði gert árið 2008. Fólkið hjá Hönnunarsafninu kom okkur saman og hjónin voru til í þetta, sem okkur þótti mikill heiður,“ segir Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir um samstarf Vík Prjónsdóttur og hönnunartvíeykisins Eley Kishimoto. Guðfinna rekur Vík ásamt Brynhildi Pálsdóttur og Þuríði Rós Sigurþórsdóttur, en fyrirtækið hannar einstakar vörur úr íslenskri ull.

Samstarfið við Eley Kishimoto hófst í sumar og verður endurhannaði Selshamurinn frumsýndur við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu í dag. Að sögn Guðfinnu fengu Eley Kishimoto algjörlega frjálsar hendur við endurhönnun hamsins. „Þau sáu alveg um þetta og okkur fannst mjög gaman að sjá útkomuna. Þau eru fræg fyrir munstrin sín og hafa unnið með þetta íkornamunstur áður. Það tók þó sinn tíma að velja réttu litina og tóna þá til í samstarfi við litunarmeistara Ístex. Það var langt en skemmtilegt ferli,“ segir hún.

Hamurinn verður hluti af nýrri haust- og vetrarlínu Eley Kishimoto og viðurkennir Guðfinna að það sé ómetanleg kynning fyrir Vík. „Þau eru vinsæl á Japansmarkaði þannig að þetta verður ágæt kynning fyrir okkur. Og auðvitað mikill heiður.“

Mark Eley og Wakako Kishimoto komu til landsins í gærkvöldi á vegum Hönnunarmars. Þau munu halda fyrirlestur í Þjóðleikhúsinu klukkan 14 í dag og eftir hann verður hamurinn frumsýndur. „Við höfum átt í díalóg með þeim síðustu mánuði en þetta verður í fyrsta sinn sem við hittum þau,“ segir Guðfinna og hlær.

Guðfinna, Brynhildur og Þuríður verða með sýningu á nýjustu vörum Víkur í Bókasal Þjóðmenningarhússins í dag. Þær munu einnig halda opinn málfund undir yfirskriftinni Ullin, iðnaðurinn og framtíðin á morgun.

sara@frettabladid.is



**GOTT SAMSTARF** Brynhildur, Þuríður og Guðfinna reka hönnunarfyrirtækið Vík Prjónsdóttur. MYND/ARI MAGG



MYND/ARI MAGG

## Þekkt fyrir skemmtileg munstur

Hjónin Mark Eley og Wakako Kishimoto stofnuðu hönnunarmerkið Eley Kishimoto í London árið 1992. Merkið er þekkt fyrir litrík og skemmtileg munstur og hjónin hafa til að mynda hannað línu fyrir sænska tískumerkið Weekday og breska skóframleiðandann Clarks. Árið 2008 gerðust Eley og Kishimoto aðalhönnuðir franska tískuhússins Cacharel.




# Vitnisburður um vinnualka

Páll Óskar Hjálmtýsson afhjúpar nýja heimasíðu, Palloskar.is, á föstudaginn.

„Þetta er að verða ógeðslega flott,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson um nýju heimasíðuna sína sem verður opnuð á föstudaginn.

Á Palloskar.is verður allur hans ferill rakinn í tímalínu sem hefst á fæðingarári hans, 1970. Hægt verður að hlusta ókeypis á öll lögin sem hann hefur sjálfur gefið út, auk þess sem óútgefin lög, sjaldheyrðar upptökur, tónlistarmyndbönd, ljósmyndir og blaðagreinar frá 22 ára ferli hans fá sinn sess.

„Þú getur valið þau lög sem þú vilt, ýtt á play-takkann og farið svo að ryksuga heima hjá þér,“ segir Páll Óskar. „Þessi heimasíða er eiginlega vitnisburður um vinnualka. Það hefur komið sjálfum mér á óvart hvað þetta er búin að vera rosalega mikil vinna í gegnum tíðina.“

Popparinn tekur fram að þetta sé ekki sölusíða og því verðihvorki hægt að kaupa lög, plötur né tónleikamiða á henni. Í staðinn ætlar hann að dekra við hina fjölmörgu aðdáendur sína með því að uppfæra hana reglulega og frumflytja þar ný lög eða tónlistarmyndbönd þegar sá gállinn er á honum. „Það eru nokkrar smáskífur í augsýn. Þetta er svolítið sem ég ætla að spila út smám saman,“ segir hann en vill ekki lofa nýrri plötu fyrir jólin enda brjálað að gera við tónleikahald.

Palli kann strákunum hjá Wedo, þeim Guðmundi Ragnari Einarssyni, Charles Christie og Orra Helgasyni, bestu þakkir fyrir að hanna fyrir sig Palloskar.is en sú vinna hefur staðið yfir í þrjá mánuði. Heimasíðan verður einmitt afhjúpuð í höfuðstöðvum Wedo. - fb



**OPNAR HEIMASÍÐU** Páll Óskar afhjúpar nýja heimasíðu, Palloskar.is, á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Í TILEFNI AF
HÖNNUNARMARS
2013
CINTAMANI KYNNIR
AW 13/14
Í VERSLUN OKKAR
BANKASTRÆTI 7
DAGANA 14.-17. MARS
KOMDU OG UPPLIFÐU LITAGLEÐINA MEÐ EIGIN AUGUM
CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS
OPNUNARTÍMI YFIR HÖNNUNARMARS
fim. 10-21 | fös - sun. 10-18
533 3390

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stjörnustríð

Fréttablaðið greindi frá því fyrir skemmstu að Mugison hefði tekið heiðurssæti á lista Bjartrar framtíðar í norðvesturkjördæmi fyrir komandi þingkosningar. Hægri grænir geta ekki verið minni menn og munu nú hafa sannfært kollega tónlistarmannsins, sjálfan **Gylfa Ægisson**, um að setjast í heiðurssætið í sama kjördæmi. Þá er téður Gylfi einnig höfundur höfuðbaráttusöngs Hægri grænna í kosningunum. Ekki er þó um að ræða lagið Stolt siglir fleyið mitt, eins og hefði átt vel við í hinum pólitíska ólgusjó sem framundan er, heldur varð klámvísan útsmogna Sjúddirarí rei fyrir valinu.



### Stöðva leiksýningar

Nóg er um að vera hjá leikkonunum **Þórunni Örnu Kristjánsdóttur** og **Brynhildi Guðjónsdóttur** þessa dagana. Báðar eru þær í danshópi á vegum Ernu Ómarsdóttur sem er á leiðinni á listahátíð í Brussel í maí. Verkið sem um ræðir nefnist H, an Incident, en æfingar á því hefjast í byrjun apríl í Brussel. Að þeim sökum þarf að hætta sýningum á verkinu Karma fyrir fugla hjá Þjóðleikhúsinu fyrr en áætlað var, í byrjun apríl. Þórunn Arna er þar í aðalhlutverki og hefur vakið athygli fyrir góða frammistöðu. Dagskrá Borgarleikhússins raskast einnig vegna þessa ferðalags, en hlé verður gert á sýningum sýningarinnar Gullregns frá lok mars fram í júní þar sem Brynhildur fer með hlutverk í því verki.

**- kg, áp**



## Mest lesið VÍSIR

1 Eigendur Lagarfljóts slegnir
2 Davíð mögulega laus gegn tryggingargjaldi
3 Bjuggumst við að krókna í myrkrinu
4 Er með Þjóðverjum í klefa sem útveguðu honum föt
5 Dómari lýsir yfir sakleysi fyrir hönd grunaðs bíómorðingja


GRÍPANDI OG ÁGENG
★★★★
Jyllands-Posten




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu






# Kringlukast

## JAKKAFÖT

40% AFSLÁTTUR

PETER VAN HOLLAND
FINUCCI collezione
VAN KOLLEM MADISON PARK • NY

VERÐ ÁÐUR KR. ~~59.980~~ & KR. ~~69.980~~
VERÐ NÚ KR. 35.988 & KR. 41.988

## PEYSUR

40% AFSLÁTTUR

FINUCCI collezione

VERÐ ÁÐUR KR. ~~14.980~~
VERÐ NÚ KR. 8.988

## SKYRTUR

2 fyrir eina

FINUCCI collezione

VERÐ ÁÐUR KR. ~~29.960~~
VERÐ NÚ KR. 14.980



ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

Kringlunni sími 552 2201

25% afsláttur af völdum vörum!

molo · TICKET TO HEAVEN · hummel · bisgaard · Creamie